

# Sigldu saman út í opinn dauðann á Faxaflóa

Efnilegt skáld og vinur hans



# MENNTUÐU SIG EKKI EN MEIKUÐU ÞAÐ SAMT

1. FEBRÚAR 2019 / 5. TBL. 109. ÁRG. / VERÐ 995 KR.

# DRÖM



# SUNDUR OG SAMAN



**Kristín Pétursdóttir**

# Leikkonan sem snappar



# ENGINN BINDINDISMAÐUR

Snýr aftur með nýja sýn

Ragnar Jón:

„Ég er ekki sjúklingur“



# GAMLA REYKJAVÍK

Lífseigur atvinnurekstur



# SVONA BÝR TÍSKUELÍTAN



Margar gerðir af FARANGURSBOXUM

Dráttarbeisli undir flestar tegundir bíla



Hyrjarhöfða 8 - vikurvagnar.is - Sími 577 1090



# Aldrei að skafa! Með Webasto bílahitara



Þú hitar bílinn með fjarstýringu og nýtur þannig þæginda og öryggis

Webasto Feel the Drive

Bílasmiðurinn hf. Bíldshöfða 16 - 110 Reykjavík - sími 5672330 - www.bilasmiðurinn.is - bilasmiðurinn@bilasmiðurinn.is





### Síðustu orðin

„Það er veggfóðrið eða ég, annað hvort verður að fara.“

– Írski rithöfundurinn Oscar Wilde (1854–1900)

### Á þessum degi, 1. febrúar



1835 – Þrælahlæði er kastað fyrir róða á eyrni Máritíus.



1896 – Óperan La bohème er frumsýnd í Torínó, undir stjórn Arturo Toscanini.



1964 – The Beatles kemst í fyrsta skipti á topp vinsældalista í Bandaríkjunum, með laginu I Want To Hold Your Hand.




1979 – Írskur höfuðklerkurinn Ruhollah Khomeini kemur til Teheran eftir tæplega fimmtán ára útlégð.



2009 – Fyrsta ríkisstjórn Jóhannu Sigurðardóttur er mynduð. Hún verður forsætisráðherra fyrst íslenskra kvenna og fyrsti opinberlega samkynhneigði stjórnarleiðtogi á heimsvísu.

# Selma slær sér upp

Leikstjórinn og tónlistarkonan Selma Björnsdóttir er byrjuð að slá sér upp með Kolbeini Tuma Daðasyni, fréttastjóra Vísir.is. Turtildúfurnar hafa farið á nokkur stefnumót saman en fara sér að engu óðslega. Á dögnum var Selma í hlutverki veislustjóra á þorrablóti Stjórnunnar og sló í gegn eins og endranær með dansi og söng. Nýi kærastinn mætti að sjálfsögðu á gleðina og dáðist að drottningunni á sviði.



# Inga Lind og Árni Haukur skilín

Heyrst hefur að Inga Lind Karlsdóttir fjölmiðlakona og Árni Hauksson fjárfestir séu skilín að skiptum.

Inga Lind býr í einbýlishúsi þeirra í Mávanesi í Garðabæ, en þau fluttu í húsið árið 2012. Árni býr hins vegar í Fossvogi.

Húsið í Mávanesi er 800 fermetra hús sem þau byggðu eftir að hafa rífið húsið sem stóð þar fyrir. Húsið stendur á sjávarlóð og þykir sérstaklega fallega hannað og þá sérstaklega séð úr fjörunni.



Inga og Árni hafa verið saman í um tvo áratugi, þau eiga saman fjögur börn, en Árni átti eina dóttur fyrir.

# Heiða hætt á Stundinni

Heiða B. Heiðars, auglýsingastjóri Stundarinnar, hefur lokið störfum á miðlinum sem hún hjálpaði til við að stofna. Heiða hóf störf á auglýsingadeild DV árið 2010 og tók síðan þátt í stofnun Stundarinnar í janúar 2015. Aðspurð hvað tæki við sagði Heiða: „Núna er ég að horfa á Netflix, svo sé ég til.“



# Orðið á götunni Birgir leiðir grasrótina gegn Bergþóri og Gunnari Braga

Birgir Þórarinnsson, þingmaður Miðflokksins, vakti athygli á Alþingi í vikunni þegar hann steig í pontu með skilti sem á stóð „Not in My Parliament“ eða „Ekki á mínu þingi.“ Auk þess hélt hann kröftuga ræðu um mikilvægi þess að karla á þingi stæðu með samstarfskonum sínum og útrýmdu kynferðisofbeldi gegn þeim. Tók þingheimur undir þessi skilaboð.

Skiltið er liður í átaki Evrópuráðsins gegn kynbundnu ofbeldi á þjóðþingum álfunnar og Birgir vildi koma þeim skilaboðum áleiðis til Íslands. Birgir tók sæti Bergþórs Ólasonar í Evrópuráðinu á meðan hinn síðarnefndi fór

í leyfi vegna Klaustursummæla sinna. Hefði mörgum þótt það undarlegt að sjá Bergþór flytja þennan boðskap heim ef hann hefði setið fundinn, í ljósi undangenginna atburða, og lítt trúanlegt. Þá sérstaklega gróf og kynferðislega hlaðin orð hans um Lilju Dögg Alfreðsdóttur menntamálaráðherra.

Engum dylst að skilaboð Birgis voru innileg en einnig skýr merki um að stór hluti flokksmanna vill sjá breytingar innan flokksstarfsins með lýðræðislegum hætti. Ef þessar breytingar gangi ekki í gegn gæti sá hluti misst áhugann og yfirgefið flokkinn fyrir fullt og allt. Yrði það sérlega blóðugt í því

uppbyggingarstarfi sem flokkurinn er í. Að sögn þess Miðflokksfólks sem DV hefur rætt við kom endurkoma Bergþórs og Gunnars Braga Sveinssonar á Alþingi því jafn mikið á óvart og öllum öðrum.

Birgir hefur lýst því yfir að hann vilji að boðað verði til flokksráðsfundar þar sem staðan eftir Klaustur verður metin. Telur hann ekki rétt að Bergþór og Gunnar Bragi geti gengið að stöðum sínum vísum. Birgir hefur markað sér stöðu sem tals-



Birgir Þórarinnsson Skýr krafa um breytingar.

maður grasrótar flokksins og er einnig vinsæll utan hans. Er því mikil vigt í orðum hans.

# 5 exótískir hlutir sem vantar í borgina

DV fagnar þeim fyrirætluðum Reykjavíkurborgar að auðga flóru Íslands með því að flytja suðræna pálma til landsins. Munu þeir einnig standa um aldur og ævi sem minnisvarði um valdatíð faraóans Dagutkhamun B. Eggertshotep sem færði okkur smá exótík í gráan hversdagsleikann. Hér eru fimm aðrar rándýrar hugmyndir sem borgarstjórn ætti að raungera.

### Krókódilar í Reykjavíkurtjörn

Húsvíkingar vildu flytja inn krókóðila fyrir tuttugu árum en voru stöðvaðir af ráðherra. Nú er öldin önnur og tilvalið að reyna aftur. Tjarnarpollurinn fyrir framan Ráðhúsið yrði fyrirtaks laug fyrir nokkra Nílarkrókóðila.



### Sfinx í Nauthólsvík

Hvítir sandar eru þegar til staðar á ylrtröndinni í Nauthólsvík. Staðinn skortir átakanlega snefil af mikilfengleik og einn sfinx yrði lausn á því. Nokkur hundruð tonn af kalksteini ættu ekki að vera of stór biti fyrir borgarsjóð.

### Grafarvogsmúrinn

Grafarvogsbúar hafa um nokkurt skeið viðráð hugmyndir um sjálfstæði og myndu taka hugmyndinni um múr fagnandi. Yrði Grafarvogur þá sjálfstjórnarhérað en áfram skattland borgarinnar. Ekki væri bjóðandi að byggja múrinn úr íslenskri steypu. Sérpanta þyrfti steina úr Kinamúrnum, Berlínarmúrnum og Grátmúrnum.




### Pöndur í Húsdýragarðinn


Forveri borgarstjóra lofaði ísbjörnum í Húsdýragarðinn en það var hvergi næri nógu háleit hugmynd. Allir helstu dýragarðar heimsins státa af risapöndum. Semja þyrfti sérstaklega við kínversku ríkisstjórnina um að fá nokkra bangsa og hugsanlega gefa eftir skika af borgarlandi í staðinn.

### Húðflúrlistasafn í Geldinganesi

Það er með öllu ótækt að fólk taki þessi glæsilegu listaverk með sér í gröfina. Því verði sett á stofn húðflúrlistasafn á Geldinganesi þar sem flúradir einstaklingar verða húðflettir eftir andlátid og þannig gerdir ódauðlegir.








Allt að sjötíu prósentu  
afsláttur af sýningarvörum

**Í DAG, Á MORGUN LAUGARDAG  
OG SUNNUDAG, 1. TIL 3. FEBRÚAR**

HANS J. WEGNER,  
ARNE JACOBSEN,  
BORGE MOGENSSEN,  
PHILIPPE STARCK,  
ERIK MAGNUSSEN, OFL.

Skeifan 6 / 5687733 / [www.epal.is](http://www.epal.is)





## Hver er hún



■ Söngkona sem var í hljómsveitunum Orgill, Sweetý og 17 vélar

■ Fædd árið 1972 og ólst upp í Breiðholti

■ Bjó um tíma í Chile

■ Systir hennar er formaður borgarráðs


■ Söng fyrir Íslands hönd í Eurovision árið 2010

SVAR: HERA BLÖK ÞÓRHALLSÐÓTTIR

## Það er staðreynd að...



Á öllu landinu eru 1621 fiskiskip. Flest á Vestfjörðum (394) og fæst á Suðurlandi (74).



Krabbamein er algengasta dánarorsök Íslendinga, bæði karla og kvenna.



Fyrsta íslenska hljómplatan kom út árið 1910. Það voru Dalsvísur eftir Jónas Hallgrímsson, sungnar af Péttri Á. Jónssyni.



Börn fæðast með 300 bein en fullorðnir eru með 206. Sum bein vaxa saman.



Ein mörgæsategund lifir norðan við miðbaug, á Galapagoseyjum.

# „Ég þarf að flýja mitt bæjarfélag til þess að fá einhvern stuðning“

Þrjú listaverk, sem Odee gaf sveitarfélagi sínu Fjallabyggð, virðast týnd

Björn Þorfinnsson  
bjornth@dv.is



Listamaðurinn Oddur Eysteinn Friðriksson, betur þekktur sem Odee, hefur staðið í stappi við sveitarfélagið sitt, Fjallabyggð, vegna listaverkagjafa sinna undanfarin ár. Hann gaf Fjallabyggð stórt útilistaverk árið 2015, að andvirði 2,5 milljóna króna. Sveitarfélagið tók sér tvö ár til að fhuga málið, en að lokum var gjöfinni hafnað vegna um 600 þúsunda króna kostnaðar við að setja verkið upp. Um mitt ár 2016 gaf listamaðurinn Fjallabyggð síðan þrjú verk eftir sig sem hann vonaðist til að yrðu sett upp á menningarlegum stöðum í sveitarfélaginu. Af því varð ekki, en nú virðast verkin einfaldlega týnd og það er listamaðurinn ósáttur við.

### Týndu þremur verkum

Umræða um list í almenningsrými hefur verið hávær undanfarna daga. Ekki síst í kjölfar fréttu um að Reykjavíkurborg hygðist verja um 140 milljónum króna í að lifga upp á nýtt hverfi, Vogabyggð, með exótískum pálmatrjám í glerhjúpum. Þá greindi Fréttablaðið frá því í vikunni að um 544,6 milljónum króna verði varið í listskreytingar nýbygginga Landspítalans á Hringbraut á næstu árum. Það er um 1% af heildarbyggingarkostnaði. Staðan er öðruvísi í Fjallabyggð þar sem einn þekktasti núlifandi listamaður svæðisins, Odee, telur bæjaryfirvöld ekki hafa neinn áhuga á að styðja listamenn sína.

„Mér finnst þetta fyrst og fremst sorglegt. Að mínu mati er mikilvægt að sveitarfélög, og þá sérstaklega minni sveitarfélög úti á landi, geri listamönnum sínum hátt undir höfði. Ég hef því gefið Fjallabyggð nokkur verk eftir mig á undanförunum árum en upplifað algjört áhugaleysi. Eitt verk var afþakkað og núna virðist sem

Verk sem Odee sérhannaði fyrir Fjallabyggð.



bærinn hafi týnt öðrum þremur verkum eftir mig,” segir Oddur í samtali við DV.

Eins og áður segir var fyrsta verkið útilistaverk sem listamaðurinn sá fyrir sér að mynda prýða sundlaug bæjarins. „Það velkist um í nefnd í tvö ár. Það fór mikill tími að búa til faglegt regluverk um opinber innkaup á listaverkum. Það lagði víst línurnar í þessum efnunum á landsvísu og ég er nokkuð hreykinn af því,” segir Oddur og hlær. Niðurstaðan var sú að bæjarfélagið afþakkaði gjöfina og vakti sú ákvörðun undrun víða.

Þetta var ekki eina verkið sem Oddur hefur reynt að gefa bænum. Í nóvember 2015 sendi hann þáverandi bæjarstjóra Fjallabyggðar, Páli Björgvini Guðmundssyni, tölvupóst og bauðst til að gefa honum tveggja metra listaverk án skilyrða. Erindinu var aldrei svarað en fjórum mánuðum síðar mætti Oddur á bæjarskrifstofuna og afhenti bænum þrjú listaverk að gjöf. Eitt sem var sérhannað fyrir bæjarfélagið. Nú tæplega þremur árum síðar virðast verkin vera týnd.

### Þarf að flýja í önnur bæjarfélög

„Það virðist enginn vita hvar þetta er niðrurkomið. Mér finnst þetta

Eitt þeirra verka sem Odee gaf Fjallabyggð



sorglegt viðmót til listsköpunar í heimabyggð. Það er ekki um auðugan garð að gresja í þeim efnunum hér fyrir austan og því langaði mig til þess að gefa þessi verk til þess að gefa þessi verk til þess að hvetja aðra listamenn til dáða. Að þeir sæju að eitthvað væri í gangi og það væru möguleikar til staðar til þess að leggja þetta fyrir sig,” segir Oddur.

Hann segist fá mun meiri stuðning frá öðrum sveitarfélögum

en sínu eigin. „Ég hef fengið boð um ókeypis vinnustofur og sýningarrými hjá öðrum sveitarfélögum. Þá var ég nýlega ráðinn til vinnu í nágrannasveitarfélaginu, Fljótsdalshéraði, til að sjá um samfélagsmiðla og ýmsa viðburði í menningarhúsi sveitarfélagsins. Ég þarf að flýja mitt bæjarfélag til þess að fá einhvern stuðning,” segir Oddur. ■

# Hingað og ekki lengra, Eurovision!

## Svarthöfði

Einn eitt árið brestur á „Júrómánía“ hjá landanum litla. Sem fyrr þykir Svarthöfða þetta afar miður. Eina ferðina enn sækjast Íslendingar eftir viðurkenningu frá nágrönnum okkar með sjálfumgleðina í fyrirrúmi og senda út nýtt flórskyrað gól sem þykist sverja sig í ætt við tónlist. En þessi hamfarahljóð dægurmennningar eru hægt og bitandi að kæfa innri víkinginn í okkur öllum.

Svarthöfði skal þó ekki neita því að hann kann ágætlega við glingur og yfirdrifinn lúðaleik á sviði. En ranghugmyndir um merkilegheit þessarar keppni, í bland við kosningaklíkurnar sem oft halda gæðum gefinna laga undir frostmarki, eru með eindæmum þreytandi.

Hver ætti ávinningurinn að vera ef við ynum Eurovision? Við erum að drukkna í ferðamönnum hvort

sem er og því vandséð að vænlegt sé að brenna peningum í poppandi landkynningu á Evrópuvísu. Ísland er eins og ofdekrúð millistéttarprinsessa sem þráir bleikan smáhest ofar öllu, gjörsamlega ómeðvitund um hvað skal gera þegar hún eignast kvikindið. Það hvergi pláss til að þess að hýsa hestinn.

Sigurviman og hátíðarhöldin sem myndu bresta á ef Ísland ynni keppnina valda Svarthöfða kvíða. Þá fyrst myndu nágrannar okkar og aðrir Evrópubúar sjá hversu lítill við erum – og enn verra, hversu lítill við erum í okkur.

Eurovision er spillt og yfirborðskennd hæfileikakeppni þar sem atriðin eru oft á tíðum klisjukennend og dansa á vandræðalegri línu staðalímynda og jafnvel rasisma. Þegar þannig stendur á reynir síðan keppnin að leggja talsvert upp úr pólitískum skilaboðum og vitundarvakningu gagnvart mann-



réttindabrotum. Það er fullkomin hræsnir og alveg úr takti við leikvöll og tilgang þessa sjónvarpssefnis.

Það er Svarthöfða einfaldlega um megn að flýja raunveruleikann og taka á móti gervihljómum, þaulæfðum danssporunum og sparibrossum þær uppsöfnuðu klukkustundir sem Evrópa „sameinast“ í þágu gamans.

Það hljóta að vera betri leiðir til að sameina fagnaðarþörf og veruleikaflotta æstra Evrópubúa, eins og alþjóðlegt, meinfyndið og

rammpólitískt uppistand eða kettlingasýningar. Svarthöfði myndi með ánægju taka sér tíma frá vangaveltum um framtíð sinnar ættar og valdapyramída Helstirnins og henda nokkrum atkvæðum í krúttlegar og tilgerðarlausar kisur. Auk þess væri þátttaka og ut- anumhald ódýrara, þannig að Ísland kæmist fjær þeirri hugsun að brenna þessum árlegu peningum í eintóma meðalmennsku vegna froðukenndrar sýndarmennsku. ■





**GULLAUGAÐ Í UMHVERFISVÆNUM  
UMBUDUM FRÁ 1000 ÁRA SVEITAPORP  
HEFUR NOTIÐ MIKILLAR HYLLI Á ÍSLANDI,  
EINKUM VEGNA BRAGÐSINS.**





# UM 11 ÞÚSUND ÍSLENDINGAR HAFNA BREYTT NAFNI SÍNU UNDAFARIN FJÖGUR ÁR

Björn Þorfinnsson  
bjornth@dv.is



Alls hafa 11.440 Íslendingar breytt nafni sínu undanfarin fjögur ár. Langalgengast er að kenninafni sé breytt en breytingarnar þurfa að uppfylla ákveðin skilyrði í samræmi við lög um mannanöfn. Íslendingar geta þó breytt eigin- og millinafni sínu eins og þá lystir, að því gefnu að nafnið sé samþykkt af mannanafnanefnd. Leggja þarf fram ástæðu fyrir beiðninni en Þjóðskrá Ísland telur að stofnuninni sé ekki heimilt að hafna beiðni um nafnbreytingu sama hvaða ástæða er lögð til grundvallar beiðninni.

DV óskaði eftir upplýsingum frá Þjóðskrá Íslands um fjölda nafnbreytinga sem gengið hafa í gegn sem og upplýsingum um hvaða reglur giltu varðandi nafnbreytingar. Í svari frá stofnuninni kemur fram að alls hafi 11.440 slíkar beiðni gengið í gegn undanfarin fjögur ár og þar eru kenninafnsbreytingar í yfirgnæfandi meirihluta. Alls hafa 10.360 Íslendingar breytt kenninafni sínu á þessum fjórum árum. Millinafnbreytingar voru 2.243 talsins, eiginafnsbreytingar

1.123 og aðrar nafnbreytingar 1.192

Ákveðin skilyrði eru fyrir því hvaða kenninöfn Íslendingar geta borið. Þannig má kenna aðeins kenna sig við móður eða föður eða báða foreldra. Ef viðkomandi hefur rétt til þess að bera ættarnafn þá má taka það upp, eitt og sér eða því til viðbótar að kenna sig við föður og/eða móður. Sem dæmi mætti Jón Arason, sonur Guðrúnar Smith og Ara Jónssonar, taka upp eftirfarandi breytingar á kenninafni sínu: Jón Guðrúnarson, Jón Smith, Jón Guðrúnar- og Arason. Ef einstaklingur vill taka upp annað kenninafn en framangreind þarf hann að tilgreina gildar ástæður fyrir því. Dæmi um slíkar ástæður gætu verið að núverandi kenninafn sé mjög fátítt, að það sé tengt þekktum afbrotamanni í hugum almennings og að það sé klaufalegt eða niðrandi.

Algengasta kenninafnsbreytingin er sú að kenning móður verði til föður. Næstalgengast er að ættarnafn sé tekið upp í karlegg, og síðan kenning til foreldris að viðbættu ættarnafni. Fjórða algengasta kenninafnsbreyting er sú að að erlendur ríkisborgari taki upp ættarnafn erlends maka og sú fimmta er að kenning til föður verði til móður. ■



Beiðnir um nafnbreytingar frá árinu 2015

Ár	2018	2017	2016	2015
Eiginafnsbreytingar	320	279	258	266
Kenninafnsbreytingar*	1771	1707	1710	1694
Millinafnsbreytingar	309	557	699	678
Aðrar nafnbreytingar	221	310	325	336
<b>Samtals</b>	<b>2621</b>	<b>2853</b>	<b>2992</b>	<b>2974</b>

## ÞJÓÐHAGSLEGA HAGKVÆMUR ÞJÓFNAÐUR

Auður Ösp Guðmundsdóttir  
audur@dv.is



Sveinbjörn Jónsson lífeyrisþegi og eiginkona hans, Elín Bergsdóttir, urðu fyrir óskemmtilegri reynslu í desember síðastliðnum þegar óprúttinn þjófur braust inn á hótélherbergi þeirra í Kaupmannahöfn og hafði á brott með sér dágóða peningaupphæð. Tjónið fæst ekki bætt og af þeim sökum þarf Sveinbjörn vinna sér inn upphæðina og meira til, til þess

að komast hjá skerðingu á lífeyristekjum.

### Vöknudú með þjóf inni í hótélherberginu

Að sögn Sveinbjarnar átti þjófnaðurinn sér stað í byrjun desember þegar þau hjónin gistu á Grand Hotel Copenhagen. Eldsnemma að morgni vöknudú þau við að ókunnugur maður var staddur inni í herberginu og var hann að gramsa í farangrinum. Þjófurinn lagði á flóttu. „Þegar hurðinni var ýtt að stöfum leit út eins og hún

væri vel lokuð en svo var ekki,“ segir Sveinbjörn en þjófurinn náði að hafa á brott með sér tæpar 50 þúsund íslenskar krónur. Tjónið fé þau ekki bætt.

„Okkur var vísað á lögregluna og gáfum skýrslu þar, en þar sem mér láðist að gera ráðstafanir vegna kviklæsingar hurðarinnar var mér tjáð að tjónið félli á mig.“ Sveinbjörn hefur þegið lífeyri undanfarin ár og unnið hlutastarf samhliða því. Þegar vinnulaun hans ná yfir frítekjumark atvinnutekna þá skerðir það lífeyri hans frá almanna-

tryggingum. „Þess vegna og af heilsufarsástæðum hafði ég ákveðið að vinna eingöngu upp að viðkomandi þaki á þessu og næsta ári. En nú verð ég að auka ráðstöfunartekjur mínar um þær 50 þúsund krónur sem þjófurinn tók,“ segir Sveinbjörn jafnframt, en hann gerir ráð fyrir að þurfa að vinna sér inn að minnsta kosti þrefalda þá upphæð sem um ræðir. Hann bendir á að íslenska ríkið fái þannig

minnst tvöfalda þá upphæð sem þjófurinn hafði upp úr krafsinu.

„Það var ekki fyrr en ég kom heim sem ég gerði mér grein fyrir hversu þjóðhagslega hagkvæmur þessi fingralangi Kaupmannahafnarbúi er fyrir ríkissjóð Íslands. Ef ríkið tekur sér rétt til að skerða auk skattlagningar merkir það í mínum huga að þeir hafi ekki aðeins þjóðnýtt allan uppsafnaðan lífeyri upp að ákveðnum grunni heldur hafi þeir jafnframt skuldfært alla þá sem ekki ná að safna upp í viðkomandi grunnlífeyri yfir starfsævina,“ segir Sveinbjörn. ■

## Við erum í þínu hverfi

gæludýr.is



Sveinbjörn Jónsson





# KUBBALJÓS

Íslensk framleiðsla – gæði í gegn  
margir litir – margar gerðir



Veggljós



Loftljós



Útiljós

**15%** afsláttur af ljósum í febrúar





# Ofkeyrði sig en vill snúa aftur

■ Geir Þorsteinsson kynntist drykkjumenningu í knattspyrnunni  
 ■ Illa staðið að ráðningu landsliðspjálfarans



Kristjón Kormákur Guðjónsson  
 kristjon@dv.is



Geir Þorsteinsson hefur boðið sig fram á nýjan leik til formanns KSÍ og þar með skorad Guðna Bergsson, núverandi formann, á hólmi. Kom þetta mörgum á óvart en Geir hætti fyrir aðeins tveimur árum. DV ræddi við Geir um ferilinn, sýn hans á fótboltann, drykkjumenninguna og óvænt hliðarspor í stjórnmálum.

## Meiddist og fór ungur í stjórn

Geir er Vesturbæingur í húð og há. Hann óx úr grasi í Vesturbænum og lék sér þar í fótbolta frá unga aldri og var fastagestur á Framnesvöllinum þar sem núna er búið að byggja mikinn skóla, Vesturbæjarskóla. Þetta var Mekka knattspyrnunna í Vesturbænum. Þegar hann fór að reka eigin heimili fluttist hann út á Seltjarnarnes, en í dag býr hann á Kársnesinu í Kópavogi.

## Spilaðir þú fótbolta sjálfur?

„Já, ég var nú dálítið seinn að yfirgefa Framnesvöllinn til þess að fara niður í KR og pabbi minn var gallharður Valsari, alveg eittharður, og vildi að ég færi í Val. Ég fór á einhverjar æfingar þar en það endaði með því að ég fór með félagnum í KR. Ég byrjaði seinna en margir, eitthvað um ellefu ára að mig minnir, en margir byrja sex eða sjö ára,“ segir Geir og bætir við sem hélt til í KR þar til hann byrjaði ungur að árum að vinna fyrir KSÍ.

## Hvernig atvikaðist það?

„Ég æfði í yngri flokkunum og gekk ágætlega í fótboltanum og var alltaf fyrirliði í B-liðinu. Svo báðu þeir mig að fara að dæma þegar ég var ungur, þá ekki nema sextán ára, ég tók þá dómaraþróf. Það vantar alltaf einhvern til að hjálpa félaginu að dæma alla þessa leiki. Hálfu ári seinna báðu þeir mig að þjálf, en ég mætti nú ekki á fyrstu æfinguna. Ég hélt þeir væru að grínast í mér,“ segir Geir og hlær. Geir var þá að þjálf krakka í sjötta flokki.

Ekki leið á löngu þar til Geir fór að skipta sér að knattspyrnumálum í Reykjavík og niðurröðun leikja, aðeins átján eða níttján ára. Það fór svo að hann var beðinn að sjá alfarid um niðurröðun á leikjum.

„Svo fékk ég alltaf meira og meira að gera hjá KR, var settur í pappírana og fékk þau skilaboð að framtíð mín væri ekki á vellinum,“ segir Geir og glottir. „Ég varð svo framkvæmdarstjóri KR og stjórnarmaður um miðjan þrítugsaldur.“

*Dreymdi þig um að verða atvinnumaður?*

„Ég segi oft að það sem er skemmtilegast við fótbolta er að spila leikinn. Og ég hélt því alveg áfram, en eftir tvær minniháttar aðgerðir á vinstra hné þá sagði læknerinn: „Ef þú heldur áfram þá þarf að gera stóraðgerð, þannig að þú verður að hætta að sparka í bolta.“ Mat læknerinn það svo að hnéd hefði gefið sig eftir ótal æfingar þar sem hann var að þjálf og endurtekið að spyrna boltanum til krakka. Geir var við þjálfun í um tíu ár.

Bætir Geir við að þessi tími, þegar hann þjálfði yngri flokka, hafi verið sá ánægjulegasti á ferlinum, einstaklega gefandi og skemmtilegur. Dómaraflautuna lagði hann á hilluna eftir að hann varð framkvæmdarstjóri KR. Fannst honum það einfaldlega ekki við hæfi að starfa fyrir knattspyrnufélag og dæma hjá öðrum liðum á sama tíma.

## Illu staðið að ráðningu landsliðspjálfarans

### Vantaði gleðina

Eftir menntaskólann hóf Geir háskólanám en fann sig ekki þar. Einn vetur kenndi hann stærðfræði á Laugarvatni en knattspyrnan tók aði alltaf í hann. Upp úr 1990 fór Eggert Magnússon, formaður KSÍ, að bera víurnar í Geir en hann var tregur til að skilja við KR. Fór hann loks yfir til sambandsins um áramótin 1992/1993 og gerðist skrifstofustjóri. Innan KSÍ vann hann sig upp í stöðu framkvæmdastjóra árið 1997 og varð formaður árið 2007. Þeirri stöðu gegndi hann í áratug.

### Afhverju hættir þú?

„Það eru örugglega margar sögur um það á kreiki. Ég var bara sprunginn. Ég ofkeyrði mig og það vantaði gleðina í starfið. Þannig að ég hugsaði að ég yrði að fá fri frá þessu öllu. KSÍ var í betri stöðu en nokkurn tímann, íþróttalega og fjárhagslega, betri en öll þessi ár sem ég hef verið að berjast þarna. Okkur tókst að safna í sjóði síðustu árin,“ segir Geir og bætir við að KSÍ hafi átt um hálfan milljarð þegar hann kvaddi.

*Þú hefur talað um að KSÍ sé ekki á góðum stað í dag?*

„Ég hef alltaf gert mér grein fyrir því að það er erfitt að reka knattspyrnudeild. En reksturinn hefur vaxið mikið síðastliðinn áratug og það er erfitt að reka félagin. Það er forystukreppa í knattspyrnuhreyfingunni, í aðildarfélögunum, og erfitt að fá sjálfboðaliða til starfa. Yngri kynslóðir

## VEGGKLÆÐNINGAR

Fyrir allar gerðir húsa, nýjafnt sem gömul, fjöldi lita og gerða

Kostirnir eru ótvíræðir:

- Fallegra hús
- Ekkert viðhald

FEGURÐ  
ENDING  
MÝKT



ÁLYAK

Ál er okkar mál • Fossaleyni 8 • 112 Reykjavík • Sími: 577 4100 • altak.is



líta öðruvísi á sjálfbodaliðastarf en þær eldri. Ástæðan fyrir því að ég er að koma til baka er að ég hef nýja sýn á hvernig við eigum að gera og skipuleggja okkar starf í knattspyrnuhreyfingunni," segir Geir og kveðst einnig hafa þroskast á þessum tíma. „Þetta er ekki módel sem ég var að finna upp. Það er búið að vera í Skandinavíu í áratugi og Englandi í heila öld. Mín sýn á KSÍ í dag er sú að veik aðildarfélög veikja KSÍ. Við þurfum að styrkja grunninn og aðildarfélögin til að ná framförum.“

*Berð þú einhverja ábyrgð á þessari stöðu sem þú ert að gagnrýna?*

„Auðvitað ber ég ábyrgð á því hvar íslensk knattspyrna er stödd. Ég er ekki óánægður með stöðuna í íslenski knattspyrnu. Ég kom inn í KSÍ og byrjaði að láta mig dreyma. Ég sá hvað við vorum komin langt á eftir hinum Norðurlöndunum og þurftum að byggja mikið upp. Við höfum sótt í okkur veðrið og byggt upp frábært knattspyrnusamband og vel rekið að mínu viti. Ég byrjaði að segja það við fólk sem þar starfar: „Við eigum eftir að fara á EM og við eigum eftir að fara á HM.“ Það var hlegið að því. En ég hafði klára sýn og vann stíft eftir henni.“

Meðal þess sem Geir vill bæta er að koma upp skrifstofum fyrir deildirnar til að vinna að Íslands-mótinu allt árið um kring. Segir hann núverandi forystu ekki hafa sömu áherslu eða sýn og hann hvað þetta og fleira varðar.

**Baktjaldamakk í UEFA**

Alexander Ceferin, forseti UEFA, gaf nýverið út yfirlýsingu um að samskiptin við KSÍ hafi aldrei verið betri en eftir að Guðni Bergsson tók við. Geir segist ekki hafa haft mikil samskipti við núverandi forseta UEFA sem var nýkjörinn þegar Geir var að hætta.

*Heldur þú að þetta sé til komið af því þú studdir hann ekki?*

„Hann er mjög fúll út í mig, mjög fúll. Ég fann það strax. Þegar til stóð að finna nýjan forseta UEFA hittumst við Norðurlandabúarnir og þá var greinilega mikið plott í gangi. Ég hef ekki mikið tekið þátt í svona plottum eða baktjaldamakki, heldur einblínt á okkar starf og landsliðið. En þarna var ég og þá kom þessi hugmynd um að við ættum að styðja Ceferin. Ég hafði kynnst honum nokkrum árum áður og sagði við þá orðrétt að við hlytum að geta fundið betri kandiðat, sem væri meira inni í knattspyrnumálum. Ceferin hefði ekki brennandi áhuga á knattspyrnu. Svíinn og Daninn voru hins vegar alveg harðir á því að lýsa því yfir að Norðurlöndin ættu að veita honum brautargengi. Ég var ekki tilbúinn til þess og ekki heldur Færeyingurinn. Hinir fjórir gerðu það og þeim hefur verið launað ríkulega. Svíinn er orðinn varforseti UEFA og Daninn er að hoppa inn í stjórnina.“

*Er mikil pólitík þarna?*

„Gríðarleg,“ svarar Geir og segir mikið á því að græða að komast áfram innan UEFA.

„Það eru hrossakaup þarna og ekkert öðruvísi en önnur pólitík. Ég hef einu sinni boðið mig fram í UEFA og þá var eiginlega komið að mér frá Norðurlöndunum. Á síðustu stundu hoppaði norskri formaðurinn inn í baráttuna. Ef annar okkar færi fram þá væri gatan greið til að fá stjórnarsætið. Ég hafði langmestu reynsluna af þeim og hafði ekkert sótt þetta fast, en það var ekki nein leið. Í staðinn fyrir að við sætum bara saman og fundum laus á því hvar okkar færi fram fór svo að hvorugur okkar komst inn, til að greiða leiðina fyrir Svíann og Danann. Þetta eru okkar bestu

bræður í fótboltanum en þegar kemur að völdunum og áhrifunum, þá er ekkert gefið eftir.“

**Enginn bindindismaður**

*Þegar þú varst að bjóða þig fram í framkvæmdarstjórn UEFA árið 2015 hefur þú verið fleygt fram að þú hafir tapað atkvæðum með áfengisdrykkju og aðrir hafi beðið þig um að halda þig til hlés og hleypa öðrum að?*

„Nei, þetta er lygi,“ segir Geir ákveðinn. „Norski formaðurinn steig fram með falskan boðskap um að styðja Norðurlöndin. Hefði annar okkar fengið samanlögð atkvæðin hefði hann flogið inn.“

*Þú hefur aldrei verið gagnrýndur fyrir að vera skapillur eða stinga undan peningum. En það hafa verið kjaftasögur um drykkjumenningu?*

„Ég hef kannski ekki alltaf verið nógu faglegur og maður verður að umgangast áfengi með stillingu. Ég er enginn bindindismaður. Ég reyni að lifa lífinu, er kannski svölítið fjörkálfulur stundum og vil hafa gaman af lífinu.“

*Var drykkjumenning í knattspyrnunni almennt?*

„Þegar ég kem inn í knattspyrnuhreyfinguna sem ungur maður þá kynntist ég þessari menningu, má segja. Í knattspyrnu og íþróttum almennt, þá var þetta svona, en ekki bara í kringum knattspyrnu á Íslandi,“ svarar Geir og bætir við að mikið hafi breyst til hins betra og það sé aðdáunarvert hvað leikmenn í dag hugsa betur um heilsu sína. Þá geri félagsliðin miklar kröfur um reglusemi. Segir Geir að allt annað andrúmsloft hafi verið á þeim tíma þegar hann tók sín fyrstu skref í knattspyrnuhreyfingunni.

**Vill sjálfstæði félaganna**

*Er þitt framboð vantraustsýfirlýsing á Guðna?*

„Ég hef ekki orðið var við annað en að hann hafi bara keyrt áfram á því módeli sem ég skildi eftir mig. Ég hef nýja sýn fyrir íslenska knattspyrnu sem Guðni hefur ekki og ég hef reynsluna og þekkinguna til að hrinda henni í framkvæmd.“

*Sumir hafa tengt framboð þitt við íslenskan toppfótbolta?*

„Ég er ekki sáttur við þá þróun sem er að verða núna í knattspyrnusambandinu með ÍTF og knattspyrnusambandið og það er hluti af því sem rak mig til að hugsa málið. Það er rosaleg kergja þar á milli og átök.“

*Hvernig lýsti það sér?*

„Ég átti vissulega í átökum við ÍTF og ég viðurkenni það fúslega. En við snúum tímanum ekki við. Mín sýn er sú að félögin fái að ráða miklu meira um sín mál. Það sem mér hugnast alls ekki við ÍTF í dag er að þessi samtök eru eins og annað knattspyrnusamband. Samtökin standa utan KSÍ, þau eru ekki aðilar að KSÍ. Svo ég segi að við þurfum ekki að finna upp hjólið við þurfum að hrinda í framkvæmd nýjum starfsháttum og nýjum aðferðum og dreifa valdinu. Þetta er valdreifingarhugmynd sem ég er með. Að félög þróa sínar eigin aðferðir í knattspyrnu; Akureyri þróa sínar, Skaginn sínar, KR sínar og Fjarðabyggð sínar, og svo framvegis, allt eftir því hvað mönnum hugnast. Ég held að fjölbreytni sé góð fyrir KSÍ.“

*Félög innan efstu deildar hafa kallað eftir meira fjármagni frá KSÍ. Er þörf á því? Þarf ekki að taka frekar til í rekstrinum?*

„Það geta allir nýtt meira fjármagn, en það er hins vegar alveg ljóst að félögin þurfa að standa með ábyrgum hætti að sínum rekstri og það vita þau. Við erum með leyfiskerfi, og stærsti liðurinn er auðvitað leikmannakostnað-



Geir Þorsteins-son kynntist drykkjumenningu í knattspyrnunni

urinn. En þegar þú lítur á stærstu knattspyrnufélögin, þá sinna þau gríðarlega mikilvægu hlutverki fyrir samfélagið. Ég segi að íþróttir eru orðnar mun mikilvægari í okkar nútíma þjóðfélagi heldur en áður, því krakkarnir okkar eru bara heima og í tölvuleikjum.“

**Hefði mátt standa betur að ráðningu Hamrén**

*Samkvæmt veðbönkum er Guðni sigurstranglegur, ertu hjartsýnn?*

„Ég segi oft, eins og með landsliðið og eins og þegar ég var að spila fótbolta; ég hef bara alltaf trú að því að þegar við förum inn á

völlinn að við getum unnið.“

*Hvað finnst þer um þennan sænska landsliðsþjálfara og hvað ætlar þú að gera við hann komist þú til valda?*

„Ég vil ekki ræða einstaka persónur. Ef ég verð kosinn, þá starfa ég með þessu fólki. Eina sem ég get sagt horfandi utan frá er að vinnubrögðin hjá knattspyrnuhreyfingunni hefðu mátt vera betri þegar kom að því að ráða þjálfara í öll þessi mikilvægu störf og hann var í mjög erfiðri stöðu, þarna fjórum vikum fyrir leik, að vera ráðinn. Enda fengum við á kjaftinn.“

**Skorti reynsluna í pólitík**

Geir vakti athygli þegar hann bauð sig fram til bæjarstjórnar Kópavogs síðastliðið vor. Hann var oddviti Miðflokksins en fékk ekki brautargengi í kosningunum.

„Já, ég fór aðeins í pólitík og hafði gaman af.“

*Hvað kaust þú áður en Miðflokkurinn kom?*

„Ég er miðju hægri maður. Ætli ég sé ekki einhvers staðar þar. Í knattspyrnuhreyfingunni er sagt að ég sé alltof mikill jafnaðarmaður. Það er nutu þess öll félög á Íslandi. Það er eitthvert jafnaðargengi í mér.“ ■

Ekki flækja málin.

VIÐ SÆKJUM BÆTURNAR

SLYSABÆTUR.IS



# Demókratar á krossgötum

Skákmeistarinn og hin dansandi stjarna í sviðsljósinu

Kristján Kristjánsson  
ritstjorn@dv.is



**H**in þaulreynda þingkona Nancy Pelosi er nýr leiðtogi Demókrata í fulltrúadeild Bandaríkjaþings. Demókratar náðu góðum meirihluta í deildinni í kosningunum í haust og var Pelosi kjörin leiðtogi þeirra í byrjun árs þegar leið að því að þingið tæki til starfa. Hún er stundum nefnd skákmeistarinn þar sem hún þykir slóttugur stjórnmála- maður sem getur lesið vel í stöðuna og áttað sig á hvað framtíðin ber í skauti sér. Hún á enda mikla reynslu í stjórnmálum að baki því hún hefur setið á þingi áratugum saman, en hún er 78 ára. En þrátt fyrir að leiðtogar flokkanna á þingi fái yfirleitt mikla athygli þá er það önnur þingkona Demókrata sem fær meiri athygli þessar vikurnar en Pelosi. Það er hin unga stjarna Alexandria Ocasio-Cortez frá New York eða dansstjarnan eins og sumir hafa nefnt hana. Svo virðist sem Repúblíkönunum standi mest ógn af henni því þeir hafa ráðist harkalega á hana á undanförunum vikum en hún hefur staðið allar atlögur þeirra af sér og virðist ekkert bita á hana.

Pelosi og Donald Trump forseti hafa tekist á undanfarðu vegna fjárlagadeilu fulltrúadeildarinnar, en Trump hefur þvertekið fyrir að samþykkja fjárlög nema milljörðum dollara verði varið til að reisa múr á landamærunum við Mexíkó. Þetta taka Demókratar ekki í mál. Hafa stálin stinn mást þegar Pelosi

og Trump takast á. Sumir stjórnmálaskýrendur í Washington hafa sótt fyrirmynd í heim kvikmyndanna þegar þeir lýsa þessum átökum og einn ráðgjafi Trump lýsti átökum Pelosi og Trump sem hér væri King Kong að etja kappi við Godzilla. Pelosi er í fararbroddi í sókn Demókrata gegn Trump en auk þess hefur hún sýnt flokksfélögum sínum hver það er sem ræður för. Þegar atkvæði voru greidd um hver skyldi vera leiðtogi Demókrata í fulltrúadeildinni greiddu nokkrir Demókratar atkvæði gegn henni og þeir hafa nú fengið að kenna á því. Einn þeirra, Kathleen Rice, fékk til dæmis ekki sæti í hinni valdamiklu dómshálfanefnd deildarinnar þrátt fyrir að röðin væri komin að henni. Politico segir að Pelosi



Nancy Pelosi Fæddist inn í flokkinn.

hafi náð fram hefndum gegn einum uppreisnarmanna úr röðum Demókrata.

## Fæddist inn í flokkinn

Það má segja að Pelosi hafi fæddist inn í stjórnmál og Demókrataflokkinn. Faðir hennar var borgarstjóri í Baltimore. Hún hefur verið áberandi og áhrifamikil í flokknum frá því á miðjum átunda áratugnum. Hún var fyrsta konan sem var kjörin leiðtogi fulltrúadeildarinnar, en því embætti gegndi hún frá 2007 til 2011 og aftur nú. Mikil reynsla hennar og góður skilningur á valdataflinu í bandarískum stjórnmálum mun væntanlega

## Hún er óárennileg og menn skyldu ekki vanmeta hana

koma henni til góða í þeirri baráttu sem hún á fyrir höndum gegn Trump.

Það var Pelosi sem var ein helsta drifjöðrin að baki því að koma heilbrigðisfrumvarpi Obama, hinu svokallaða Obamacare, í gegnum þingið og hún hefur orð á sér fyrir að vera sannkallaður stórmeistari í valdataflinu á þinginu.

„Hún veit hvernig á að telja atkvæði. Hún veit hvernig á að sannfæra fólk vinsamlega, en líka hvernig á að gera það harkalega. Þetta eru hæfileikar sem leiðtogi þarf að hafa. Hún er óárennileg og menn skyldu ekki vanmeta hana,“ sagði meðal annars í tímaritinu The Atlantic á síðasta ári.

## Vilja endurnýjun

Demókrataflokkurinn þráir endurnýjun og Pelosi er frekar skammtímalausn en framtíðar leiðtogi enda vel við aldur. Hún mun því ekki vera í fararbroddi hvað varðar að sýna hvert flokkurinn stefnir. Ljóst er að mikil undiralda er í flokknum um að nú sé komið að kynslóðaskiptum og eru konur og minnihlutahópar í mikilli sókn innan hans. Þessi þrá eftir nýjum og yngri andlitum hefur örugglega ekki minnkað við að Pelosi tók við leiðtogastöðunni og þá staðreind að næstu menn á eftir henni í valdastiganum eru þeir Steny Hoyer og James Clyburn, en þeir eru 79 og 78 ára.

Ein helsta orkusprautu flokksins og ein stærsta vonarstjarna hans þessi misserin er fyrrnefnd Alexandria Ocasio-Cortez sem var kjörin á þing í kjördæmi í New York sem nær meðal annars yfir Bronx og Queens. Hún vann yfirburðasigur í sínu kjördæmi, fékk um 80 prósent atkvæða. Hún er ættuð frá Púertó Ríkó og hefur valdið fjáðrafoki á Capitol Hill. Hún er ný á sjónarsviðinu en hún komst fyrst í kastljósið í júní á

síðasta ári þegar hún sigraði Joe Crowley, þungavigtarmann, í forvali Demókrata. Hún vekur mikla athygli hvar sem hún kemur sem og á samfélagsmiðlum en hún er dugleg við að nota þá. Hún er með 2,5 milljónir fylgjenda á Twitter, fleiri en Pelosi, en á þó langt í land með að ná Trump sem er með 57 milljónir fylgjenda. Óvinir hennar fylgjast grannt með henni og hafa reynt að gera henni skrúveifur, en án árangurs enn sem komið er. Nýlega birtu Repúblíkanar myndband af henni, frá háskólaárum hennar, þar sem hún dansar. Með myndbandinu skrifuðu Repúblíkanar:

„Sjáið hvernig nýjasti upphaldskommúnisti Bandaríkjanna skemmtir sér.“

En áhrifin urðu allt önnur en lagt var upp með og sú niðurlægning sem þetta átti að verða fyrir Ocasio-Cortez varð að sigri hennar. Hún svaraði Repúblíkönunum nýlega með myndbandi á Twitter þar sem hún sést taka nokkur létt dansspor fyrir framan skrifstofu sína.

## Demókratískur sósíalisti

Ocasio-Cortez lýsir sjálfri sér sem „demókratískum sósíalista“ en það er vægast sagt óvenjulegt að heyra þetta í bandarískum stjórnmálum. Hún hefur þegar sýnt að hún lætur ekki nægja að lýsa sjálfri sem slíki heldur hefur hún víðað hugmyndir um 70 prósent skatt á þá efnamestu, sjúkratryggingakerfi að evrópski fyrirmynd og mikla aukningu í framleiðslu á umhverfisvænni orku. Þetta fer illa í marga Repúblíkana sem hafa látið hörð orð falla um hana. En margir Bandaríkjamenn virðast styðja hugmyndir hennar. Könnun, sem Hill-HarrisX gerði, sýnir að 59 prósent aðspurðra eru jákvæð í garð hugmynda hennar um hátekjuskatt. ■



Alexandria Ocasio-Cortez  
Vonarstjarna Demókrata.

## BÓKHALD



- Bókhald
- Afstemmingar
- Ársreikningar
- Launavinnsla
- Árshlutauppgjör
- Virðisaukaskattsskil



PARABAKKA 3  
S. 578 6800

## 3 SKREF

BÓKHALDSPJÓNUSTA  
LÖGFRÆÐIRÁÐGJÖF  
EIGNASKIPTAYFIRLÝSINGAR



“Fyndnasta sýningin á höfuðborgarsvæðinu”

SH Morgunblaðið



# Fyrsta Skiptið

Ein af bestu sýningum ársins að mati gagnrýnanda Morgunblaðsins  
og sú skemmtilegasta

Næstu sýningar




Föstudagur 1. febrúar **uppselt**  
Fimmtudagur 7. febrúar örfáir miðar  
Föstudagur 8. febrúar  
Fimmtudagur 14. febrúar  
Föstudagur 15. febrúar





# ERTU MEÐ VERKI Í BAKI, MJÖÐMUM, HNJÁM EÐA FÓTUM ?

Komdu í göngugreiningu!  
Tímamantanir í síma 55 77 100



Við höfum tekið yfir **60.000**

íslendinga í göngugreiningu

**Eins og Fætur Toga**

leggur áherslu á að bjóða

**BESTU** vörurnar og veita

**FAGLEGA** þjónustu

Kíktu til okkar í Bæjarlind 4, Kópavogi  
eða í Orkuhúsið, Suðurlandsbraut.



**EINS OG FÆTUR TOGA**

Sími: 55 77 100 [www.gongugreining.is](http://www.gongugreining.is)



# FRÁBÆRIR FYLGIHLUTIR FYRIR ÍPRÓTTA OG ÚTIVISTARFÓLK

## NUDDSÁR ?

2skin býr til varnarhúð til að koma í veg fyrir blöðrur og nuddsár.

2.990 kr.



1.990 kr.

## VOND LYKT ?

Smell Well pokarnir draga í sig raka eyða vondri lykt t.d úr hlaupaskóm.



1.490 kr

## HÁLKUVÖRN

Icespike eru hágæða hálkuskrúfur úr hertu stáli sem eru skrúfaðar í skóna.

Skrúfurnar skemma ekki skóna og endast allan veturinn. Skrúfum undir skóna á staðnum.



4.990 kr



# EINS OG FÆTUR TOGA

Sími: 55 77 100 [www.gongugreining.is](http://www.gongugreining.is)



# Pappírs-Pési sniðgenginn af Óskarnum

Tilnefningar til 91. Óskarsverðlaunanna voru kynntar í síðustu viku og eru sérfræðingar um allan heim farnir að spá grimmt í spilin. Þann 24. febrúar næstkomandi verður hátíðin sýnd í beinni. Framlag Íslands í fyrra var dramatíska kómedían Kona fer í stríð eftir Benedikt Erlingsson en komst hún ekki áfram og var sniðgengin af akademíunni vestanhafs.

Á hverju ári eru send framlög til þessarar nefndar en hefur íslensk kvikmyndagerð ekki fengið sess síðan



árið 1991 með hinni margumtöluðu Börn náttúrunnar. Samkvæmt sögum vorum við nálægt því að komast í úrslit með Djúpinu hans Baltasars. Einn daginn mun Ísland komast aftur á radarinn en þangað til sá dagur rennur upp er þess virði að skoða fimm furðulegustu framlög sem okkar ágæta kvikmyndagerðarfólk hefur lagt út í gegnum árin.

Tómas Valgeirsson  
tomas@dv.is



## Blossinn sem dvínaði (Blossi/810551 – 1997)

Þessi „pönkaða“ unglíngamynd úr smíðju Júlíusar Kemp féll svo sannarlega ekki í kramið hjá öllum þegar hún kom út árið 1997. Mörgum þótti hún heldur tilgerðarleg, ef ekki pínleg, þótt góð tónlist og hressir frasar hafi staðið upp úr. Blossi hefur þó öðlast ákveðinn status sem „költ“-mynd í gegnum árin og hafa ýmsir krafist þess að myndin komist í þá stafrænu útgáfu sem hún á skilið. En í ljósi þess að mynd eins og Trainspotting hafa varla fengið mikla ást frá akademíunni í denn, átti þá Blossi nokkurn séns frá upphafi?



## Stikkfrí frá Óskarnum (Count Me Out – 1997)

Stikkfrí verður að segjast vera með betur heppnaðri fjölskyldumyndum Íslands. Myndin sló alveg í gegn í kvikmyndahúsum og á leigum og hefur reynst mikil nostalgia fyrir þá hópa sem voru á sambærilegum aldri og stúlkurnar í aðalhlutverkunum. Hins vegar hefur Óskarninn sýnt það fordæmi að fjölskyldumyndir þurfi að vera í bitastæðari kantinum og örlítið meira brautryðjandi til að eiga möguleika (sjá Pappírs Pési). Myndin kom út sama ár og Blossi hérlendis en var send inn sem framlag næsta ár á eftir. Stikkfrí lifir svo sannarlega í þjóðarsál íslenskrar kvikmyndagerðar, en það ætti að hafa verið nokkuð ljóst frá upphafi að þar væri hún best geymd frekar en að koma henni víðar.



## Pési tættur (The Adventures of Paper Peter – 1990)

Það er fátt sem öskrar „Óskarsmynd“ meira en barnamynd um teiknaðan leikfélag sem vaknar til lífs og veldur usla – eða hvað? Á milli hennar og kvikmyndarinnar Ryð, sem kom einnig út árið 1990, var um lítið annað að velja. Pappírs-Pési ákvað engu að síður að vaða í Óskarshlaupið af fullu afli og vona það besta. Fígúran kætti ófá börn á sínum tíma og í gegnum árin á Íslandi en þótti víst ekki nógu efnilegur fyrir alþjóðamarkað. En Pappírs-Pési má að sjálfsgöðu ekki gefast upp og ef hann verður einhvern tímann endurgerður er gráupplagt að spýta í lófana og gefa honum annan séns. Hann Pési okkar á það skilið, því fátt rífur meira í hjartarætur Íslendingans en þegar hann setur upp fylsusvipinn.



## Skari skrípó sækir í Skara frænda (Reykjavík-Rotterdam – 2008)

Spennutryllirinn Reykjavík-Rotterdam var með vinsælustu myndum á Íslandi árið 2008. Myndin er samstarfsverkefni þeirra Baltasars Kormáks, Arnaldar Indriðasonar og Óskars Jónassonar (Skara skrípó). Það eru fáir sem ekki taka undir að tæknivinnsla hafi verið vönduð og keyrsla myndarinnar brött, en í samhengi hins stóra markaðar er þessi tryllir aðeins dropi í hafid. Þetta kom meira að segja í ljós þegar myndin var endurgerð fyrir bandarískan markað undir nafninu Contraband og gagnrýnendur sögðu söguna vera langsóttá, gjarnan ófrumlega og dæmigerða. Óskarninn er kannski ekki alltaf samkvæmur sér sjálfum en það þarf að miða aðeins hærra en að „ásættanlegri spennumynd“ til að Skari frændi finni þig á radarinum.

TÖKUM AÐ OKKUR  
ALLAR ALMENNAR  
FATAVIÐGERÐIR



## Stuðmenn í súginn? (Ahead of Time – 2004)

Seinni Stuðmannamyndin er enn þann dag í dag heldur umdeild, ekki síður þegar hún er borin saman við frummyndina sem sigraði hjörta Íslendinga snemma á níunda áratugnum. Það þykir þó heldur undarlegt að senda kvikmynd út sem framlag til stærstu verðlaunahátíðar kvikmyndabransans þegar hún er morandi í einkahumor og óteljandi tengingum við Með allt á hreinu. Akademían hefur væntanlega ekki þekkt mikið til upprunalegu myndarinnar né náð að dilla búknum yfir nýrri lögum Stuðmanna. Í takt við tímann hlaut varla umtal né viðlit í kringum Óskars tímabilið 2005. Sennilega skrifast valið á tiltölulega slappa samkeppni það ár og má deila um það hvort Í takt við tímann beri af við hliðina á titlum á borð við Dís, Blindsker, Opinberun Hannesar og Kaldaljós. Þetta er engu að síður upplagt tækifæri til að spyrja landann hvort sú manneskja sem til sem kann betur að meta seinni Stuðmannamyndina en þá fyrri. Hún má endilega stíga fram.





MYKIND BÆTIEFNALÍÑAN FRÁ GARDEN OF LIFE ER LÍFRÆN,  
VEGAN OG LAUS VIÐ ÖLL AUKAEFNI

*Bara það besta fyrir þig og Móður jörð!*



Mykind línan var hönnuð með það að leiðarljósi að velja aðeins bestu mögulegu hráefnin og meðhöndla þau þannig að næringin skilaði sér sem best.

Gæði bætiefna skipta öllu máli.

Þau sem eru búin til úr fæðu eins og þessi er líklegra að líkaminn nái að nýta að fullu. Öll línan er 100% vegan og inniheldur því engar dýraafurðir. Meira að segja D3 og B12 vítamínin eru vegan en þessi tvö er oft erfitt að fá vegan í bestu formunum.

EITTHVAÐ FYRIR ALLA

Hvort sem þig vantar fjölvítamín, B12, járn, D3 vítamín, steinefni eða C vítamín

*Allt lífrænt - allt vegan*



# „Meikudu“ það án menntunar

Í síðustu viku tók DV saman helstu dúxa sem hafa verið til umfjöllunar í fjölmiðlum í gegnum árin. Eins og vænta mátti höfðu þeir allir komið ár sinni vel fyrir borð. Það er þó ekki sagt að menntunarleysið sé hamli framgangi fólks í lífinu. DV tók því saman þjóðþekktu Íslendinga sem hafa látið skyldunámið duga.

Þrír alþingismenn hafa aðeins lokið grunnskólaprófi. Það eru Sjálfstæðismaðurinn Ásmundur Friðriksson, Píratin Helgi Hrafn Gunnarsson og Lilja Rafney Magnúsdóttir, þingkona Vinstri grænna. Ásmundur og Helgi Hrafn eru á sínu öðru kjörtímabili sem alþingismenn en Lilja Rafney á sínu þriðja.



Jón Gnarr, fyrrverandi borgarstjóri, er annað dæmi um stjórnmálamaðmann sem gekk ekki menntaveginum. Reyndar er Jón marghamur og því ef til vill ósanngjarnt að setja hann undir hatt stjórnmálanna. Undanfarið hefur Jón tekið upp þráðinn að nýju varðandi framleiðslu á skemmtiefni. Hann var einn af höfundum áramótaskaupsins, stendur fyrir útværspáttunum Tvíhöfða á RÚV og stígur á svið með uppistand víða um bæ.



Einn fremsti rappari þjóðarinnar er án efa Gísli Pálmi Sigurðsson. Lítið hefur farið fyrir kappanum undanfarin misseri og bíða aðdáendur spenntir eftir meira efni. Gísli Pálmi er einn þeirra sem fetuðu ekki menntaveginum en hefur ekki látið það stöðva sig í að gera það sem stendur hjarta hans næst og hljóta aðdáun fyrir.



Óhætt er að fullyrða að kjaramál verði áberandi í þjóðfélags- umræðunni á næstunni. Tveir verkalyðsleiðtogar luku eingöngu grunnskólanámi, en það eru þau Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar, og Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness.



Bubbi Morthens, einn fremsti tónlistarmaður þjóðarinnar, hlaut sína menntun í skóla lífsins en að loknum grunnskóla tók við verbúðalíf og ýmis önnur störf áður en hann haslaði sér völl á tónlistarsviðinu. Bubbi hefur áður greint frá því í viðtölum að hann sé skrifblindur en honum gekk að eigin sögn „hræðilega“ í barnaskóla.

Styrkleikar hans hafa augljóslega fengið að njóta sín á öðrum sviðum.

Þórhall „Ladda“ Sigurðsson þarft vart að kynna en hann hefur komið víða við á ferli sínum sem spannar fimm áratugi. Hann er ef vill þekktastur sem leikari og skemmtikraftur en hann hefur einnig látið til sín taka sem söngvari, tónskáld, handritshöfundur og síðast en ekki síst sem myndlistarmaður. Laddi lauk aldrei leiklistarnámi en í ævisögu sinni Laddi sem kom út árið 1991 rifjar hann upp stopula skólagöngu í leiklistardeild UCLA í byrjun níunda áratugarins.



Eigum fjórar stærðir af lokum á  
lager í gráum og brúnum litum  
Verð frá **58.500 kr.**

**GODDI.IS**

AUÐBREKKU 19 - KÓPAVOGI - S. 544 5550



**ALLRA SÍÐUSTU  
DAGAR ÚTSÖLUNNAR**

# STÓR ÚTSALA REKKJUNNAR

# 20-60%

# AFSLÁTTUR

**VERÐDÆMI**

Amerísk  
heilsurúm með botni  
Queen size frá

**153.000 kr.**

# ALLRA SÍÐUSTU DAGAR ÚTSÖLUNNAR

**VERÐDÆMI**

Hágæða heilsudýna  
með botn og fótum.  
Stærð 160x200cm

Verð frá

**98.000 kr.**

Bellona Dreamline  
Luxury Edition

Hágæða millistífl sjö svæðaskipt  
heilsudýna með botni með

**30% afslætti**

Stærð: 120x200cm  
Fullt verð 111.120 kr.

Útsöluverð  
**77.784 kr.**

**VERÐDÆMI**

Höfðagaflar ýmsar  
stærðir á frábæru verði.  
160cm breiður

Verð frá

**39.900 kr.**

Útlitsgallaðar, sýningar og skiptidýnur,  
heilsurúm, stakar dýnur, sængur, heilsukoddar,  
lök og höfðagaflar á ótrúlegu verði.

Mikið úrval af stillanlegum rúmum á frábæru verði.

Bjóðum upp á allt að  
**12 vaxtalaust  
kreditkortalán,**  
einnig hægt að greiða  
með **Netgíró**

**Komdu strax í dag og gerðu frábær kaup!**

**rekkjan**  
HEILSURÚM



# „NEGRAR“ Í ÍPRÓTTUM Á ÍSLANDI

Hörður Snævar Jónsson  
hodd@433.is



Tímarnir breytast og mennirnir með, það á við um margt í okkar lífi og sérstaklega hvernig fjallað er um mál líðandi stundar. Á árum áður þótti ekkert mál að fjalla um svart fólk sem negra og fleira í þeim dúr. Slíkt efni eldist afar illa miðað við hvernig samfélag okkar er í dag. Árið 1966 var fjallað, í Vísu, um einvígi Vals og Standard Liege í Evrópukeppni, þar vann belgíska félagið 8-1 sigur á Val. „Ungur negri skoraði fimm mörk gegn Val,“ var fyrirsögnin á grein Vísis sem birtir í blaðinu þann 13. september árið 1966.

## Brasilíumaðurinn var langbestur

Sagt var að þessi dökki maður hefði nýlega komið frá Inter á Ítalíu. „Það var ungur negri, sem nýlega hóf að leika fyrir Standard Liege, sem átti hvað mestan þáttinn í að Valur tapaði svo stórt í síðari leik liðanna í Evrópubíkarkeppninni fyrir nokkrum dögum. Þessi þeldökki maður, sem er Brazílíumaður og ráðgert er að kaupa til Standard, skoraði 5 mörk gegn Val og var langbeztu maður vallarins. Sá kvittur gaus upp að negrinn hefði verið ólöglegur liðsmaður, og því bæri Val að kæra leikinn. Ekki gaf Ægir Ferdinandsson, einn fararstjóranna, mikið út á það,“ sagði í fréttinni.

## Margt rangt í fréttinni

Þegar sagan er skoðuð er hins vegar margt rangt sem kemur fram í fréttinni, þessi ungi Brazílíumaður sem Vísir fjallaði um átti að hafa komið frá Inter. Standard Liege fékk ekki neinn leikmann frá Inter þetta árið en félagið fékk vissulega Germano sem var frá Brazílíu, hann kom frá AC Milan og hann lék í leiknum en skoraði ekkert mark. Það var Roger Claessen sem skoraði fimm mörk í leiknum, hann var ekki dökku á hörund og kom frá Belgíu. Í frétt Vísis var sagt að Reynir Jónsson hefði skorað mark Vals í 8-1 tapinu en það var í raun Björn Júlíusson sem skoraði.

### Negri til Fram í körfu

Það er loks ljóst að Framarar hafa ráðið sér erlendan leikmann sem mun leika með liðinu í komandi Íslandsmóti í körfuknattleik.

Ekki er enn vitað um nafn hans en hann er 1,91 metri á hæð og negri og leikur stöðu bakvarðar. Að sögn Framara er hann mjög sterkur leikmaður sem mun örugglega koma til með að styrkja lið þeirra mikið í vetur en Framarar leika sem kunnugt er í 1. deild.

### Skoraði negri 13 mörk?

– sagði Bogdan er hann frétti af markaskorun Duranona fyrir Kúbu gegn A-Þýskalandi

Kúbumaðurinn og negrinn Duranona hefur skorað flest mörk í einum og sama leiknum hér á HM í Sviss ásamt Suður-Kóreumanninum Kang. Duranona skoraði 13 mörk í leik Kúbu gegn Austur-Þjóðverjum í forkeppninni þrátt fyrir að hann væri tekinn úr umferð mestallan leikinn. Kang skoraði 13 mörk fyrir lið sitt í leik Suður-Kóreu og Tékkóslóvakíu. Það var nokkuð skondið það sem Bogdan Kowalczyk, landsliðsþjálfari Íslands, sagði þegar hann frétti af 13 mörkum Kúbumanns gegn Austur-Þjóðverjum. Bogdan sagði: Skoraði negri 13 mörk? Það getur ekki verið. Negrar geta ekki spilað handknattleik.

Þrjú leikmenn hafa skorað 11 mörk í einum leik. Ingolf Wiegert, liðmaður Austur-Þjóðverja, skoraði til að mynda 11 mörk (ekkert viti) gegn Póllandi í forkeppninni og í fyrrakvöld skoraði Daninn Michael Fenger 11 mörk (ekkert viti) fyrir danska liðið gegn Suður-Kóreu og er eins gott fyrir leikmenn íslenska liðsins að hafa á honum góðar gætur í kvöld. Rúmeninn Voinea skoraði 11 mörk fyrir Rúmeníu þegar liðið tapaði fyrir Svíum í fyrrakvöld. Sex af mörkum hans voru úr vítaköstum. -SK

### UNGUR NEGRI SKORAÐI FIMM MÖRK GEGN VAL!

Kom nýlega frá Inter í Milánó – Var hann löglegur eða ekki?

● Það var ungur negri, sem nýlega hóf að leika fyrir Standard Liege, sem átti hvað mestan þáttinn í að Valur tapaði svo stórt í síðari leik liðanna í Evrópubíkarkeppninni fyrir nokkrum dögum. Þessi þeldökki maður, sem er Brazílíumaður og ráðgert er að kaupa til Standard, skoraði 5 mörk gegn Val og var langbeztu maður vallarins.

● Sá kvittur gaus upp að negrinn hefði verið ólöglegur liðsmaður, og því bæri Val að kæra leikinn. Ekki gaf Ægir Ferdinandsson, einn fararstjóranna, mikið út á það, þegar við röðbuðum við hann um ferðina.

„Dómarinn á að yfirfara lista yfir 25 leikmenn, sem skila á língu fyrir leikina, og ég á bág með að trúa því að svo hafi ekki verið gert í þetta sinn. Sjálfir athugasemur við þetta mál ekki nána“, sagði hann.

– Yrði ekki annars erlitt fyrir Val að halda áfram keppninni, fari svo að leikmaður þessi verið ólöglegur?

– Já, það yrði mjög erlitt. Ann arri umferð mun eiga að ljúka fyrir 13. desember n.k. og það

leðir af sjálfa sér að við eignum mjög erlitt með að leika á veturna, því þá er okkar leikinnabíl á enda og það er ekki víst að margir áhorfendur kæmu til að sjá okkur leika, en það er vitaskuld nauðsynlegt að fá peninga í aðra hönd til að standa straum af kostnaði við utanferð.

– En hvernig tókst ferðin annars?

„Hón tókst í flesta stöð mjög vel. Leikurinn fór fram á flöðlystum vellum Standard og þar höfðu maett 20 þúsund áhorfendur til að sjá lið sitt leika. Standard var komið með 4:0 eftir 15 mín. og það blés heldur óþvítega fyrir okkur. Í háll-leik stóð 5:1 og hafði Reynir Jónsson skorað þetta eina mark okkar með því að einleika gegnum vörðina. Leiknum lauk með 8:1 fyrir Standard og það verð ég að segja að lið þeirra var óþekktanlegt frá því í Laugardalnum. Þó hafði liðið leikið tvo leiki á þessari viku, sem Framh á his 6.

Húðlitur nefndur en ekki nafn Árið 1980 fjallaði Tíminn um nýjan leikmann sem Fram var að fá í körfubolta, ekki var vitað um nafn hans en húðliturinn var á hreinu í blaðinu. „Það er loks ljóst að Framarar hafa ráðið sér erlendan leikmann sem mun leika með liðinu í komandi Íslandsmóti í körfuknattleik. Ekki er enn vitað um nafn hans en hann er 1,91 metri á hæð og negri og leikur stöðu bakvarðar. Að sögn Framara er hann mjög sterkur leikmaður sem mun örugglega koma til með að styrkja lið þeirra mikið í vetur,“ sagði í umfjöllun Tímans árið 1980.

## Skoraði negri 13 mörk?

Taldi húðlitinn hamla Duranona Í DV árið 1986 var fjallað um 13 mörk sem Roberto Julián Duranona skoraði fyrir Kúbu gegn Austur-Þýskalandi. Bogdan Kowalczyk, sem var þá landsliðsþjálfari Íslands, trúði þessu bara ekki, þeldökkir gætu ekki

2

1986. 1. febrúar

ÍPRÓTTIR

FER KÚLAN YFIR 20 metra línuna í Laugardal í kvöld?

OKARKEPPNIN: FRAM FER ÁFRAM

Sýndi 200 metrana

Sýnum í ströku 218 á língvöngum.

Hvildarstólar Svefnsofar Skrifstofuhúsgögn Hurdir – Þiljur

GAMLA KOMPANÍAN H.F. Laugavegi 82, Síðuhúsið 23 Sími 3000, Pósthólf 253

UNGUR NEGRI SKORAÐI FIMM MÖRK GEGN VAL!

Kom nýlega frá Inter í Milánó – Var hann löglegur eða ekki?

● Það var ungur negri, sem nýlega hóf að leika fyrir Standard Liege, sem átti hvað mestan þáttinn í að Valur tapaði svo stórt í síðari leik liðanna í Evrópubíkarkeppninni fyrir nokkrum dögum. Þessi þeldökki maður, sem er Brazílíumaður og ráðgert er að kaupa til Standard, skoraði 5 mörk gegn Val og var langbeztu maður vallarins.

● Sá kvittur gaus upp að negrinn hefði verið ólöglegur liðsmaður, og því bæri Val að kæra leikinn. Ekki gaf Ægir Ferdinandsson, einn fararstjóranna, mikið út á það, þegar við röðbuðum við hann um ferðina.

„Dómarinn á að yfirfara lista yfir 25 leikmenn, sem skila á língu fyrir leikina, og ég á bág með að trúa því að svo hafi ekki verið gert í þetta sinn. Sjálfir athugasemur við þetta mál ekki nána“, sagði hann.

– Yrði ekki annars erlitt fyrir Val að halda áfram keppninni, fari svo að leikmaður þessi verið ólöglegur?

– Já, það yrði mjög erlitt. Ann arri umferð mun eiga að ljúka fyrir 13. desember n.k. og það

leðir af sjálfa sér að við eignum mjög erlitt með að leika á veturna, því þá er okkar leikinnabíl á enda og það er ekki víst að margir áhorfendur kæmu til að sjá okkur leika, en það er vitaskuld nauðsynlegt að fá peninga í aðra hönd til að standa straum af kostnaði við utanferð.

– En hvernig tókst ferðin annars?

„Hón tókst í flesta stöð mjög vel. Leikurinn fór fram á flöðlystum vellum Standard og þar höfðu maett 20 þúsund áhorfendur til að sjá lið sitt leika. Standard var komið með 4:0 eftir 15 mín. og það blés heldur óþvítega fyrir okkur. Í háll-leik stóð 5:1 og hafði Reynir Jónsson skorað þetta eina mark okkar með því að einleika gegnum vörðina. Leiknum lauk með 8:1 fyrir Standard og það verð ég að segja að lið þeirra var óþekktanlegt frá því í Laugardalnum. Þó hafði liðið leikið tvo leiki á þessari viku, sem Framh á his 6.

Sægreifinn við gömlu höfnina

HÁDEGISTILBOÐ VIRKA DAGA

GRILLAÐ ÞORSKSPJÓT HUMARSÚPA OG BRAUÐ

2.850 KR



**GAR! LOKADAGAR! LOKADA**

**ÚTSALA!**

*Allt að*

**60%**

*Afsláttur*

HEIMILISTÆKI · ÞVOTTAVÉLAR · KÆLISKÁPAR · UPPÞVOTTAVÉLAR  
SJÓNVÖRP · HLJÓMTÆKI OG SVO MARGT FLEIRA!

**BETRA BORGAR SIG**

Opið virka daga 10 – 18 og laugardaga 11 – 16



**RAFLAND**

Síðumúla 2-4 | 520 7900 | [rafland.is](http://rafland.is)



## Sandkorn



## Nægur tími

Uppnám varð í vikunni vegna þess að meirihluti ríkisstjórnarinnar neitaði að kjósa nýjan formann umhverfis- og samgöngunefndar í stað **Bergþórs Ólasonar. Vilhjálmur Árnason** nefndarmaður bar því við að ekki væri hægt að taka slíka ákvörðun í skyndi og án samráðs.

Klaustursmálið kom upp í nóvember árið 2018. Nú er kominn febrúar árið 2019 og þingflokksformenn meirihlutans hafa haft nægan tíma til að ákveða þetta. Enda hefur það verið fyrirsjáanlegt að Bergþór sneri aftur.

Ljóst er því að þessi fyrirláttur Vilhjálmur gengur ekki upp og því óhætt að álykta að meirihlutinn vilji hafa Bergþór áfram.

## Þægir ungliðar VG

Eftirtektarvert er hversu vel upp aldir ungliðar Vinstrigrænna eru. Aldrei heyrst pip frá þeim varðandi hitamál í þinginu eða borgarstjórn enda eru foreldrarinnir í stjórn á báðum stöðum.

Áður fyrr voru ungrir sósíalistar róttækir og létu skoðanir sínar heyrast. Árið 1970 flutti Æskulýðsfylkingin af foreldraheimilinu, Alþýðubandalaginu, og stofnaði eigið bú um tíma. Allar götur síðan hafa ungliðar sósíalista verið óhræddir við að gagnrýna fulltrúa flokksins og segja sig úr honum ef svo ber undir. UVG mótmæltu stjórnarmyndunarviðræðum haustið 2017 af veikum mætti en ekki hét meir. Síðan þá hafa þeir aðallega talað fyrir réttindum samkynhneigðra, #metoo-byltingunni, réttindum flóttafólks og gegn stríði. Allt óumdeild og þægileg mál en af nógu er að taka í óþægilegum málunum.



## Stílbrot í Vogahverfi

## Leiðari

Kristinn Haukur Guðnason  
kristinn@dv.is

Allir eru sammála um að frumskylda hins opinbera er að halda uppi grunnþjónustu. Starfrækja skóla, heilbrigðisþjónustu, leggja vegi og halda upp eðlilegri og lýðræðislegri stjórnsýslu. Þegar hið opinbera gerir eitthvað sem ekki telst til þessara þátta heyrast nánast undantekningarlaust gagnrýnisráddir. Af hverju kostar þetta svona mikið? Hver er forgangsgröðunin? Af hverju á þessum stað? Af hverju þessi en ekki hinn?

Þetta eru allt saman mjög skiljanlegar vangaveltur sem fulltrúar ríkis og sveitarfélaga verða að hafa í huga. Til dæmis þegar þeir gefa leyfi fyrir og veita fjármagn til listaverka í almannarými.

Flestir telja uppsetningu listaverka ekki til grunnþjónustu og því verður að vanda til verka. Þýðir þetta að engum fjármunum ætti að verja til þessa málaflökks? Nei. Hver vill búa í listlausri borg og hver vill heimsækja hana? Almenningsrýmið verður að vera aðlaðandi fyrir bæði íbúa og útlendinga sem hafa um nóg að velja í ferðamannabæklingum sínum. Það eru ekki myndir af leikskólum og spítölum í þeim bæklingum, heldur glæsilegum og einkennandi mannvirkjum, sem prýða staðina, eða náttúran.

Það er hlutverk hins opinbera að hampa íslenski list og koma henni á framfæri. Við Íslendingar erum svo lánsamir að eiga her af listafólki í öllum geirum sem hefur áhuga á að gefa af sér og auðga samfélagið. Hver staður á að vera auglýsing fyrir menninguna, og almannarýmið er vettvangurinn. Hvort það eru listaverk sem höfða til landslagsins eða náttúrunnar, glæsilegar byggingar í gömlum eða nýjum stíl eða stytur af fólki úr Íslandssögunni, já eða þjóðsagnapersónum. Abstrakt list á einnig fullkomlega rétt á sér enda er hún stór og merkilegur hluti af íslenski menningu.

Stundum kemur það fyrir að handhafar hins opinbera fara algerlega út af sporinu. Pálmatrén tvö sem eiga að rísa í Vogahverfinu er fyrirtaks dæmi um það. Ekki er að sjá að verkið hafi neina tengingu við íslenska menningu,

Vond hugmynd  
Pálmatré í Vogahverfi.



## Hver vill búa í listlausri borg og hver vill heimsækja hana?

Ísland, Reykjavík eða Vogahverfið. Ekki frekar en stytta af Jóhönnu af Örk eða Elvis Presley. Þetta er ekki sagt í einhverjum þjóðrembingi heldur furðu. Listaverk í almenningsrými þurfa alls ekkert öll að vera af dauðum þingmönnum og sauðkindum. Þótt ólistlærður sé leyfi ég mér að grípa til

orðsins stílbrot. Nema að verkið sé fyrsti liðurinn í að gera borgina að einhvers konar alheimsbræðingi. Litlu Las Vegas.

Staðsetningin er vissulega eitthvað sem þarf að hafa í huga og því ber að taka fagnandi að Vogahverfið hafi orðið fyrir valinu. List bera að dreifa um öll hverfi borg-

arinnar, bæði fyrir íbúana þar og þau fyrirtæki sem starfrækt eru. Grafarvogur, Breiðholt, Árbær, Norðlingaholt. Ekkert hverfi skal undanskilið.

Kostnaðurinn skiptir auðvitað miklu máli og er oftast nær það sem harðast er gagnrýnt. Á það vel við í þessu tilviki þar sem kostnaðurinn er metinn á 140 milljónir og í ljósi reynslunnar verður hann mun hærri. Þegar verið er að veita fjármagn til verkefna sem teljast ekki til grunnþjónustu verður að passa vel upp á hverja einustu krónu.

Þetta er ekki flókið mál og þeim sem fara með ákvörðunarvaldið er ekki vorkunn. Ef vandað er til verka er hægt að byggja upp borg sem prýði er að samfara því að halda uppi öflugri grunnþjónustu. ■

## Spurning vikunnar

Hvernig líst þér á áætlanir um pálmatré í Vogahverfinu?





MYNDR HANNA/DV

“Fólk hefur  
alls konar  
skoðanir á manni  
og leyfir sér að  
segja ótrúleg-  
ustu hluti

# „Stormur er alltaf númer 1, 2 og 3 – allt hitt er auka“

Leikkonan Kristín Pétursdóttir opnar sig um fjölskylduna, einkalífið og Snapchat

Aníta Estíva Harðardóttir  
anita@dv.is



Kristín Pétursdóttir er tuttugu og sex ára gömul menntuð leikkona og ættu margir að kannast við hana úr bíómyndinni Órói og sjónvarpsþáttunum Fólkið í blokkinni. Þeir sem fylgjast hins vegar með

samfélagsmiðlastjörnum landsins þekkja Kristínu þó heldur persónulegar en úr hlutverki á sjónvarpsskjáum landsins. Bæði hún og kærasti hennar, Brynjólfur Löve Mogensen, halda úti stórum Snapchat-reikningum þar sem þúsundir manns fylgjast með lífi þeirra dag hvern.

Þarið hefur verið saman í rúm-

lega tvö ár og eignaðist nýlega sitt fyrsta barn saman, Storm Löve Brynjólfsson. Blaðakona fékk að skyggjast inn í líf Kristínar og fjölskyldu sem enn fótur sig í þeim breytingum sem barnseign hefur í för með sér.

Kristín sem undanfarið hefur starfað sem flugfreyja segir þá staðreynd að fjölskyldan sé opin-

ber bara vera skemmtilega.

„Það er bara gaman, hefur svo sem ekkert mikil áhrif á okkar daglega líf. Við erum bara við sjálf á samfélagsmiðlum og leyfum fólki að fylgjast með án þess að taka meðvitaða ákvörðun um að vera „opinber.“ Okkur líður í raun ekki eins og við séum að hleypa fólki of nærri okkur en það hefur alveg

komið fyrir að við setjum eitthvað inn sem við sjáum síðan að er ekki alveg málið og tekið það út. Svo þurfum við líka stundum að passa okkur, því það finnst ekki öllum jafn þægilegt að einkalífi þeirra sé sjónvarpað fyrir mörg þúsund manns og við berum virðingu fyrir því,“ segir Kristín í viðtali við blaðakonu. ▶



LOKAÐIR STURTUKLEFAR  
MEÐ TOPPI, SPORNA  
GEGN RAKA OG MYGLU

Kíktu á [sturta.is](http://sturta.is) og  
skoðaðu úrvalið  
S. 856 5566





## Við munum halda áfram að snappa á meðan okkur finnst það gaman

### Fólk leyfir sér að segja ótrúlegustu hluti

Kristín segir þau Brynjólf verða fyrir einhvers konar áreiti dagsdaglega og fólk stoppi þau daglega á förnunum vegi til þess að spjalla eða fá að taka myndir af þeim.

„Já, það kemur fyrir og við höfum bara gaman af því. Ég get ekki sagt að við höfum lent í erfiðleikum með fylgjendur en þegar fylgjendahópurinn er orðinn svona stór þá fær maður af og til leiðinlegar athugasemdir, sérstaklega eftir að við eignuðumst Storm. Fólk hefur alls konar skoðanir á manni og leyfir sér að segja ótrúlegustu hluti. Yfirleitt er þetta þó bara gaman og krydd í tilveruna. Við setjum einungis inn efni eftir hentisemi, höldum ekki út neinu skipulögðu þema, bara grín og glens.“

Kristín segir þau ekki vera orðin þreytt á að snappa enda fylgi því engar kröfur.

„Ef ég er ekki í skapi til þess að setja eitthvert efni inn, þá geri ég það ekki og það er enginn að kippa sér upp við það. Það koma tímar þar sem maður fær ógeð á samfélagsmiðlum í heildina, því þeir eru mikill tímaþjófur. Það er eitthvað sem ég held að flestir upplifi af og til. Við látum þetta ekki stjórna okkur á neinn hátt, erum bara að snappa í okkar frítíma af okkar daglega lífi. Sumt er fyndið, annað er hversdagslegt og stundum tökum við að okkur verkefni sem krefst ákveðinnar birtingar.“

### Spila eftir eyranu

Það kom aldrei til tals hjá þeim að hætta með opið snapp þrátt fyrir að Kristín væri orðin ólétt, eða eftir að hún átti, enda fundu þau fyrir miklum áhuga frá fylgjendum sínum eftir að þau tilkynntu að Kristín ætti von á sér.

„Við fundum fyrir miklum áhuga og mörgum fannst gaman að fylgjast með meðgöngunni og öllu sem við vorum að stússa í kringum það að eiga barn. Meðgangang gekk líka heilt yfir mjög vel. Ef þú spyrð Binna þá færðu örugglega annað svar, en ótrúlegustu hlutir fóru í taugarnar á mér.



Kristín Pétursdóttir og Stormur Löve Brynjólfsson.

Auðvitað komu erfiðir dagar og þá dró ég mig einfaldlega í hlé eða deildi því með fólki.“

Kristín segir fylgjendur þeirra hafa beðið þess með eftirvæntingu að fá fréttir af fæðingu Storms, en að þau hafi aldrei upplifað neikvæða pressu.

„Fólk var auðvitað spennt og spurningum og hamingjuóskum rignandi yfir okkur. En við fundum ekki fyrir neinni neikvæðri pressu sem við spáðum í. Við svifum bara um á ljósrauðu skýi og gerum enn. Fjölskyldulífið hefur lagst mjög vel í okkur og Stormur hefur braggast rosalega vel. Það hefur allt gengið lygilega vel og við vorum ákveðin í því frá upphafi að láta það að eignast barn ekki stoppa okkur í því að lifa lífinu, heldur að laga barnið að okkur. Við fórum meðal annars með Storm mánaðar gamlan til Berlínar í íbúð sem foreldrar mínir eiga, með samþykki ljósmæðra og lækna að sjálfsögðu. Það var yndislegur tími. Við höfum ekki verið að stressa okkur mikið á hlutunum, heldur spilað þá eftir eyranu og ég tel að það sé lykilþáttur í því hvað Stormur er rólegur og góður. Það hefur ekki haft nein áhrif á okkur að sinna þessu nýja hlutverki sem foreldrar ásamt því að snappa. Stormur er alltaf númer 1,2 og 3. Allt annað er auka.“

### Vill flytja til Kaupmannahafnar

Kristín segir það koma fyrir að fólk hafi leitað til hennar varðandi ráð um börn, en að það sé þá aðallega hvar hún kaupi föt og dót fyrir hann og hvernig það hafi reynst henni. Aðspurð hvaða eina ráð hún myndi gefa fólki varðandi börn segir Kristín: „Eins og ég kom inn á áðan, vera bara róleg og leyfa hlutunum að gerast áður en maður fer að stressa sig á þeim. Ég var búin að lesa margar reynslusögur kvenna sem áttu í erfiðleikum með brjóstgjöf og var farin að kvíða henni mjög mikið. Síðan mjólka ég eins og verðlaunabelja og hann tók brjóstið frá fyrsta degi. Þannig að allar þessar áhyggjur voru í raun óþarfar.“

Þegar Kristín er spurð út í framtíðina segir hún:

„Við erum enn þá að venjast lífinu og þreifa fyrir okkur sem fjölskylda en næstu skref ráðast svoltið af því hvort Stormur kemst inn á leikskóla eða til dagmömmu. Þá get ég farið að vinna aftur og rútínan hafist. Það er draumur hjá mér að flytjast til Kaupmannahafnar og jafnvel bæta við mig menntun þar. Ég er enn þá að selja Binna hugmyndina, svo við sjáum hvernig rætist úr því. Við munum halda áfram að snappa á meðan okkur finnst það gaman og svo kemur hitt bara í ljós.“ ■



Kristín Pétursdóttir ásamt Brynjólfi Löve Mogensen og syni þeirra Stormi Löve Brynjólfssyni.

Bjúðum uppá  
fritt söluerbmat

## GIMLI FASTEIGNASALA

## NÆSTI KAFLI HEFST HJÁ OKKUR



DALPRÝÐI, 210 GARÐABÆR  
89.900.000 kr.

Tegund	parhús á einni hæð
Stærð	201 M <sup>2</sup>
Herbergi	4



BJARGARTANGI, 270 MOSFELLSBÆR  
69.900.000 kr.

Tegund	Einbýli
Stærð	175 M <sup>2</sup>
Herbergi	6



SPÓAHÖFÐI, 270 MOSFELLSBÆR  
75.500.000 kr.

Tegund	Raðhús á tveimur hæðum
Stærð	179 M <sup>2</sup>
Herbergi	6



**LI-ION**  
technology

# GÆÐI OG ÞJÓNUSTA



*PON er umboðsaðili*

# JUNGHEINRICH



Hillulyftari



Þrónggangalyftari



Dráttartæki



Staflari



Tínslutæki



Dráttartæki



Díselyftari



Rafmagnslyftari



Brettatjakkur



Rafmagnsbrettatjakkur

**Við bjóðum alla Jungheinrich eigendur velkomna!**

PON Pétur O. Nikulásson ehf. | Melbraut 21, 220 Hafnarfjörður | Sími: 580 0110 | [pon.is](http://pon.is)

**PON**  
GÆÐI OG ÞJÓNUSTA



Ad þvo sér fyrir sund ætti að vera skylda alls staðar!



# Hlutirnir sem útlendingum er sagt að gera **EKKI** á Íslandi

Ferðamenn vilja gjarnan kynna sér væntanlega áfangastaði áður en lagt er af stað í ferðalag. Þeir sem hyggja á ferðalag til Íslands gætu því rekist á pistil á síðunni Tripsavvy þar sem taldir eru upp níu hlutir sem ferðamönnum er ráðlagt að gera ekki í Íslandsferðinni. Hér fylgir þýðing á pistlinum og dæmi hver fyrir sig. Er höfundur pistilsins á villigötum?

Erla Dóra  
erladora@dv.is



## 1 Ekki taka myndir af heimamönnum

Myndavél sem beinist að manneskju eða álíka saklaus athöfn getur komið þér í vandræði. Ef þú ætlar að taka myndir af fólki og heimilum þeirra þá gæti fólk þú móðgast. Ekki vera einn af „þessum“ ferðamönnum sem troða myndavélum í andlituð á öllum, einkum þegar fólk hefur engan áhuga á að sitja fyrir. Þetta er pirrandi á Íslandi, sem og annars staðar í heiminum.

## 2 Ekki snerta svanina

Þetta gæti verið furðulegt ráð, en þú yrðir líklega hissa ef þú vissir upp á hverju ferðamenn taka þegar þeir eru að heiman. Villtir íslenskir svanir geta verið árásgjarnir, sérstaklega í tilhugalífnum. Fullorðinn svanur getur brotið handlegginn á manneskju til að vernda ungvíði sitt. Það er ekki bara mjög sárt, heldur muntu líka líta út eins og asni í augum annarra, fyrir að hafa reynt að snerta svanina.

## 3 Ekki ræða um stjórnsmál eða Íslandssögu

Nema þú serti algjört séni sem getur rætt þetta af sannfæringu. Það er í góðu lagi að spjalla kurteislega um stjórnsmál ef umræðuefnið ber á góma, svo lengi sem þú bryddar ekki upp á því sjálfur. Og í guðanna bænum, hvað sem þú gerir, ekki segja eitthvað á borð við „Ísland er eins og litli ættleiddi sonur Noregs“. Bara ekki gera það. Það er

alltaf góð hugmynd að vera kunnugur staðhættum á þeim stöðum sem þú hyggst heimsækja, til að koma í veg fyrir félagslega útskúfun.

## 4 Ekki vera hávær og óþolandi

Þetta er raunar góð þumalputtaregla fyrir alla. Íslendingar eru upp til hópa hljóðlát þjóð, fyrir utan líflega gesti miðbæjarins um helgar. Jafnvel háværustu og mest óþolandi Íslendingarnir eru mun bærilegri en meðal drykkjurafturinn annars staðar í heiminum. Hvernig geta Íslendingar fundið útlending? Þeir leita að háværustu manneskjunum úti á götu. Ef þú vilt að heimamenn komi fram við þig eins og durg með dólglæti, þarftu bara að byrja að garga.

## 5 Ekki kvarta yfir matnum.

Íslendingar elska ljúfmeti sitt, hval, lunda, gerjaðan (fínt orð yfir rotinn) hákarl, svið og hrútspunga. Það er ekkert meira pirrandi en illa upplýstur útlendingur sem kúgast á meðan fólk er að reyna að borða matinn sinn. Þú ert í þeirra landi, svo vertu kurteis. Ef ljúfmetið höfðar ekki til þín, ekki borða það, það ekki flókið. Það er mikið úrval af hentugri mat sem þú getur fengið þér í staðinn.

## 6 Ekki fara í gufubað eða sundlaug án þess að þvo þér fyrst

Að safnast saman í gufubaði og sundlaug er eins konar þjóðaríþrótt hjá Íslendingum. Það sem gerir sundlaugarnar frábærar eru



Á þennan lista vantar: Ekki leika ykkur í Reynisfjöru



Nennir einhver að segja ferðamönnum að við borðum þetta ekki daglega

þær ströngu hreinlætisreglur sem um þær gilda. Af virðingu við þessar reglur muntu þurfa að þvo þér, nakinn, áður en þú ferð ofan í.

## 7 Vertu frjálstur (eða ekki láta það angra þig að aðrir séu það)

Íslendingar hafa ekki haft eiginlega efri stétt í um 700 ár, svo þeir eru minna feimnir við búkhljóð en aðrar þjóðir. Ekki verða hissa þótt þú rekist á fólk sem ropar, sötrar eða fretar í kringum þig. Þetta eru eðlileg búkhljóð. Svo taktu þátt, eða leiddu þetta fram hjá þér.

## 8 Ekki vera kaldhæðinn

Ekki nota kaldhæðni á Íslandi. Kímnigáfa þín er ekki endilega velkomin annars staðar en heima hjá þér. Enska er ekki fyrsta

tungumálið á Íslandi. Brandararnir þínir gætu tapað merkingu sinni í þýðingunni og kaldhæðni þinni tekið sem eiginlegu svari við spurningu. Best er að vera einlægur og vingjarnlegur. Ef eitthvað misferst, biddu þá afsökunar og haltu áfram inn í daginn þinn.

## 9 Ekki reyna að tala íslensku

Líkt og í öðrum Evrópuríkjum, þar sem enska er ekki almenn, þarf að tala ensku á Íslandi. Nema þú hafir lært íslensku. Tungumálið er ótrúlega erfitt að læra og bera fram. Heimamenn munu ekki endilega telja þig kjánalegan eða vitlausan, reynir þú að tala tungumál þeirra, en að öllum líkindum munu þeir ekki skilja orð af því sem þú reynir að segja. Til að vera kurteis geturðu komist af með að kunna halló,

þess og takk, en annars skaltu halda þig við enskuna enda tala Íslendingar flestir ensku.

Líkt og á hinum Norðurlöndunum, eru íslenskir heimamenn gjarnan hlédrægir. Yfirleitt má ganga að því sem vísu að þeir taki vel á móti og umberi erlenda ferðamenn sem heimsækja eldfjallahimnaríki þeirra. Ólíkt öðrum þjóðum, sem finnst best að eyða tímanum í að fylgjast með ferðum nágretta sinna, eru Íslendingar uppteknir af sínu eigi lífi. Íslendingar virðast þolinmóðir og afslappaðir. Samræður við þá geta verið mjög skemmtilegar, svo lengi sem þú getur haldið umræðunum frá veðrinu. Rabb um allt og ekkert er ekki vel metið. Þú munt líklega heldur aldrei sjá allsgáða Íslendinga rifast, hvorki á almannafæri né í einkahúsum. ■



Svanir eru engin lömb að leika sér við



# Kærkominn vetur

Ábyrgðarmaður: Kolbrún Dröfn Ragnarsdóttir / kolla@dv.is Umsjón: Jóhanna María Einarsdóttir / johanna@dv.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ:

## Góðar barnasýningar kynda undir leikhúsáhuganum

Þjóðleikhúsið hefur verið afar duglegt að bjóða upp á flottar sýningar fyrir unga fólk. „Okkur þykir mikilvægt að fá yngstu kynslóðirnar inn í leikhúsið og til þess þurfa sýningarnar að vera góðar. Við spörum ekkert til í barnasýningum því þetta er kynslóðin sem vex úr grasi og sækir svo leikhúsið síðar meir,“ segir Atli Þór Albertsson, markaðsstjóri Þjóðleikhússins.

### Afar stolt af Ronju

Langvinsælasta barna- og fjölskyldusýning landsins er án efa Ronja ræningjadóttir. „Það er búið að vera smekkkullt alveg upp í rjáfur á fyrstu fimmtíu sýningunum og erum við þegar byrjuð að selja á sýningar í maí. Sýningin er alveg sérlega vel heppnuð enda alveg einstakt hæfileikafólk sem að henni stendur. Við erum gífurlega stolt af því að hafa Ronju á sviðinu hjá okkur.“

### Ditt eigið þrekvirki

Fimmtudaginn 31. janúar var líklega eitt mesta þrekvirki íslenskrar barnaleiklistarsögu frumsýnt í Kúlunni. Það er verkið Ditt eigið leikrit – Goðsaga. „Þrátt fyrir að vera sýnt í litlum sal þá er þetta líklega víðamesta verkið á fjöllum Þjóðleikhússins í ár. Það er allavega tæknilegasta og flóknasta verkið okkar og alger nýjung þegar kemur að leikritun. Við þurftum m.a. að hanna kosningakerfi og búa til fjarstýringar fyrir hvern leikhúsgest, því þetta er ekki bara ein saga og ein framvinda, heldur ótal margar. Söguþráðurinn er settur í hendur áhorfenda sem stjórna framvindunni. Verkið er allajafna klukkutími í sýningu en rennslið á öllum framvinduleiðum verksins myndi taka heila sex tíma í flutningi. Þannig verður hver sýning ólík öðrum sýningum.“

Niðri í kjallara Kúlunnar er svo ótrúlega skemmtileg sýning með ýmsum munum sem tengjast leiksýningunni, eins og þurkað vikingahöfuð, tönn úr Miðgarðsorminum og sjálfur Fenrisúlfr. Við erum líka sérlega stolt af því að hugmyndin að verkinu mótadist upprunalega í samvinnu fólks sem hér starfar. Þetta sama fólk útfærir, hannar

og framkvæmir þann galdur sem við sjáum. Sýningin er því afrakstur þrotlausrar vinnu starfsmanna Þjóðleikhússins og að sjálfsgöðu höfundarins, Ævars Þórs,“ segir Atli.

### Börnin á landsbyggðinni

Eins og áður sagði er barnastarfið gífurlega stór hluti af starfi leikhússins en auk þess er eitt af markmiðum leikhússins að tengja það við landsbyggðina. „Á hverju ári förum við hringinn með eina sýningu og bjóðum börnum á landsbyggðinni að njóta. Okkur þykir mikilvægt að öll börn, óháð búsetu, eigi kost á að fara í leikhús því þetta er svo skemmtilegt og þroskandi listform,“ segir Atli.

### Þjóðleikur: Farsælt samstarf

Þjóðleikur er stórt og afar farsælt samstarfsverkefni Þjóðleikhússins og fjölmargra menningarráða grunn- og framhaldsskóla, sveitarfélaga og áhugaleikfélaga á landsbyggðinni. Þjóðleikhúsið veitir þeim leikhópum sem taka þátt í Þjóðleik aðstoð í formi faglegrar ráðgjafar og námskeiða þar sem tekið er á þáttum eins og sviðsetningu, sviðstækni, leikstjórn og skipulagi æfingaferlis. „Með því að láta íslensk leikskáld skrifa ný íslensk leikrit fyrir leikhópana eflir Þjóðleikhúsið að auki íslenska leikritun ásamt því að auka leiklistaráhuga ungs fólks,“ segir Atli.

### Miðaverði stillt í hóf

„Það sem kemur flestum á óvart þegar þeir fjárfesta í miðum á barna- og fjölskyldusýningarnar okkar er hvað miðaverðinu er haldið lágu. Það kostar t.d. ekki nema 4.500 kr. á Ronju ræningjadóttur og 3.900 kr. á Ditt eigið leikrit – Goðsaga. Miðaverð á smærri og styttri sýningar er enn fremur oft enn lægra,“ segir Atli.

Nældu þér í miða á einhverja af þeim fjölmörgu sýningum sem Þjóðleikhúsið býður upp á í miðasölunni Hverfisgötu 19 eða á leikhúsid.is

Sími í miðasölu: 551-1200  
Netfang: midasala@leikhúsid.is

Opið er í miðasölu frá 12–18 alla virka daga og á sýningardögum frá 12–20. ■







# Hjá Jobba er elsta starfandi bónstöð landsins

**B**ónstöðvar koma og fara en bónstöðin Hjá Jobba hefur verið starfandi í yfir 30 ár. Hvernig er slíkt hægt þegar meðalaldur í bransanum eru nokkur ár? Svarið er: Gæði, lágt verð og áncægðir viðskiptavinir. Þeir sem fara með bílinn sinn til Jobba vita að þeir munu fá toppþjónustu. Bónstöðin vex enn og dafnar og er núna elsta starfandi bónstöð landsins.

Reynsla Jobba í bransanum nær reyndar enn lengra aftur í tímann en hann starfaði hjá Sveini Egilssyni frá árinu 1982 og stýrði deild sem sá um standsetningu, skráningu og þrif á nýjum bílum. Hann hefur síðan verið sjálfstætt starfandi frá árinu 1986.

Helstu þjónustupættir sem í boði eru hjá Jobba eru eftirtaldir: Alþrif, þrif að innan, þrif að utan og bónun, teflonbónun, djúphreinsun teppa og sæta, tjörupvottur, vélarpvottur, ryksugun, lakkmössun, blettun,

lakkviðgerðir og ýmislegt fleira. Ítarlegar upplýsingar um þjónustuliðina er að finna á vefsíðunni [hjobba.is](http://hjobba.is). Þar eru einnig greinargóðar upplýsingar um verð.

Fólksbílar almennings eru vitanlega algengustu verkefni Jobba en stöðin tekur líka meðal annars að sér hreinsun og bónun á rútum, flutningabílum og öðrum vinnutækjum.

Enn fremur þrifur Jobbi og bónar bíla fyrir Suzuki bíla ehf. og fleiri þekkt fyrirtæki.

Hjá Jobba er staðsett í Skeifunni 17. Stöðin er opin virka daga frá kl. 9 til 17.30 nema föstudaga, þá er opið til kl. 17. Tímapantanir eru í síma 568-0230. Þá er einnig tilvalið að senda tölvupóst á netfangið [hjobba@simnet.is](mailto:hjobba@simnet.is) ef þú vilt bætast í ört vaxandi hóp áncægðra viðskiptavina stöðvarinnar. Því eins og Jobbi segir: „Við gerum gott betra.“

Heimsíða er [hjobba.is](http://hjobba.is). ■

# BÓN & PVOTTUR

# hjá jobba

## Sími 5680230







VIP DEKK:

# Eru dekkin þín í lagi?

**V**IP Dekk er orðið vel þekkt fyrirtæki á íslenskum dekkja- og felgumarkaði en það hefur verið starfrækt í 6 ár að Eldshöfða 16. Með auknum umsvifum hefur fyrirtækið flutt starfsemi sína í nýtt og stærra 400 fermetra húsnæði að Fosshálsi 7. VIP Dekk býður upp á faglega þjónustu þegar kemur að hjólbörðum og öllu sem þeim fylgja. Fyrirtækið sér meðal annars um umfelgun, ballanseringu, dekkjaviðgerðir og býður upp á dekkjahótel fyrir sumar- eða vetrardekk. „Við seljum einnig allt sem tengist hjólbörðum á bílum og mót-orhjólum, hvort sem það eru hjólbarðar, felgur, hristiskynjarar, felgurær, felgumíðjur eða annað, við erum með þetta allt,” segir Vlad Lavrenov hjá VIP Dekk.

## Vertu öruggur í færðinni

Það hefur ekki farið framhjá neinum sá snjóþungi sem verið hefur í Reykjavík undanfarið, en slíkt færi getur haft töluverð áhrif á aksturseiginleika bifreiða og enn verri áhrif á hjólbarðana. Vlad mælir með að fólk drifi sig á verkstæðið að láta skoða ástandið á dekkjum. „Við veitum fyrsta flokks þjónustu og metum ástandið fljótt og örugglega. Svo erum við ráðleggjandi um framhaldið,” segir Vlad.

## Sannfærðir um gæði Fondmetal

Markmiðið er að sjálfsögðu að veita viðskiptavinum sínum betri þjónustu og aukið vöruúrval í dekkjum og felgum. VIP Dekk selur, meðal annarra merkja, felgur frá framleiðandanum Fondmetal sem Íslendingar ættu að kannast vel við frá fyrri tíð. Fondmetal er ítalskur framleiðandi og er einn af OE-framleiðendum fyrir bílaframleiðendur. Því eru kröfur um gæði og endingu mun meiri en hjá flestum öðrum framleiðendum.

„Rætur Fondmetal má rekja til Formúlu 1 kappakstursins en Fondmetal var með sitt eigið lið í þeirri deild í áraraddir. Sérhæfing í sérstaklega léttum felgum og einstaklega mikilli nákvæmni við framleiðslu hefur því verið meðal þeirrar reynslu sem Fondmetal hefur haft að leiðarljósi er kemur að framleiðslu á öllum sínum felgum. Tveggja ára ábyrgð er á göllum og tæringu á öllum þeirra felgum og erum við því sannfærðir um gæði vörunnar.“

Við höfum verið að selja nýja línu frá Fondmetal sem heitir Inspired og er tileinkuð Audi, BMW, Skoda, Volkswagen og Mercedes. Þessi lína kom út á síðasta ári og hefur fengið svakalega góðar móttökur,” segir Vlad.



Enn frekari stækkunar linunnar er að vænta á þessu ári sem og nýrrar gerðar af „Tuning“-felgu sem er sérstaklega sterk og létt og ætluð kraftmeiri bílum.

VIP Dekk ehf. býður faglega hjólbardáþjónustu fyrir fólksbíla og jeppa og selur nýja hjólbarða frá GoodYear, Dunlop, Fulda, Sava, Toyo, Pirelli, BF-Goodrich og Sailun.

Að auki bjóðum við felgur til sérþöntunar á góðu verði frá Gmp Italia, CMS Wheels, Oz Racing og Bbs.

„Nú geta allir viðskiptavinir okkar komið til okkar og notið kaffisopans á meðan

skoðaðar eru flottar felguústillingar frá okkar framleiðendum í nýjum og stærrum húsakynnum,” segir Vlad.

Nánari upplýsingar má nálgast á vefsíðunni vipdekk.is og á Facebook-síðunni vipdekkiceland.

VIP Dekk ehf. er staðsett að Fosshálsi 7 110 Reykjavík.

Endilega hafðu samband við okkur í síma: 571-9111 eða 690-9111

Netpóstur: vipdekk@internet.is.

Opið er virka daga frá 08-18 og laugardaga frá 10-13. ■







KRÓKUR:

# Sérhæfing í flutningi og björgun ökutækja

**K**rókur er þjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig í flutningi og björgun ökutækja. Gísli Jónsson framkvæmdastjóri segir frá því að félagið reki einnig þjónustumiðstöð þar sem veitt er alhliða þjónusta í meðhöndlun tjónabifreiða fyrir þá sem þess óska.

„Starfsfólk Króks hefur mikla reynslu og félagið hefur yfir að ráða öflugum bíla- og tækjabúnaði til að sinna þörfum viðskiptavina.“

#### Helstu þjónustupættir Króks eru:

- Flutningur, björgun og vistun tjónaökutækja.
- Uppboðsmeðferð bifreiða.
- Tjónaskoðun bifreiða.
- Ástandsskoðun og verðmat bifreiða.
- Úttekt á viðgerðum ökutækja eftir stórtjón.
- Björgun, flutningur, vistun, varðveisla og sala lausafjarmuna.
- Vegaaðstoð á staðnum, rafmagn, dekk og fleira.
- Þjónusta Króks er aðgengileg allan sólarhringinn alla daga ársins í gegnum síma 522-4600.

Afgreiðslutími bifreiðageymslu og bilauppboðs er frá kl. 8.30–17.00 alla virka daga.

#### Bilauppboð á vegum Króks

Að sögn Gísla Jónssonar eru bílauppboð örugg, hagkvæm og fljótleg leið til að selja bifreiðar. „Í flestum tilvikum seljast bifreiðar á 3–5 dögum gegn staðgreiðslu. Krókur bilauppboð er viðurkenndur söluaðili sem sér m.a. um sölu á bifreiðum fyrir tryggingafélög og fjármálastofnanir.“

Kostir bilauppboð.is eru:

„Við seljum bæði bíla sem eru í góðu ásigkomulagi, en einnig bifreiðar sem þarfnast lagfæringa eða viðgerða. (Ástand bifreiða er tekið fram í söulýsingu miðað við fyrirliggjandi



upplýsingar). Seljendur þurfa ekki að hafa áhyggjur af því að taka aðrar bifreiðar upp í.“

Uppboðsvöktun er boði fyrir alla þá sem eru skráðir notendur hjá okkur og bjóða í ökutæki og aðra hluti á [www.bilauppboð.is](http://www.bilauppboð.is). Uppboðsvöktunin virkar þannig að þitt tilboð verður alltaf sjálfkrafa 5.000 krónum hærra en síðasta tilboð frá öðrum – upp að þeirri fjárhæð sem þú hefur skilgreint sem þitt hámarksverð,“ segir Gísli.

Krókur ehf., Vesturhrauni 5, 210 Gardabæ. Sími: 522-4610 Fax: 522-4649. ■







STÍLVOPNIÐ

# LANGAR ÞIG TIL AÐ SKRIFA? Ritlistarnámskeið Stílvopnsins

**S**tílvopnið er einnar konu fyrir-tæki," segir Björg Árnadóttir, stofnandi og framkvæmdastjóri Stílvopnsins, lítills fræðslufyrirtækis sem býður ritlistarnámskeið og ráðgjöf um ritun og útgáfu. Vinsælustu námskeið Stílvopnsins eru í endurminningaskrifum, greinarskrifum og skapandi skrifum en þau síðastnefndu fjalla um að skrifa skáldskap. Björg kennir sjálf öll námskeiðin og veitir ráðgjöfina. Flest námskeiðanna eru opin almenningi en Stílvopnið sérsníður líka námskeið fyrir hópa og vinnustaði. Námskeiðin eru haldin í Reykjavík Akademiunni, Þórunnartúni 2, en einnig víða um land. Ráðgjöf um ritun og útgáfu er veitt í formi samtala eða bréfaskipta og snýst um ólíkar þarfir ráðþeganna, en oftast um hugmyndavinnu, yfirlestur og umræður um skrifin.

## Óttinn við auða blaðið yfirstiginn

„Ég stofnaði Stílvopnið árið 2015 til að gefa út ferðabók sem ég hafði skrifað um Mývatnssveit. Þegar ég var komin með kennitölu, lógó og vefsíðu datt mér í hug að auglýsa ritlistarnámskeiðin sem ég hafði kennt í lokuðum hópum í áratugi. Námskeiðin hafa gengið vonum framár og ég er eiginlega komin í stórútgærd enda virðist fólk þyrsta í að skrifa. Á námskeiðunum öðlast þátttakendur öryggi eftir að hafa yfirstigið ótta sinn við auða blaðið eða skjáinn. Ég legg á það áherslu á öllum námskeiðum mínum að hjálpa fólki að yfirstiga þennan alþekktu ótta við að byrja að skrifa en bæti svo smám saman við æfingum sem fjalla um viðfangsefni hvers námskeiðs.“

## Löng reynsla af fræðslumálum

Björg er enginn nýgræðingur í fræðslustörfum enda hefur hún kennt síðan hún útskrifaðist sem myndlist-

arkennari árið 1983. „Ég fór að kenna myndlist í Svíþjóð en kynntist þar fljótlega ritlistarkennslu sem höfðaði meira til mín. Ég tel þó myndlistarnámið afar góðan grunn fyrir ritlistarkennara, enda kennir myndlistin okkur að horfa og sjá, sem rithöfundar þurfa svo sannarlega að temja sér. Ég lauk námi í blaðamennsku í Svíþjóð og flutti svo heim árið 1989 og hef skrifað og kennt síðan og nú hefur mér tekist að flétta saman ævistörfin í Stílvopninu," segir Björg sem einnig hefur M.Ed.-gráðu í kennslu skapandi greina og skipulagi fræðslu. „Ég hef nær alltaf kennt fullorðnum og var svo heppin um árápúsundamótin þegar mikil gerjun var í fullorðinsfræðslunni að fá að stýra þremur stofnunum á þessu áhugaverða skólastigi um tólf ára skeið. Að þeirri reynslu bý ég hjá Stílvopninu.“

## Byggt á virkni og reynslu þátttakendanna

Á námskeiðum Stílvopnsins er lögð áhersla á kennsluhætti sem byggja á virkni nemenda. „Þegar þú skrifar er það reynsla þín sem skiptir mestu máli, hvort sem þú ert að rifja upp minningar, færa skoðanir þínar í orð eða nota ímyndunaraflíð til að skálda nýjan veruleika. Ég hjálpa fólki að sækja efniviðinn inn á við en legg einnig afar mikla áherslu á hlutverk hópsins sem spegil fyrir skrif einstaklinganna. Galdurinn felst að mínu mati í því að fólk fær að vera það sjálft en gefst þó tækifæri til að spegla sig í öðrum," segir Björg Árnadóttir um námskeiðin sem hún hefur þróað í nafni fyrirtækis síns, Stílvopnsins.

Nánari upplýsingar á [stilvopnid.is](http://stilvopnid.is) og á Facebook-síðunni Stílvopnið ehf. Þórunnartún 2, 105 Reykjavík Sími: 899-6917 Netpóstur: [bjorg@stilvopnid.is](mailto:bjorg@stilvopnid.is) ■



Björg Árnadóttir.



Engar áhyggjur, þú þarft ekki að liggja á gólfinu þótt þessi ungmenni á ritlistarnámskeiði Stílvopnsins í Slóveníu hafi gert það.





# Veturinn er kominn í Nítró

**N**ítró hefur lengi verið þekkt á meðal mótörhjóra- og fjórhjólafólks en það eru færri sem vita að Nítró þjónustar einnig allt sem viðkemur vetrarsporti.

Fyrst má nefna Arctic Cat vélsleðana sem þeir selja, en Arctic Cat kynnti til sögunnar í vetur einn byltingarkenndasta vélsleða sem komið hefur fram á sjónarsviðið í langan tíma, en það er Alpha One sem er bara með einn leiðara í búkka og gerir hann einstaklega skemmtilegan í akstri. Að sjálfsögðu býður Arctic Cat áfram upp á M8000, Hardcore og Mountain Cat sem hafa fyrir löngu sannað ágæti sitt.

En Nítró einblínir ekki bara á Arctic Cat því þar er hægt að fá ýmsa slit- og aukahluti fyrir allar tegundir vélsleða t.d. rífara, nagla, meiða, karbita, sleðahjól (dollies), hita í handföng og ýmislegt fleira. Einnig er hægt að sérpanta véla- og varahluti í nær allar tegundir vélsleða. Nítró er í umboðsaðili fyrir Kimpex sem er stærsta fyrirtæki sinnar tegundar í vélsleðasportinu með hundruð vörflokka. Einnig sjá þeir um vélahluti í gegnum CVTech sem sérhæfir sig í þeim.

Nýjasta æðið í vetrarsportinu er svokölluð snjöhjól, en það eru torfæruhjól sem beltabúnaður og skíði eru sett undir. Í Nítró er að finna beltabúnað frá Yeti og Motortrax í nokkrum mismunandi útgáfum.

## Hlý föt fyrir sportið

En það er ekki nóg að eiga góð tæki, því það þarf líka að klæða sig rétt þegar kuldaboli bitur í kinnar. Í versluninni er að finna allan fatnað í vetrarsportið; heilgalla, úlpur, buxur, ásamt skóm,

hönskum, undirfötum og hjálum frá toppframleiðendum eins og FXR, Motorfist, CKX, Airoh og fleirum. Og þeir sem vilja setja öryggið á oddinn þá fást snjóflóðapokar, ýlur og stangir frá BCA í versluninni.

## Sumarið í Nítró

Þegar sól hækkar á lofti fyllist búðin af sumarvörum. Ein allra vinsælasta feringargjöf síðustu ára hefur verið vespa og hefur Nítró verið í fararbroddi á þeim markaði með Znen bensínsvespunar og ZTech rafmagnsvespunar. Það þarf einungis að vera 13 ára til að mega aka þeim og það þarf hvorki að skrá þær né tryggja.

Svo er líka gott að minna á CFMoto fjórhjólin og buggy-bilana, Kawasaki og Beta mótörhjólin og allan búnað og fatnað ásamt vara- og aukahlutum sem viðkoma mótorsportinu.

Og þeir sem þurfa að láta gera við tæki þurfa ekki að leita langt yfir skammt því fullkomið verkstæði er á staðnum sem sinnir öllum gerðum og tegundum tækja, hvort sem þau eru á tveimur hjólum, fjórum eða á belt. Nú er sérstakt tilboð á vetrarskoðun fyrir vélsleða á verkstæðinu sem stendur út mars.

Verslunin og verkstæðið eru í 1.000 fermetra húsnæði að Urðarharfi 4.

Opið í versluninni kl. 10.00–18.00 alla virka daga.

Heimasíðan [nitro.is](http://nitro.is) hefur verið mikið endurnýjuð og er enn í vinnslu. Þar er að finna alla vörflokka sem verslunin selur. ■







STJÖRNUSÓL:

# Skelltu þér í sólina án flugmiða

**E**rtu komin/nn með ógeð á skammdeginu? Finnst þér lýsi vont? Gleymirðu itrekað að taka inn D-vítamín perluna á morgnana? Vantar þig kannski bara smá hita í kroppinn? „Við tókum við rekstrinum hjá sólbaðstofunni Stjörnusól í fyrra og gerðum nokkrar þarfar breytingar. Í dag sækist fólk í auknum mæli eftir fleiru en sólbrúngu þegar það leggst inn í ljósabekk. Ljósabekkir í dag eru líka svo miklu meira en þeir voru í gamla daga. Sumir vilja klassíska sólbrúngu, aðra vantar að auka náttúrulega D-vítamín framleiðslu líkamans og enn aðrir sækjast eftir hitaáhrifunum til þess að lina sársauka vegna vefjagigtar eða vöðvabólgu,“ segir Páll Ágúst Aðalheiðarson, eigandi Stjörnusólar.

## Megasun Alpha Deluxe: D-vítamínbúst í skammdeginu

„Við erum með tvo nýlega bekki frá Megasun Alpha Deluxe. Bekkurinn býður upp á valmöguleika á að stilla ljósatímann algerlega eftir þörfum hvers og eins. Í bekkjunum eru sérstakar perur sem gefa frá sér aukna UVB-geisla, sem eru þeir geislar sólarinnar sem eru nauðsynlegir til D-vítamín framleiðslu. Einnig eru öflugar Ruby-Collagen-Booster LED-perur staðsettar umhverfis andlitið. Þær gefa frá sér geisla sem vinna gegn öldrun húðar, veita aukinn raka, auka blóðflæði um húðina og hjálpa til við slökun og hreinsun. Bekkurinn er með stillingum fyrir hitastig, gerð sólargeisla, þ.e. UVA eða UVB eftir því hvort sóst er eftir sólbrúngu eða aukinni D-vítamín framleiðslu, og margt fleira. Bekkurinn getur gefið frá sér slakandi aroma-ilmefni, eða sprejjað þægilegum vatnsúða yfir líkamann verði manni of heitt. Svo er rúsinan í pylsuendanum sú að það er hægt að hlusta á tónlist meðan á tímanum stendur. Þú getur m.a. hlustað á slökunartónlist sem er innbyggð í bekkinn eða tengst bekknum með símanum gegnum Bluetooth og notið eigin tónlistar,“ segir Páll.

## Kollagen: undraefni líkamans

Stjörnusól er með tvo kollagenbekki sem gefa frá sér geisla sem auka kollagenframleiðslu húðarinnar. Áhrifin eru þau að slit minnkar og húðin verður stinnari sem gefur unglegra útlit. Einnig geta



geislarnir dregið úr verkjum vegna slitgigtar. Kollagen er algengasta prótínið í líkamanum og er það efni í húðinni sem veitir unlegt og frísklegt útlit.

## Innrauð sauna fyrir mjúka liði og aukna brennslu

„Það allra nýjasta á stofunni hjá okkur er svo Infrared sauna, eða innrauð þurrufa. Það er engin gufa inni í klefanum heldur hitalampar sem gefa frá sér innrauða ljósgeisla og hita klefann upp í 50–60°C. Geislarnir hjálpa til við svefnvandamál, sársauka vegna vefjagigtar, vatnslosun, þyngdartap og auka brennslu. Einnig mýkja þeir liðina og strekkja á húðinni. Tíminn er um 20–30 mínútur og mælt er með tvöföldum tíma í hvert skipti fyrir hámarksárangur,“ segir Páll.

## Drottningin

Fyrir þá sem sækjast aðallega eftir sólbrúngu og/eða hita er Stjörnusól með fimm klassíska sterka ljósabekki frá Luxura X10. „Luxura X10 er réttnefndur drottning ljósabekkjanna enda er hann stór og þægilegur með nóg af pláss. Það er unun að láta sólargeislana leika um sig. Bekkurinn getur gefið frá sér slakandi ilmliur, maður getur spilað tónlist að eigin vali, sprejjað hressandi misturúða eða blásið köldu lofti til kælingar,“ segir Páll.

Nánari upplýsingar á stjornusol.is og á Facebook-síðunni: Stjörnusól Hægt er að bóka tíma hjá Stjörnusól á netinu á stjornusol.is/hafnarfjordur/boka-tima.

Það er hægt að kaupa tímakort hjá okkur í Stjörnusól, Fjardargötu 17, 220 Hafnarfirði.



Þess má geta að tímakortin renna ekki út á milli ára.  
Sími: 555-7272  
Netfang: hafnarfjordur@stjornusol.is

Opið alla daga frá 10–22  
Tilboð á sunnudögum: Stakur tími eingöngu 1.200 kr. ■



LEIFTUR VERSLUN:

# Börnin eru örugg í Axxid-barnabílstólunum



Árið 2011 hófu eigendur Leiftur verslun að flytja inn Axxid bakvísandi barnabílstólana og í kjölfarið varð Leiftur vefverslun að veruleika árið 2013.

„Í dag bjóðum við upp á allar öryggisvörur fyrir barnafjölskyldur og meira en það,“ segir Benedikt Ármannsson hjá Leiftur verslun.

„Axxid barnabílstólarnir eru sænskir bakvísandi gæðastólar. Bakvísandi stólar eru meira en fimm sinnum öruggari en framvísandi stólar og mælum við með því að börn séu bakvísandi sem lengst. Minikid stóllinn er vinsælastur, hann er fyrir börn 0-25 kg., sem er fyrir 0-5 ára börn, þó að ég hafi séð börn allt að sjö ára aldri í þeim. Stólarnir eru langir og þægilegt er fyrir börnin að sitja í þeim og sitja lengi í þeim,“ segir Benedikt. „Það er þægilegt að festa stólinn í bílinn og fer lítið fyrir honum.“

Minikid stóllinn fæst í fimm litum: svartur, bleikur, blár, rauður og grár. Mælir Benedikt þó ávallt með því að nota ungbarnabílstól fyrir börnin til að byrja með.

Þar sem bílstóllinn vísar bakinu að bílstjóra, er einnig gott að kaupa spegil sem festa má á höfuðpúðann, svo hægt sé að fylgjast með barninu. Fæst hann einnig hjá Leiftur verslun.

Kannanir hafa sýnt að allt að 80% af stólum eru rangt festir.

„Við viljum að fólk máti stólinn í bílinn og barnið í stólinn. Við að-

stoðum fólk við að festa stólana í bílinn og fólk getur alltaf komið aftur ef það er óöruggt með að stólinn sé ekki rétt festur. Sem dæmi má nefna þá var einn hjá mér í dag sem var kominn með nýtt barn í stólinn og vildi bara vera viss um að allar festingar væru réttar. Um 80% stóla eru rangt festir skv. könnunum, en flestir sem eru með bakvísandi stóla eru mjög meðvitaðir um stólana hjá sér og öryggið.“

## Firstbike jafnvægishjólín – Börn eru enga stund að læra að hjóla

Leiftur verslun selur einnig Firstbike jafnvægishjólín, en með þeim læra börn að hjóla án hjálpardekkja. Hjólín má skoða bæði á [firstbike.is](http://firstbike.is) eða [leiftur.is](http://leiftur.is). „Hjólín eru ætluð börnum á aldrinum 2-5 ára, en börn geta notað þau með lækunarbúnaði frá 2 ára aldri,“ segir Benedikt.

Hjólín koma í einni stærð, en týpunar eru fjórar, í mismunandi litum og með mismunandi dekkjum. Á öllum hjólunum er handbremsa.

„Börnin hlaupa eða labba með hjólunum og ná jafnvæginu ótrúlega hratt, það er ótrúlegt að sjá 2 ára barn ná jafnvæginu bara á einum degi. Þau eru farin að hjóla með þér bara eftir 1-2 daga.“

Leiftur verslun selur einnig ungbarnabílstóla og sessur með baki. „Hjá okkur fæst allt frá snuðum upp í trampólín,“ segir Benedikt, „við bjóðum upp á gæðahluti á góðu verði og handveljum inn gæðavörur í



sölu hjá okkur. Við erum með allskonar öryggisbúnað fyrir heimili þar sem börn eru, hornhlifar, læsingar og fleira. Við seljum barnavagna og trampólín sem eru ein af þeim öruggustu sem hægt er að fá.“

Leiftur verslun selur einnig Snuzza lífvaktina. Hún er sett á bleyju barnsins og nemur andardrátt þess og lætur vita ef öndun verður óregluleg eða hættir. Snuzza fæst í Móðurást, Fífu og hjá Leiftur verslun.

Allt úrvalið má skoða í vefverslun Leiftur verslun á [leiftur.is](http://leiftur.is) og bílstolar.is og í barnavörusluninni Litli Gleðigjafinn á Akureyri. Hluti af vörunum fást í Móðurás, Fífu, Heimkaup og fleiri stöðum á höfuðborgar-



svæðinu. Hægt er að skoða og máta barnabílstólana í Mosfellsbæ.

Allar upplýsingar má fá í síma 412-2990 og á netfanginu [leiftur@leiftur.is](mailto:leiftur@leiftur.is). ■





# Æsingur vikunnar: Pálmatrén

Á föstudaginn í síðustu viku greindi DV frá því að Gunnar Bragi Sveinsson, þingmaður Miðflokksins, hefði logið til um minnisleysi sitt varðandi kvöldið örlagaríka á barnum Klaustri í nóvember. Daginn eftir ætlaði fréttastofa Bylgjunnar að toppa það og sagði að Gunnar Bragi hefði einnig sagt ósatt um bindindi sitt eftir Klaustursmálið. Fréttin var illa unnin og kom það á daginn að allt sem þar var sagt var uppspuni frá rótum. Upp hófst mikill æsingur meðal stuðningsmanna Gunnars Braga, sem var viðbúið í kjölfar fyrri Klaustursæsinga. Á mánudaginn var Gunnar Bragi orðinn fórnarlamb vondra fjölmiðla og flestir, ef ekki allir, voru búnir að gleyma æsingnum sem átti sér stað í vikunni á undan.

Nýr æsingur blossaði upp á þriðjudagskvöldið. Þá var greint frá því í kvöldfréttum RÚV að til staði að planta tveimur pálmatrjám utan dyra í nýrri íbúðabyggð sem mun rísa austan við Sæbrautina. Yrðu

þau inni í sérstökum hitastýrðum glerbúrum. Um er að ræða listaverk eftir þýsku listakonuna Karin Sander. Hjálmar Sveinsson, borgarfulltrúi og formaður dómnefndarinnar sem valdi verkið, mætti stoltur í fréttatímum og sagði að verkið mundi verða kennileiti fyrir nýja hverfið. Undir lok fréttarinnar kom fram að kostnaðurinn við pálmatrén tvö verði um 140 milljónir.

Hver veit nema stór hluti virkra í athugasemdum, með takmarkaða samúð með listum og meirihlutunum í Reykjavík, hafi kastað upp kvöldverðinum. Aðrir fjölmiðlar voru aðeins nokkrar mínútur að grípa töluna 140 milljónir á lofti og birta fréttir. Fyrir hádegi á miðvikudaginn var kapphlaup um að hæðast að pálmatrjánnum. Var meirihlutinn sakaður um óráðsíðu, bruðl og fíflagang. Meira að segja Landgræðslan hæddist að borgaryfirvöldum og rifjaði upp stráin frægu í Nauthólsvík. Garðyrkju- maður sagði í viðtali við DV að það væri verið að „kvelja“ plöntur.

Eftir hádegi fóru aðstandendur pálmatrjánna að tjá sig um málið. Fulltrúar Samfylkingarinnar, sem gátu ekki þvegið hendur sínar af málinu, sögðu að lóðarhafar myndu greiða fyrir verkið með innviðagjaldi. Rök sambærileg því og að segja að Marel sé að borga rekstrarkostnað menntaskóla í gengum innheimtu skatta. Það skapaðist nokkur úlfúð innan Samfylkingarinnar vegna málsins, sakaði Kristín Soffía Jónsdóttir borgarfulltrúi grasrót flokksins um að taka þátt í æsingnum. Logi Einarsson, formaður flokksins, maldaði í móinn. Ólöf Kristín Sigurðardóttir, safnstjóri Listasafns Reykjavíkur, sem stóð að samkeppninni um verkið, sagði það ekki dýrt og raunhæft verð fyrir útilistaverk. Æsingurinn var að mestu leyti búinn um kvöldið, en hélt áfram á síðum Morgunblaðsins og mun líklegast gera það áfram fram yfir helgi. Nema til komi ný vending í málinu. Annars sjáum við pálmatrén ekki fyrr en í næsta áramótaskaupi.



## Raðauglýsingar

# Jöfnunarstyrkur til náms

### Umsóknarfrestur á vorönn 2019 er til 15. febrúar n.k.

Nemendur á framhaldsskólastigi sem ekki njóta lána hjá LÍN geta sótt um styrk til jöfnunar á námskostnaði. Styrkurinn ræðst af búsetu og er fyrir þá sem að stunda nám fjarri heimili sínu.

- Dvalarstyrkur (fyrir þá sem að dvelja fjarri lögheimili og fjölskyldusinni vegna náms).
- Styrkur vegna skólaaksturs (fyrir þá sem sækja nám frá lögheimilifjölskyldu fjarri skóla).

Nemendur geta sótt um jöfnunarstyrkinn með rafrænum skilríkjum á Mitt LÍN sem aðgengilegt er í gegnum heimasíðu okkar [www.lin.is](http://www.lin.is) eða [island.is](http://island.is). Nemendur og aðstandendur þeirra eru hvattir til að kynna sér reglur um styrkinn á vef LÍN ([www.lin.is](http://www.lin.is)).

Lánasjóður íslenskra námsmanna  
Námsstyrkjanefnd

**LÍN** LÁNASJÓÐUR  
ÍSLENSKRA  
NÁMSMANNA



MYNDIR; HANNA/DV



„Ég er ekki sjúklíngur, en ég passa að muna að ég er veikur“

**Ragnar Jón Humi Ragnarsson** var 26 ára þegar hann var greindur með geðhvarfasýki árið 2013. Hann segir að þungu fargi hafi verið létt af honum þegar hann fékk loksins að vita hvað var að honum en hann hafði glímt við þunglyndi frá menntaskólaaldri. Eftir mikla sjálfsvinnu hefur hann lært inn á sjálfan sig og veikindi sín og nýtur daglegar rútínu og hversdagslífs. Blaðamaður DV settist niður með nafna sínum og ræddi hversdaginn, veikindin, batann til betra lífs og baklandið sem er stoð og stytta Ragnars.

Ragna Gestsdóttir  
ragna@dv.is



Það er ekki að sjá á Ragnari að hann sé veikur þegar hann bankar upp á heima hjá blaðamanni á sunnudegi, brosmildur og léttur í bragði, búinn að bregða sér yfir götuna, því Ísland er svo lítið að í ljós kom að aðeins nokkur hús skilja viðmælendur að í Hlíðunum.

„Ég heiti Ragnar Jón Ragnarsson, nánast alltaf kallaður Humi, sem er gamalt og skemmtilegt gælunafn sem festist við mig þegar

ég var 13 ára. Það er þínu eins og listamannsnafn, sem mér þykir voða vænt um,“ segir Ragnar.

Hann er giftur, á tvo börn, dóttur sem er 10 ára og son sem er sjö ára, kennaramenntaður og hefur starfað hjá Isavia síðan árið 2015 í þjálfunarmálum. „Í einfaldari mynd þá kenni ég starfsfólki að slökkva eld og ryðja snjó á flugvelli. Ég er skrifstofurækja, vinn frá 9–17, þrjá daga í viku í Keflavík og tvo daga í Reykjavík, keyri á milli og hlusta rosa mikið á podkast,“ segir Ragnar og hlær.

ég spurði hana hvernig þetta ætti að ganga upp hjá okkur, 14 próf í heildina, þarna erum við á prófi 11 og hún segir þessa frábæru setningu: „Hlutirnir hafa afgerandi tilhneigingu til að reddast.“

Sem þeir gerðu þarna, ég útskrifaðist. Ég man samt lítið eftir menntaskólaárunum og þegar fólk er að rifja eitthvað upp frá þeim tíma, þá segi oft bara „nei ég man það ekki“

**Hélt að geðrof væri að vera í hvítum serk og segjast vera Jesús**

„Síðan kemur fyrsta alvöru manían þar sem ég byrja að missa tengslin við raunveruleikann. Og það sem ég hef lært eftir að ég greinist er að þetta orð, geðrof, er miklu flóknara og stærra en ég hélt. Ég hélt að geðrof væri að maður stæði einhvers staðar í hvítum serk og segði „ég er Jesús,“ eða „ég er Napóleon,“ með sverð og skritinn hatt. En það er svona bíómyndar- eða poppmenningarútgáfa af geðrofi,“ segir Ragnar.

„Næstu ár verður það svo þannig að það sem gerist í heilanum á mér og það sem ég upplifi er ekki það sama og er að gerast í heilanum á mér er raunveruleikinn og þú getur ekki sannfært mig um að það sem ég upplifi sé nokkuð öðruvísi.“

Á þessum tíma vann Ragnar sem sölumaður í Kaupþingi, á þeim tíma sem ríkti manískt ástand í bönkum landsins, og segist hann líklega ekki móðga neinn með því að segja að hann hafi passað vel þar inn.

„Ég hef stundum kallað þetta bankamaníuna, ég var agalega spliffaður gaur í jakkafötum, algjörlega ruglaður. Á þessum tíma var The Secret vinsælt, og maður átti að sjá fyrir sér milljónkall og

**Menntaskólaárin tími vanlíðunar og þunglyndis**

Vanlíðanin hjá Ragnari byrjaði strax í gagnfræðaskóla, í 8.–10. bekk, og hann segist seinna hafa lesið sér til og yfirleitt komi áhrif geðhvarfasýki ekki fram fyrr en eftir grunnskólaaldur, eða kringum tvítugt. Á öðru eða þriðja ári í menntaskóla byrjuðu svo geðsveiflurnar og á sama tíma byrjaði Ragnar að drekka meira og reykja sigarettur.

„Ég drakk til að slæva þunglyndið, og ég man að ég drakk líka þegar ég var manískur og ég drakk þangað til ég fór í blakkát. Á einhverjum tímupunkti hugsaði ég að þetta væri ekki gott, ekki sniðugt. Svo kom næsta helgi, eða þar næsta helgi og geðveikin var komin aftur. Ég drakk til að slæva þetta og halda því niðri. Á síðasta ári í menntaskóla fór þunglyndið að bíta mig mikið, ég fór að hætta að mæta í skólann, en var ekki farinn að missa tókin á raunveruleikanum heldur leið mér bara ömurlega,“ segir Ragnar sem segist hafa skrönglað gegnum síðasta árið og hann skilji ekki alveg hvernig.

„Ég man ágætlega eftir stúdentsprófunum og það hitti þannig á að ég tók þau í geðhæð svo ég gat vakað allar nætur, rosa peppaður og þurfti ekkert að sofa. Í eitt skipti vorum ég og vinkona mín bæði ósofin á leið í mjög erfitt próf og

**GÆÐA BAKKAMATUR**

**MISMUNANDI RÉTTIR  
ALLA DAGA VIKUNNAR**



**AFGREIÐUM HÁDEGISMAT Í BÖKKUM  
ALLA DAGA ÁRSINS TIL FYRIRTÆKJA OG STOFNANA  
HRINGDU OG PANTAÐU Í SÍMA 555 1810**

*Veislulist*

HÓLSHRAUN 3, 220 HAFNARFJÖRÐUR / S 555 18 10 OG 565 1810 / VEISLULIST@VEISLULIST.IS / VEISLULIST.IS



# Tabúið og fordómarnir eru í heilanum á mér, ekki hjá fólkinu í kringum mig.

hengja á vegginn. Og eftir árið endaði ég með milljónkall í skuld, sem er þínu fyndið eftir á, en ekki þá. Ég endaði bara í steik. Þarna var ég í mjög manísku ástandi.“

## Hluti af tilvistarkreppunni að líða illa

Á svipuðum tíma og Ragnar og kona hans áttu von á sínu fyrra barni fluttu þau til Akureyrar og hann fór að kenna tónmennt við Brekkuskóla. „Ég var að vinna sem tónmenntakennari á veturna, á sumrin hjá Isavia og svo var ég inni á milli í námi. Ég bý að því að vera manískur kennari. Og það að vera manískur tónmenntakennari er geggjað, fullt af hugmyndum og fullt af krafti. Það voru 400 krakkar sem rúlluðu í gegn hjá mér á viku og við gerðum alls konar vitleysu þegar ég var í geðhæð, svo þegar ég fór niður þá voru YouTube-tímar, þar sem þau fengu bara að velja sér tónlistamyndbönd,“ segir Ragnar, sem oftast mætti til vinnu, þrátt fyrir að þetta væri mjög erfíður tími, en þarna vissi hann ekkert hvað það var sem hrjáði hann. „Þetta flaug alltaf einhvern veginn undir radarinn. Sú skoðun hefur fylgt mér frá menntaskóla eða jafnvel fyrr að mér ætti að líða svolítið illa, að það væri hluti af þessari eilífu tilvistarkreppu, sem það er alls ekki. Auk þess sem að þegar ég er ekki í þessari „tilvistarkreppu,“ þá komu uppsveiflurnar svo svakalega á móti, og ég hélt líka að það væri eðlilegt. Að ég væri bara svona peppaður gaur, að það væri eðlilegt að vera svona peppaður gaur.“

## Fæðing dótturinnar var jákvætt áfall

Ragnar segir tilkomu dótturinnar hafa verið jákvætt áfall, eins skrítið og það kann að hljóma. „Ég kalla það jákvætt áfall, því það að eignast barn er verulegt innslag í lífið. Það eru milljón tilfinningar sem fara í gang, spennu, kvíði, en á sama tíma missti ég alveg tengslin við raunveruleikann. Fyrir norðan átti ég mín veikustu ár og ég var í manísku ástandi í allavega eitt og hálf ár, það var allt eins og hvírfil-


bylur í kringum mig.

Það er svolítið ólán að öll þessi ár þá náðu maníurnar mínar aldrei yfir ákveðinn þröskuld, ég var bullandi veikur, rosalega lasinn, en náði samt einhvern veginn aldrei að toppa yfir. Í mörgum tímabilum átti ég heima inni á spítala og það hefði verið gott að taka mig aðeins úr umferð; „heyrðu þú átt heima hér, við ætlum ekki að hafa þig með þarna úti“, segir Ragnar og hlær.

## Manískur heimilisfaðir í Hrísey

Þegar dóttirin var nýfædd og Ragnar í fæðingarorlofi sannfærði hann konuna sína um að það væri góð hugmynd að flytja út í Hrísey. „Ég hafði farið þangað með 10. bekk í útskriftarferð og kom heim alveg uppnuminn og fannst það frábær hugmynd, sem var góð maníuhugmynd, að við yrðum að flytja til Hríseyjar.“ Fljótlega eftir komuna þangað voru þau síðan bæði fengin til að kenna við grunnskólann, og síðar tók hann ákvörðun um að fara í kennarnám. „Það liggur vel fyrir mér að ná til krakka og þegar ég ákvað að verða kennari þá kom ekkert annað til greina, alveg sama þótt það væri illa borgað. Svo er þetta bara svo ógeðslega skemmtilegt.“

Í Hrísey gat Ragnar tekið fullt af maníum að eigin sögn án þess að gera eitthvað stórvægilegt af sér, og segir hann að þar hafi hann tekið margar myndir og skrítnar maníur. „Ég bakaði alla daga, tvær tegundir á dag hið minnsta og það fóru mörg kíló af hveiti hjá mér í viku. Ég fékk þráhyggju fyrir að steikja karamellu, með smábarnið upp á aðra höndina, sem var ekkert svo sniðugt. Einhvern tíma bakaði ég til dæmis Twix; kexið, karamelluna og súkkulaðið, og mætti svo með það í skólann til konunnar minnar í fyrra kaffi, í fyrra kaffi sjáðu til!, þá var ég búinn að baka síðan fimm um morguninn og tókst að láta þetta ganga upp eins og allt væri eðlilegt. Allir að tala um hvað ég væri rosalega duglegur. Ég á margar skemmtilegar maníusögur frá þessu tímabili.“



Einhvern tímann voru 14 prentarar í steik í kjallaranum, þá ætlaði ég að smíða einhvern rafstýrðan fræsara og það var allt undirlagt og úti um allt. Ég fékk eitt sinn þá flugu í höfuðið að smíða hjól með svona risakassa framan á og fór og sótti tíu hjól á haugana og byrjaði að sankka að mér efni, sem var gott og blessað, fólk smíðar alls konar hluti, nema ég ætlaði að smíða þetta hjól og hjóla svo um hverfið og sækja öll börnin og skila þeim á leikskólann, þannig að það er gott að varð ekki af þeirri hugmynd.

Þarna var manían uppi og þá er maður fullur af orku og sjálfstrú og getur gert alls konar skemmtilegt, sagt skemmtilegar sögur þar sem allir hlægja með, maður þarf lítið að sofa og er bestur. Svo geturðu farið upp og haldið áfram og þá ferðu upp úr „ég er bestur“ og upp í „það eru allir á móti mér paranoju“ og þú missir raunveruleika-tengslin. Það er mikilvægt fyrir mig að skoða alla þessa reynslu og vera meðvitaður um hvar ég get staðsett mig í dag.

Konan mín spyr mig oft: „hvar ertu núna?“, og oftast er ég í miðjunni, stundum fer ég niður í fjóra eða þrjá og stundum upp í sex. Ég er á miðlinu í fimm, ef ég er í tíu er ég líklega floginn út í geim að tala við geimverur og við núll er ég búinn að kála mér, eða hér um bil. Konan mín hefur fylgt mér alla þessa sögu og þegar hún segir við mig, „nú ertu farinn að hreyfast eitthvað niður á við,“ þá er ég búinn að læra að það er rétt því hún sér merki sem ég sé ekki. Í dag hreyfist ég blessunarlega mjög stutt frá miðlinu.“

## Háskólaárin tímabil erfiðs ástands

Þegar Ragnar og kona hans byrjuðu bæði í háskólanum, fór þunglyndið að hrjá hann verulega og það komu tímabil þar sem hann gat ekki sinnt námi, börnunum eða vinnu. „Svo fór ég neðar og neðar, þar til kom að þess-

um sjálfsmorðsmörkum þar sem maður fer verulega að hugsa um að kála sér. Þarna fyrst fór ég að verða hræddur um hvað væri að gerast og af hverju þetta væri svona erfitt. Ég man eftir að hafa farið niður og var kominn mjög langt niður. Mér leið svo illa að mér var farið að finnast sem ég væri byrði á öðrum. Mig langaði raunverulega að hætta þessu og hætta að lifa. Skömmin var svo ótrúlega rík í þessu og mig langaði ekkert endilega að hætta að lifa út af mér, heldur var ég sannfærður um að heimurinn væri betri staður án mín. Ég veit í dag að þetta virkar ekki svona, þetta er ekki svoleiðis, en það er erfitt að lýsa þessu. Þetta var langt, þungt og erfitt ástand.“

Jólin 2012 var kona Ragnars að skrifa lokaritgerðina sína í háskóla, hann var heima með börnin, og manískur. Þá kom upp atvik, sem varð til þess að hann fékk loksins greiningu.

„Ég fór í Fjölsmiðjuna og fann þar píanó, sem ég keypti á 15 þúsund kall. Tilkynnti konunni minni það sem spurði bæði hvar ég ætlaði að hafa það og hvernig ég ætlaði að koma því heim, upp á aðra hæð í gömlu timburhúsi. Ég fékk svo fimm sterka karlmenn með mér, píanóinu var rúllað upp þröngan stigan og allir voða glaðir. Konan mín opnaði svo píanóð og það var svo falskt að það þrítónaði á hverri nótu. Ég sagðist auðvitað ætla að stilla það, með því að læra það bara á YouTube. Ég fór og keypti stillihamar og sat löng kvöld að stilla, og þegar ég var búinn að slíta þrjá strengi kláraðist manían. Síðan var píanóð bara í stofunni, skrúfað í sundur og allt í tætlum, þar til konan mín sagði að við yrðum að losna við það, það væru að koma jól.“

Þarna var Ragnar kominn niður úr maníunni og segir hann að skömmin hafi verið komin líka, að hann hafi ekki getað hugsað sér að hringja aftur í sömu menn til að koma og fjarlægja píanóð. „Svo

fór ég aftur í sveiflu upp og konan mín kom að mér þar sem ég sat á nærbuxunum með sög og slípi-rokk að saga píanóð í sundur til þess að koma því út. Þarna skildi hún að eitthvað var að. Svo liðu nokkrir mánuðir og þá kom aftur niðursveifla og þá endaði ég hjá heimilislækni.

Ég fór til heimilislæknis í svona 10 mínútna tíma og karlgreiði sem tók á móti mér, ég tók hann alveg í herkví. Hann leysti þetta hins vegar fagmannlega, útbjó beiðni sem varð til þess að ég róaðist og beið í tvær vikur þar til ég komst að hjá geðlækni á spítalanum á Akureyri, þar sem ég vissi að núna myndi ég fá aðstoð.

Ég fór til geðlæknis sem ávísaði mér lyfjum og í dag fær enginn að hafa skoðun á lyfjunum mínum nema hann, ekki einu sinni ég og ég breyti ekki skammtinum mínum nema í samráði við hann. Geðlæknirinn minn lagar geðsjúkdóma. Fyrst þegar ég hittit hann vildi ég bara svona einfalt trix sem myndi laga allt, en hann gaf lítið fyrir það. Sagði mér að taka lyfin mín, það tæki tíma fyrir geðið að stilla sig af. Eina trixið sem hann átti handa mér var reglubundið líf. Ég sagði bara já, en vissi ekkert hvað hann var að tala um, ég hafði ekki lifað eðlilegu lífi í mörg ár. Þremur árum og ýmiss konar geðsveiflum seinna náði ég því sem heitir reglubundið líf. Ég tek ábyrgð á sjálfum mér og sinni grunnþörfunum: ég borða góða næringu, sef nóg og ég hreyfi mig. Árið 2016 áttaði ég mig til dæmis á að þó svo að ég sé ekki alkóhólisti þá hentar mér betur að drekka ekki eða djamma, það fylgir þessu reglubundna lífi. Litlar breytingar yfir lengri tíma henta mér best, ekki kúrar eða fögur fyrirheit.

Þetta virkar til að stöðla lífið og í dag tekst mér að finna hvað virkar fyrir mig og hvað ekki. Geðsveiflurnar hverfa aldrei eða það að ég er veikur á geði, en reglu-semi styttr þær og minnkar og ▶

**Castello**  
PIZZERIA

**ELDBAKAÐAR EÐAL PIZZUR**  
WWW.CASTELLO.IS

PANTAÐU Á NETINU

DALVEGI 2, 201 KÓPAVOGI  
DALSHRAUNI 13, 220 HAFNARFIRÐI



# Um leið og ég vissi að ég var með geðhvarfasýki og það var læknir fyrir framan mig sem staðfesti það, þá var fargi létt af mér

gerir að verkum að langoftast er ég virkur samfélagsþegn.“

## Geðsjúkdómur á ekki að vera tabú

Ragnar segir það mikilvægt að geðsjúkdómur sé ekki tabú, ekki frekar en líkamlegir sjúkdómur. Hann segist hafa upplifað fordóma og þá ekki síst hjá sér sjálfum, en eftir að hann opnaði sig um veikindi sín, segir hann fordóma gagnvart sér vera hverfandi.

„Tabúíð og fordómarnir eru í heilanum á mér, ekki hjá fólkinu í kringum mig. Þegar ég er á miðlínu, þá upplifi ég stundum fordóma hér og þar og að samfélagið sé litad af fordómum og ég get leitt það hjá mér. En þegar ég er á þeim punkti að ég spyr mig: „Á ég að leita mér hjálpar? Eða á ég að kála mér?“, þá eru fordómarnir bara hjá mér.“

Fordómarnir eru að segja: „Þú getur ekki verið byrði á öðru fólki, fólk hefur svo miklar áhyggjur af þér ef þú segir frá að þér líði svo illa að þú viljir kála þér, fólk sefur ekki á næturnar ef þú segir þeim frá hvað þér líður illa, heilbrigðiskerfið hefur ekki tíma fyrir fólk eins og þig.“

Mig langar varla að segja þetta upphátt, en ég fæ svona minikomplexa af því ég að ég reyndi aldrei sjálfsvíg, ég var bara á brúninni að reyna og ég upplifi að ég sé ekki þess verðugur að vera með í einhverjum ímynduðum klúbbi af því að ég reyndi aldrei sjálfsmorð.

Ef það er eitthvað sem ég get komið til skila þá er það að grípa þessar hugsanir strax, leita sér hjálpar strax.“

## Skíthráddur við að koma út úr skápnum í vinnunni

Líkt og áður segir þá vinnur Ragnar hjá Isavia, og segir hann að hann hafi verið búinn að vinna þar í svölitinn tíma þegar hann varð að segja frá veikindum sínum. „Það var stórt skref að vinna úr þessari skömm og hluti af því var að koma út úr skápnum í vinnunni með veikindi mín. Ég var þá með þrjá yfirmenn sem ég þurfti að tala við.“

Ég var skíthráddur og var viss um að ég myndi missa vinnuna, en mér var alls staðar tekið vel. Einn þeirra horfði á mig hugsi og sagði að lokum: „Láttu mig bara vita ef þú hættir að taka lyfin þín.“ Svo hlógum við báðir.

Ég mæti alltaf í vinnu, nema á 2-3 mánaða fresti þá kemur niðursveifla sem varir í 2-4 daga og þá stimpla ég mig bara út á meðan og fer í veikindaleyfi í þann tíma og svo kem ég inn aftur. Þau sem vinna með mér vita að ég svara ekki síma eða tölvupósti þegar ég er veikur. Þó að ég sé bara heima að spila tölvuleik, þá lem ég mig ekki niður fyrir það, af því að ég veit að þetta tímabil klárast. Ef ég væri búinn að spila í tvær vikur þá væri konan mín búin að segja við mig: „Jæja, Humi, þarftu nú ekki að fara að gera eitthvað, tala við lækninn?“

Ef ég gef sjálfum mér andrými til að vera lasinn þá er þetta rúttina sem virkar fyrir mig. Þegar ég er ekki veikur vinn ég forvinnuna mína; að skapa mér heilbrigða sjálfsmynd, mataræði, hreyfingu og allt það gerir að verkum að mér líður betur, og fyrir vikíð verða veikindatímabilin styttri.“

## Erfiðasta verkefnið að taka ábyrgð á sjálfum sér

Ragnar segir að erfiðasta verkefnið eftir að hann greindist hafi verið að vinna úr allri skömminni: „Það er verkefni sem ég fæ upp í hendurnar og það hefur verið einn stærsti hlutinn af því að taka ábyrgð á sjálfum mér. Eitt af verkfærunum sem ég nota er að ég á engin leyndarmál, ég á fullt af hlutum sem eru privat, en engin leyndarmál, ég á alltaf einhvern að sem ég treysti og get rætt við.“

Það hefur virkað vel fyrir mig að átta mig á að ég get ekki borið ábyrgð á hlutum sem ég gerði þegar ég var lasinn og gat ekki betur, en þótt ég geti ekki borið ábyrgð á þeim þá get ég tekið ábyrgð á þeim og stundum felst það í því að segja: „Ég var ofboðslega lasinn og ég gat ekki betur en mér þykir ofboðslega leitt að þetta hafi gerst.“ Ég þarf að fyrirgefa sjálfum mér



þessa hluti og það er ekki alltaf auðvelt.

Það er erfitt að biðjast fyrirgefningar á einhverju sem ég ber ekki ábyrgð á, en ég tek ábyrgð með því að tala um það. Það var mjög stór hluti af þessu að taka ábyrgð á mínu dóti, þá get ég lifað sáttur með því og farið að sofa á nóttunni.“

## Fjölskyldan stærsti fjársjóðurinn

Þegar eitthvað kemur upp á segist Ragnar svo lánsamur að eiga fólk í kringum sig sem hann getur talað við, foreldra sína, konuna, vini og systkini. „Ég er svo lánsamur og ég get trúad þeim fyrir öllu þessu dóti, það er minn stærsti fjársjóður.“

Þegar ég er spurður að því hvernig mér líður þá á ég oft erfitt með að svara og stundum á ég engin orð til að lýsa hvernig mér líður. Þetta meikar engan sens fyrir aðra, en stundum þegar konan mín spyr mig hvernig mér líður þá svara ég: „Þetta er eins og fjólublátt flauel og það er rifflað og ógeðslega dimmt. Þá er svona herbergi í höfðinu á mér, sem alla jafna er bjart og hvítt og hvítmálað. Ég finn þegar ég er niðri að það er öðruvísi þar inni og öðruvísi áferð.“

Það sem mér finnst svo fallett er að aðstandendur mínir spyrja: „Hvernig líður þér?“ og þeir vilja fá svarið: „Það er fjólublátt, það er drungalegt“, af því að þeir vilja fá heiðarlegt svar þó að þeir geti ekki lagað ástandið.

Stundum set ég upp grímu, sem er alltaf talað um sem eitthvað neikvætt, en stundum þarf ég bara að passa upp á mig. Til dæmis þegar ég er að koma upp úr lægdinni, þá hef ég ekki gagn af því að segja: „Ég er búinn að vera rosalega lasinn og allt er hellað“ það hjálpar mér oft ekkert. Stundum set ég því upp grímu og brynja mig og segi að ég hafi það bara fínt. Stundum er ég þó algjörlega heiðarlegur við viðkomandi og segi nákvæmlega hvað er búíð að gerast. Þetta er hluti af því að læra inn á mig

og hverjum ég hleypi að mér og hverjum ekki. Þetta snýst allt um að læra inn á mig og mín viðbrögð.

Ég set mörk gagnvart öðrum og gagnvart sjálfum mér. Þegar ég er niðri þá get ég samt græjað morgunmat handa krökkunum, þá er ég að taka þátt. Ég get kannski gengið með þeim í skólann þennan dag, en ekki hinn.“

## Daglegar Kringluferdir eru mælikvarði

Ragnar á eina rúttina sem hann gerir daglega þegar hann er þunglyndur, sem hjálpar honum að staðsetja sig. „Það sem ég geri er að ég geng alltaf í Kringluna, fer á sama kaffihúsið, og reyni að sitja í sama stólnum þar sem ég horfi út yfir Stjörnutorg og skrifa í dagbók. Ástæðan fyrir því að ég geri þetta er að ég er að passa upp á að einangra mig ekki og svo er þetta ákveðið sýrutest. Þegar ég geng inn í Kringluna þá finn ég að annaðhvort vil ég ekki tala við neinn, hafa hettuna á mér og það á enginn að sjá mig eða ég ætla að taka af mér hettuna og mögulega horfa framan í fólk. Þetta er svona samanburðartilraun og þannig veit ég hvar ég er í kúrfunni eftir því hvernig mér líður.“

Börn Ragnars vita að hann er veikur, enda hafa þau hjónin rætt veikindi hans við þau. „Þau vita að ég er lasinn í heilanum og þegar ég er veikur heima, þá vita þau að ég er lasinn. Þau fá að vera ærslabælgir, þau þurfa ekki að tipla á tánnum í kringum mig, en þau finna að sjálfsögðu fyrir þessu og ábyggilega seinna, þurfa þau að tala um hvernig er að eiga veikan föður. Það hefur áhrif þegar einhver í fjölskyldunni er veikur og

mitt hlutverk gagnvart þeim er að bera virðingu fyrir því, vera opin fyrir því og geta tekið þessar samræður við þau.

Aðalatriðið í þessu er kannski að þegar fólk er lasið eins og ég, er ekki hægt að „hressa sig við“ eða að laga ástandið með einhverjum einföldum trixum en það er hægt að gera ótrúlega mikið gagn með því að vera til staðar.

Eftir að ég kom út úr skápnum með veikindi mín þá heyrir ég eiginlega aldrei neitt sem er stuðandi og fólk sýnir mér mikinn skilning, mun meiri en ég hélt að ég fengi. Í mínu tilviki þá getur það verið gott að fólk viti af mínum veikindum þegar ég mæti einhvers staðar, þá get ég verið rólegur og ég sjálfur, í stað þess að þurfa að passa að haga mér á einhvern ákveðinn máta.“

## Er hægt að lækna geðsjúkdóm?

„Það er spurning sem ég á ekki svar við. Minn verður ekki læknadur, ég er ekki sjúklingur, en ég passa mig að muna að ég er veikur. Ef ég man það þá tek ég lyfin mín og ber ábyrgð á sjálfum mér. Ef ég gleymi því þá er hætt við að ég fari að skrensa.“

Ég er með geðsjúkdóminn geðhvarfasýki, þetta er sjúkdómur með ákveðna greiningu. Mér finnst það mjög hughreystandi að það er heilt vísindasamfélag búið að skoða þetta og rannsaka og það er viðurkennd meðferð og til viðurkennd lyf. Um leið og ég vissi að ég var með geðhvarfasýki og það var læknir fyrir framan mig sem staðfesti það, þá var þungu fargi af mér létt. Ég var kominn með bjargráð og ekki lengur einn í heiminum. Ég er með mjög gott bakland, öll mín kjarnafjölskylda stendur þétt í kringum mig; konan mín, börnin, mamma og pabbi, bræður mínir, vinir og tengdafiölskyldan. Það má koma skýrt fram, það skiptir mig miklu máli. Það er ekkert tabú að ég er veikur og það að eiga bakland skiptir ótrúlega miklu máli, en það þýðir að ég þarf að rækta baklandið mitt, þau vita ekki hvernig þetta virkar nema ég tali við þau. Ég er líka mjög lánsamur, lífið gengur vel og ég get unnið fulla vinnu, það er alls ekki gefið en maður veit það ekki fyrir en á reynir.“ ■

Aðstoð og fræðslu fyrir einstaklinga sem glíma við þunglyndi og geðsjúkdóma er að finna hjá:

- Hjálparsími Rauða krossins sími 1717 Heimasíða: 1717.is
- Þíetasamtökin sími 552-2218 Heimasíða: pieta.is
- Geðdeild Landspítala sími 543-4050
- Einnig má finna fróðleik og upplýsingar á heimasíðu Hugufrúnar, gedfraedsla.is. Félagið Hugufrún hefur það að markmiði að fræða ungt fólk um geðheilbrigði, geðsjúkdóma og úrræði, sem og að auka samfélagslega vitund.

**HÆGT AÐ NOTA ÚTI OG INNI**

**FRÁBÆRT FJÖLNOTA LEIKFANG**

**waytoplay**

**Bílaþrautin**

**AÐLAGAR SIG AÐ BARNINU OG UMVERFINU**

**HREIDUR.IS**

**LEYFÐU HUGMYNDAFLUGINU AÐ RÁÐA**

**BRAUTIN FESTIST Á FLÍSAR OG Í BADKÖR**

**VEGAKORT ÁN HINDRANA FYRIR UPPÁHALDSLEIKFÖNGIN**



# HEFUR ÞÚ ÞÖRF FYRIR PRIF

Fyrirtæki og húsfélög, gerum  
tilboð ykkur að kostnaðarlausu

Þjóðum sérhæfða þjónustu fyrir  
íbúðir í skammtímaleigu





# Sælkerastjörnur á samfélagsmiðlum

■ Margrét Gnarr hefur verið vegan um langt skeið ■ Sólrún Diego svarar erfidustu spurningu dagsins

Lilja Katrín Gunnarsdóttir  
lilja@dv.is



Á hrifavaldar eru úti um allt, en það er einstaklega gaman að fylgjast með nokkrum þeirra þar sem þeir eru jafnframt miklir matgæðingar. Hér eru nokkrar sælkerastjörnur sem gefa góð ráð í eldhúsinu, heimsækja spennandi veitingastaði og tölra fram dýrindis máltíðir.



Pítsudrottningin  
@sunnevaeinarsd

Samfélagsmiðlastjarnan Sunneva Einarsdóttir elskar pítsu og segist borða flatbökur í hverri einustu viku. Instagram-sagan hennar er þó ekki aðeins full af pítsu heldur alls kyns góðgæti sem hún fær sér, til dæmis hafragraut með frosum hindberjum sem hún gæðir sér á eftir æfingar.




Ekki bara edik @solrundiego

Sólrún Diego er ekki bara þrífnaðardrottning heldur er hún líka mjög dugleg að gefa uppskriftir í sögu sinni á Instagram. Þá birtir hún einnig vikumatseðil fjölskyldunnar til að veita öðrum innblástur.



Sushi-sjúk @birgittalif

Athafnakonan Birgitta Líf Björnsdóttir er mjög dugleg að gera vel við sig í mat og drykk og unun að fylgjast með hennar glæsta glamúrlífi. Hún borðar mikið af sushi, drekkur mikið af Nocco og er greinilega mikil smekkmanneskja þegar kemur að lystisemdum lífsins.



Hráfæðiskökur og hollusta  
@ingibjorgegils

Fyrirsætan Ingibjörg Egilsdóttir er dugleg að leika sér í eldhúsinu og birtir girnilegar myndir af afkrastinum á sögu sinni á Instagram. Allt er þetta í hollari kantinum, til dæmis hráfæðiskökur sem láta mann fá vatn í munninn og litríkir veganréttir.



Sérreitur fitnessprinsessu  
@barabeautymakeup

Fitnessprinsessan Bára Jónsdóttir kunnir ekkert að elda áður en hún byrjaði í fitness fyrir nokkru. Nú er hún hins vegar orðin ansi góð í einföldum réttum og leyfir Instagrammum að fylgjast vel með eldamennskunni. Hennar sérreitur? Próteinpönnukökur.



Grænkeri Gnarr  
@margretgnarr

Líkamsræktargúrúinn Margrét Gnarr hefur verið vegan um langt skeið. Hún leyfir fylgjendum sínum að fylgjast með því sem hún borðar en mælir einnig með góðum veitingastöðum fyrir veganista.




Fyrir hafragrautsperrana  
@aronmola

Leikarinn Aron Mola hefur slegið í gegn í Ófærð en á sögu sinni á Instagram hefur hann líka slegið í gegn með reglulegum innslögum um hafragrautinn sinn. Aron fer vel yfir hvernig hann býr til hafragraut og er duglegur að brydda upp á nýjungum í þeim efnum.



Súrdeigskóngurinn  
@johanneshaukur

Stórleikarinn Jóhannes Haukur Jóhannesson er afar lunkinn í eldhúsinu. Það er gaman að fylgjast með ævintýrum hans á Facebook, en að undanfögnu hefur hann verið að fullkomna listina að búa til súrdeigsbrauð, með misgóðum árangri.



Hió fullkomna líf @tanjayr

Fegurðardrottningin og búskonan Tanja Ýr virðist lífa hinu fullkomna lífi. Hún fer reglulega út að borða og leyfir fylgjendum sínum á Instagram að fylgjast vel með því sem hún lætur ofan í sig. Hún ferðast einnig mjög reglulega og lumar á góðum matarráðum í útlöndum.

## 20% afsláttur! af flokkunarílátum út febrúar




ÍSLENSKA  
GÁMAFÉLAGIÐ




Flokkaðu HÉR [www.igf.is](http://www.igf.is)







# Tímarvélín



Dömur á öllum aldri, gíftar og ógíftar. Vel efnadur ungur maður áhugasamur um frjálsslyndi í ástarmálum óskar eftir kynnum. Fjárhagsaðstoð möguleg. Svar sendist augld. Vísis Síðumúla 8 merkt „1661“.

## Gamla auglýsingin

Vísir 29. maí 1981

# SIGLDU SAMAN ÚT Í OPINN DAUÐANN

■ Efnilegasta skáld þjóðarinnar ■ Samdi textann við Hvíta máva ■ Líkin fundust eftir mánuð

Kristinn Haukur Guðnason  
kristinn@dv.is



Eina nótt í maí árið 1963 hurfu tveir ungir menn í Reykjavík, þeir Björn Bragi Magnússon og Jón Björnsson. Björn Bragi var eitt efnilegasta skáld þjóðarinnar sem einnig hafði getið sér gott orðspor sem textahöfundur dægurlaga. Þar á meðal fyrir hið vinsæla sjómanna-lag Hvítir mávar. Þessa sömu nótt hvarf trilla úr fjöruborðinu á Granda og síðar kom í ljós að þeir höfðu haldið á henni út á sjó. Trillan var botnfleka- og stýrislaus sem gefur til kynna að Björn Bragi og Jón hafi vitað að þeir sigldu út í opinn dauðann. Mánuði síðar fundust lík þeirra rekin á fjörur og spurningar hafa vaknað um hvað hafi legið fyrir þeim.

### Ungskáld

Björn Bragi Magnússon var aðeins sextán ára gamall þegar hann lét á sér kræla sem skáld. En sjö ára hóf hann að yrkja. Björn var fæddur árið 1940 og haustið 1956 gaf hann út ljóðabókina Hófatak. Björn var sonur Magnúsar Ástmannssonar, bæjarfulltrúa og forstjóra Gutenberg prentsmiðjunnar. Starfaði Björn hjá föður sínum sem prentari samfara námi og að því loknu. Á sextú ára afmæli Hins íslenska prentarafélags, árið 1957, kom hann fram í útvarpinu og flutti eigin skáldskap. Þetta sama ár giftist hann Jóhönnu Ragnarsdóttur sem starfaði við bókband hjá Gutenberg.

Björn var í einstakri aðstöðu til að koma skáldskap sínum á framfæri og setti hann yfirleitt á prent



Helena Eyjólfsdóttir Söng lagid Hvítir mávar árið 1959.



Björn Bragi Magnússon Gaf út ljóðabók sextán ára.

um leið og hann hafði ort. Björn naut þess einnig að þekkja Þórberg Þórðarson, eitt besta skáld Íslands-sögunnar. Eiginkona Þórbergs, Sól-rún Jónsdóttir, var frænka Björns og þau hjónin bjuggu í næsta nágrenni. Áður en Björn gaf út Hófatak fékk hann Þórberg til að lesa hana yfir. Í viðtali við Alþýðublaðið vorið 1957



Björn Bragi Magnússon



Jón Björnsson

Björn Bragi og Jón Vísir 21. maí 1963.

sagði Björn Þórberg hvorki hafa hvatt hann né latt til útgáfunnar. En hann hafi viljað koma sér á framfæri. „Mér finnst ég hafa sloppið vel frá þessu,“ sagði Björn.

Í sama viðtali sagðist Björn hafa ort um eiginkonu sína.

„Kvæðið Hanna, sem kynnt var í útvarpinu fyrir nokkrum vikum er einmitt um hana. Ég hef ort ansi mikið um konur. Til dæmis get ég

nefnt kvæðið Klara. Það birtist í bókinni og byrjar svona:

*Hví siturðu hljóð við hafid blátt?  
Með hendur í skauti og mælir fátt.  
Hví vakirðu fram á niðdimma nátt?  
Til norðurs þín augu stára.  
Þú veist, að hug minn þú allan átt,  
og ást mína, ljúfa Klara.“*

Lokaerindið hljómar svo:  
*„Og hafrænan okkur á bylgjum bar,  
til brennandi ástarheima.“*

Björn leit fyrst og fremst til seinni tíma skálda og í mestu upphaldi voru helstu öndvegisskáld þess tíma, Davíð Stefánsson frá Fagraskógi og Tómas Guðmundsson. En að einhverju leyti leit hann upp til eldri skálda svo sem Bólu-Hjálmars. Sjálfur orti Björn stuðluð kvæði með höfuðstöfum. Magnús var oddviti Alþýðuflokksins í Reykjavík og sonur hans fékk því góðan aðgang að síðum Alþýðublaðsins til þess að birta verk sín. Einnig var hann með reglulegan tónlistardálk í Tímanum.

### Hvítir mávar

Árið 1958 gaf hann út aðra ljóðabók, Dögg í grasi. Fékk hann kvæði úr henni víða birt, bæði á síðum dagblaðanna og upplasin í útvarpinu. Árið eftir kom út lag sem átti eftir að gera Björn Braga þekktan, nefnilega Hvítir mávar í flutningi hinnar sautján ára gömlu Helenu Eyjólfsdóttur. Var lagið þýskt að uppruna en með texta Björns. Lagið sló í gegn bæði sem dægurlag og sjómanna-lag. „Hvítir mávar segid þið honum, að mitt hjarta slái aðeins fyrir hann,“ var textabrot sem allir kunnu. Þetta ár eignuðust Björn Bragi og Jóhanna einnig dóttur.

Björn Bragi skrifaði fleiri dægurlagatexta á þessum árum.

En hans aðalstarf var sem setjari hjá Gutenberg. Um tíma starfaði hann einnig erlendis, í Noregi, Danmörku og í Finnlandi.

### Tveir menn og ein trilla

Fimmtudaginn 16. maí var greint frá því í dagblöðum að trillubát hefði verið stolið úr fjöruborðinu við Eiðsgranda tveimur dögum fyrr. Þar sem öskuhaugarnir voru. Var þetta fimm metra langur norskur bátur, svartur að neðan en hvítur að ofan og með grænan borðstokk. Miðað við vegsummerki hafði hann verið sjósettur á spýtum og var leitað með fram sjó að honum. Einnig var lýst eftir bátnum til Akraness, Borgarness og Keflavíkur.

Laugardaginn 18. maí var greint frá því í útvarpi að tveir ungir menn hefðu horfið sporlaust sömu nótt og báturinn. Var hvarf þeirra sett í samhengi við trilluhvarfið. Lýsingin á þeim var eftirfarandi:

„Jón Björnsson, Blönduhlíð 12, tvítugur; var klæddur móbrúnum jakka og gráleitum buxum, berhöfðaður og frakkalaus. Jón er með skolleitt hár, meðal-maður á hæð en grannvaxinn. Hinn er Björn Bragi Magnússon, Granaskjólí 26, 23 ára gamall, meðalhár, grannur, dökkhærður með lítið yfirvaraskegg. Lýsing á fatnaði var ekki fyrir hendi hjá lögreglu.“

Jón hafði starfað sem skrifstofumaður hjá Mjólkursamsölunni en hafði hug á tannlæknanámi. Hann var einnig mikill knattspyrnuáhugamaður og þjálfaði yngri pílta hjá Val. Hann fór af heimili foreldra sinna klukkan eitt þessa nótt og sömu nótt var heimafólk hjá Birni vart við að hann fékk heim-sókn frá ungum manni. Þekkti heimafólk þar ekki manninn. ▶

## BORÐPLÖTUR OG SÓLBEKKIR



Sérsmíðum eftir óskum hvers og eins



**Fanntófell**

Gylfaflöt 6-8 / S. 587 6688 / fanntofell.is





Sprautu & Bifreiða-  
verkstæði **Borgarness**

Vönduð og fagleg vinnubrögð og mikil  
reynsla í vinnu við vörubíla og rútur.  
Þjónustum öll tryggingarfélag.

Sólbakki 5 | Borgarnesi | 437 1580 | [sbb@simnet.is](mailto:sbb@simnet.is)

**BÍLAMÁLUN**  
Málun og réttung  
á bifreiðum af  
öllum stærðum  
og gerðum.



## FRAMRÚÐUSKIPTI

Framrúðuskipti í vörubílum, hópferðabifreiðum og vinnuvélum.

## Led húsnúmer

Sérsmíðum númer á öll hús • sendu okkur mynd þegar þú ert búinn að setja þitt húsnúmer upp



- Ledlýsing sem endist og eyðir litlu rafmagni
- Hægt að fá í lituðu áli eða ryðfríu stáli
- Verið velkomin á facebooksíðu okkar: Led húsnúmer

Best er að panta í gegnum facebooksíðuna okkar.  
Einnig hægt að hringa í sími 7756080





## ” Og hafrænan okkur á bylgjum bar, til brennandi ástarheima.

Fór Björn burt með gestinum og sást síðan ekki meir. Björn og Jón voru félagar og síðar áttaði fólkið sig á að gesturinn hefði verið Jón.

### Leitað í viku

Rannsóknarlögreglan taldi strax að Björn og Jón hefðu tekið bátinn en margt þótti undarlegt við þetta. Báturinn var neglulaus sem þýðir að hann hefur ekki getað flotið langt frá landi áður en sjór flæddi inn í hann. Þar að auki hafði stýrið verið tekið af bátinum og skilið eftir í fjörunni þar sem báturinn hafði staðið og þeir sem tóku bátinn því eingöngu notast við árar. Einnig höfðu botnflekar, eða svokölluð plitti, verið skilin eftir. Hægvíðri hafði verið við Granda þessa umræddu nótt en stífari átt og rigning um morguninn.

Eftir að leitað hafði verið árangurslaust í fjörunni við Granda var leitað í Fossvogi og Elliða-vogi. Á laugardeginum var leitað í kringum Álftanesið. Björgunarsveitarmenn og skátar hófu einnig leit, á landi, sjó og lofti. Í öllum vogum, sundum, fjörum og eyjum. Fyrirverandi samstarfsmenn Jóns úr Mjólkursamsölunni og fleiri tóku einnig þátt í leitinni. Á Seltjarnarnesi, undan Mýrarhúsum, fundust tvö plitti úr bátinum sem hafði rekið þangað. Eftir viku leit var talið óhugsandi að báturinn væri ofansjárvar lengur og leitinni beint að hafsbótinunum. Fimmtudaginn 23. maí fannst úlpa rekin á norðanverðu Seltjarnarnesi og fékkst það staðfest að hún hefði verið í eigu Björns Braga. Degi síðar fundust skór annars hvors þeirra í Eiðsvík við Grafarvog. Var leitinni þá formlega hætt.


### Líkin rak á land

Þriðjudagskvöldið 11. júní, klukkan 22.00 var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt að lík hefði fundist rekið í Selsvör við Ána-naust, tæpum mánuði eftir hvarf Björns og Jóns. Kennsl voru borin á líkið og var það af Jóni. Var grunur lögreglunnar um að Björn og Jón hefðu farið á sjó á bátinum endanlega staðfestur. Nokkrum dögum síðar fannst lík Björns Braga rekið á Akranesi. Í september þetta ár fannst síðan trillan rekin á fjörun milli Hringbrautar og öskuhauganna. Hún var gerónýt og neglulaus eins og talið hafði verið.

### Tvöfalt sjálfsvíg ástmanna?

Lögreglan útilokaði ekki að einhverjir aðrir en Björn og Jón hefðu ýtt trillunni úr vör með þeim innanborðs. En að öllum líkindum fóru þeir tveir sjálfir að bátinum. Köstuðu sjálfviljugir stýrinu og botnflekum í burt og réru út á hafid og í opinn dauðann.

Kenningar hafa verið settar fram um af hverju þeir gerðu þetta. Til dæmis að þeir hafi verið ástmenn, fastir á þeim tíma þegar samkynhneigð var talin kynvilla, en óviljugir til að lifa áfram í skápnum. Einnig að þeir hafi glímt við andlegar áskoranir en fátítt er að fólk svipti sig lífi með öðrum af þeim sökum. Sjálfsgat mun sannleikurinn aldrei koma í ljós og atvikið ávallt verða flokkað sem slys. Þetta slys er hins vegar sérstakt af áður upptöldum ástæðum og einnig í ljósi þess að bæði Björn og Jón virtust eiga bjarta framtíð fyrir höndum. ■



## Ólafur Skúlason vildi stöðva barnatímamann

Árið 1986 var einokun Ríkisútvarpsins á ljósvakamiðlum afnumin. Þann 9. október þetta ár hóf Stöð 2 útsendingar og breyttust þá margar venjur sem ríkt höfðu lengi á Íslandi. Til dæmis var sjónvarpað á fimmtudögum og barnaefni var sýnt á sunnudagsmorgnum. Kirkjunnar menn voru ósáttir við síðarnefndu breytinguna og mótmæltu harðlega.

### Samkeppni guðsorðs og skrípamynda

Í mars mánuði árið 1987 hringdi Ólafur Skúlason dómprófastur í Stöð 2 og kvartaði yfir sýningunum. Í samtali við Morgunblaðið sagði hann að verulega hefði dregið úr kirkjusókn barna eftir að þær hófust.

„Ég lagði á það áherslu að þeir væru ekki með þessar útsendingar á þeim tíma sem við erum sérstaklega að höfða til barnanna“ og enn fremur „Við

höfum miklar áhyggjur af þessu og ég vona að Stöð 2 átti sig á því að það er ekki æskilegt að hefja samkeppni um sálir barnanna, annars vegar með guðsorði og hins vegar með skrípamyndum,“ sagði Ólafur.

Jón Óttar Ragnarsson stöðvarstjóri sagði að Stöð 2 vildi halda góðum samskiptum við Þjóðkirkjuna en gæti ekki tekið efnið af dagskrá. Bauð hann Ólafi þess í stað að kirkjan gæti fengið hálf-tíma pláss klukkan 11.30 fyrir kristilegt barnaefni. Hafnaði Ólafur því algerlega.

„Við fögnum því náttúrulega, að þeir vilja sjónvarpa kirkjulegu og trúarlegu efni, en við viljum alls ekki að þær útsendingar verði á sama tíma og barnastarfið fer fram hjá okkur í kirkjunum.“ ■



### Mottur setja punktinn yfir i-ið á heimilinu.

Persía er sérdeild innan Parki með stök teppi og mottur. Við bjóðum upp á sérvalin handhnytt austurlensk teppi og fjölbreytt úrval af vönduðum vélofnum gervi- og ullarteppum.

Bjóðum aðeins það besta fyrir þig.

Persía





**Hafið** Hitnunin samsvarar sex kjarnorkusprengjum á sekúndu.



# Heimshöfin hitna sífellt meira

Taka í sig hita á við margar kjarnorkusprengjur á hverri sekúndu

Kristján Kristjánsson  
ritstjorn@dv.is



Fæstir velkjast væntanlega í vafa um að hnattræn hlýnun er staðreynd og verður sífellt meira áberandi. Þessi hlýnun byggir á einfaldri eðlisfræði sem mannkynið hefur vitað af síðan um miðja nítjándu öld. Þessi hlýnun væri miklu meiri og verri ef við hefðum ekki heimshöfin en þau drekka í sig 90 prósent af þeim hita, sem einhvers konar sæng gróðurhúsaáhrifanna heldur á jörðinni. Hitinn sem heimshöfin drekka í sig svarar til þess að nokkrar kjarnorkusprengjur séu sprengdar á hverri sekúndu allt árið. Það munar því um minna. Þetta er allt saman farið að hafa áhrif á heimshöfin því eins og við höfum áttað okkur á þá á máltækid: „Lengi tekur hafið við,“ ekki við rök að styðjast. Það eru takmörk fyrir öllu og þar með því magni sem hafið getur tekið við.

Nýlega voru birtar, í vísindaritunum Science, niðurstöður nýrrar rannsóknar sem staðfesta að staða heimshafanna er mjög alvarleg og verri en talið hafði verið. Samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar hitna heimshöfin 40 prósentum hraðar en fram kom í nýjustu stóru loftslagsskýrslu loftslagsráðs Sameinuðu þjóðanna, IPCC. Um 93 prósent af orku-ójafnvæginu enda í hafinu. Vísindamennirnir komust einnig að þeirri niðurstöðu að það gefi mun betri sýn á áhrif mannkyns á loftslagið að mæla hita heimshafanna en lofthita. En þeir komust einnig að þeirri niðurstöðu að þessi hlýnun hafi haft alvarlegar afleiðingar. Zeke Hausfather, hjá Berkeley-háskóla, er einn aðalhöfundar rannsóknarinnar. Hann segir að síðasta ár hafi aðeins verið fjórða hlýjasta ár sögunnar síðan skráningar hófust en það hafi verið hlýjasta ár sögunnar fyrir heimshöfin og hafi slegið 2017 og 2016 við en þau ár áttu fyrri met. Hann segir að það sé mun auðveldara að uppgötva hnattræna hlýnun á heimshöfunum en í andrúmsloftinu.

Katherine Richardson, prófessor í lífrænum sjávarrannsóknum við Kaupmannahafnarháskóla, segir að þessar niðurstöður staðfesti að hnattræn hlýnun hafi meiri áhrif á hafið en við getum ímyndað okkur.

„Hafið er einfaldlega lykillinn að þessu öllu. Hafið er okkur ókunnugt og þess vegna hugsum

**„Hafið er okkur ókunnugt og þess vegna hugsum við ekki út í þetta“**

við ekki út í þetta. En það er ótrúlega mikilvægt fyrir okkur og allt líf á jörðinni.“

**Heitt vatn er rúmfrekara en kalt vatn**

Hlýnun heimshafanna hefur áhrif á nær alla þætti loftslags á jörðinni. Ein fyrsta afleiðingin er að yfirborð sjávar hækkar því vatn er rúmfrekara þegar það hitnar. Þessi hlýnun sjávar veldur því að yfirborð sjávar mun hækka um 30 sentimetra fram til næstu aldamóta. Auk þess hefur hlýrri sjór í för með sér að ís og jöklar, sem komast í snertingu við hann, bráðna hraðar. Hafstraumar geta líka breyst.

Hlýrri sjór breytir einnig grundvallareiginleikum hafanna. Hlýrra vatn getur ekki geymt eins mikið af lofttegundum og er því ekki eins gott í að geyma CO2. Það sama á við um súrefni sem hverfur samhliða þessu úr höfunum því hlýrri sjór hefur í för með sér hraðari rotnunarferli sem aftur leiðir til minna magns súrefnis í höfunum og fleiri hafsvæða þar sem súrefnisskorts verður vart. Ekki má síðan gleyma að hlýrri sjór þýðir að meiri orka er í höfunum, orka sem knýr veðurkerfi heimsins áfram. Öflug óveður, sem við upplifum meðal annars hér á landi, eiga upptök sín yfir hafi, þangað sækja þau orku sína. Hver kannast ekki við fréttaflutning af fellibyljum þar sem veðurfræðingar útlista að þeir missi mikið afl þegar þeir koma yfir land því þá fá þeir ekki lengur orku úr hafinu. Hlýrri sjór hefur einnig aukna úrkomu í för með sér, til dæmis á borð við þá sem íbúar í austurrísku Ölpunum og Bæjaralandi í Þýskalandi þurftu að þola í byrjun árs þegar allt fór á kaf í snjó.

**Gríðarleg orkuupptaka**

Nýlega var önnur ný rannsókn birt en að þessu sinni í vísindaritunum PNAS. Í þessari rannsókn reiknuðu vísindamenn út þá heildarorku sem heimshöfin hafa drukkið í sig síðan 1871. Hér er ekki um neitt smáræði að

ræða og eiginlega erfitt að lýsa því hversu mikil orka þetta er. Um er að ræða 436 x 1021 júl. Blaðamenn The Guardian reiknuðu þetta yfir í skiljanlega tölu fyrir almenning en samkvæmt því sem þeir segja þá svarar þessi orka til þess að orka úr 1,5 kjarnorkusprengjum, af sömu stærð og var varpað á Hiroshima í síðari heimsstyrjöldinni, hafi endað í hafinu á hverri sekúndu síðustu 150 ár! Þar með er sagan ekki öll sögð því hlýnunin hefur aukist mikið á síðustu 150 árum og svarar nú til þess að hafið taki við orku úr þremur til sex kjarnorkusprengjum á sekúndu. Þetta svarar til þess að á undanförunum 150 árum hafi heimshöfin tekið 1.100 sinnum meiri orku í sig en heildarorkuframleiðsla heimsbyggðarinnar var á þessum tíma.

„Ég reyni að framkvæma ekki svona útreikninga. Einfaldlega af því að það vekur alltof miklar áhyggjur. Þess í stað líkjum við þessu við orkunotkun,“ sagði Laure Zanna, prófessor við

Oxford-háskóla, um þessar niðurstöður The Guardian.

Höfin eru svo góð í að halda hitanum í sér að það munu líða margir áratugir þar til þróunin snýst við, jafnvel þótt við myndum stöðva losun gróðurhúsalofttegunda í dag. Þau munu samt sem áður drekka hita í sig því magn gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu er miklu meira en það var fyrir 150 árum en það er nú næstum tvöfalt meira en það var áður en iðnbýltingin hófst.

**Meiri rannsóknir**

Það er ekki ýkja langt síðan vísindamenn fóru að rannsaka og átta sig á hlutverki heimshafanna í hnattrænni hlýnun. Meðal annars vegna þess hversu erfitt er að

Laure Zanna Prófessor við Oxford.



mæla sjávarhita. En nú hefur verið gerð bragarbót á því en 4.000 baujum, sem tilheyra eftirlitskerfinu Argo, hefur verið komið fyrir í hafinu og mæla þær sjávarhita í sífellu. Þær mæla hita efstu tveggja kílómetra sjávar og senda niðurstöðurnar í gegnum gervihnött. Með þessu er hægt að mæla á margan hátt og mörgum stöðum samtímis. Þau miklu gögn sem hafa fengist með þessu staðfesta því miður það sem loftslagslíkon hafa sýnt. Stöðug hlýnun er óhugnanleg áminning um að við eigum mikið verk fyrir höndum því ef við náum ekki að stöðva hnattræna hlýnun förum við inn í áður óþekkt ástand sem enginn getur spáð fyrir um hvernig engdar. ■

**Gerid gæða- og verðsamanburð**

**Svefn & heilsa**  
★★★★★

**MEMORY Deluxe**  
Hágæða sjö svæðaskipt heilsudýna sem styður rétt við líkamann

Aðlagast líkamanum og gefur betri öndun. Góð þrýstjöfnun og réttur stuðningur tryggir betra blóðflæði og þú færð dýpri og betri svefn. Verð með botni og fótum:

80x200 cm  
**Verð aðeins kr. 74.900.-**

**VALHÖLL**  
5 svæðaskipt heilsudýna

Góð millistif heilsudýna á frábæru verði. Pokagormakerfi, gæðabólstun. Verð með botni og fótum:

80x200 cm  
**Verð aðeins kr. 74.900.-**

**SAGA / FREYJA**  
Hágæða 7 svæðaskiptar heilsudýnur

Pokagormakerfi, þrýstjöfnun í yfirdýnu sterkir hliðarkantar, gæðabólstrum Verð með botni og fótum:

80x200 cm  
**Verð aðeins kr. 94.900.-**

Umboðsaðilar: HúsgagnaVal | Höfn | Bara snilld ehf. | Egilsstöðum



# I LETT AÐ GÖMLU

Miðbær Reykjavíkur er stöðugt að breytast og stækka samfara auknum ferðamannastraumi. Sífelld verður erfiðara að finna „gömlu Reykjavík“ innan um nýttísku hótél og verslanir. Þó er enn hægt að finna anda gamla tímans á stöku stað. DV fór í miðbæjarferð til að finna þessa staði.

Kristinn Haukur Guðnason  
kristinn@dv.is



## EIN SÍÐASTA FORNBÓKABÚÐIN

Ari Bragason Tók við rekstrinum fyrir rúmum 20 árum.



Vinsæl meðal rithöfunda  
Hýsti áður Sparisjóðinn Pundið.

Við Klapparstíg 25-27 stendur fornbókaverslunin Bókin og við búðarborðið eigandinn Ari Bragason. Bókin er um hálfra aldar gömul og ein langlífasta fornbókaverslun landsins. Þegar Ari var á menntaskólaaldri voru fornbókabúðirnar um fimmtán talsins.

„Við pabbi störfuðum hérna saman en Bókina keypti ég árið 1997 eða 1998,“ segir Ari. Faðir hans er Bragi Kristjánsson, sem landsmönnum er að góðu kunnur úr þáttunum Kiljunn. Verslunin hefur verið starfrækt á ýmsum stöðum í Reykjavík. „Plássið hérna á Klapparstígnum fékk ég árið 2001 og Bókin hefur verið hér síðan. Um tíma var búðin á Grundarstígnum og eitt sinn á Laugavegi 1.“

Ari segist hafa haldið búðinni í hinum gamla stíl.

„Ég held mig við þessa upprunalegu þrjátíu efnisflokka og hef ekki túristavætt búðina. En þó kemur gríðarlega mikið af túristum hingað.“

Leggja rithöfundar og skáld

ekki leið sína í búðina?

„Jú, jú. Þetta er fjölbreyttur hópur sem kemur hingað og skemmtilegur þverskurður af mannlífinu. Andinn hérna er góður.“

Um tíma var verslun Otto A. Michelsen í rýminu. Einnig barnavörverslunin Fífa.

„Hér var einnig Sparisjóðurinn Pundið og stór mangngengur peningakápur. Þetta var nokkurs konar lána- og eignausýslusjóður Hvítasunnusafnaðarins.“

Mokka  
Sextíu ára  
síðastliðið  
vor.



## ATHVARF LISTAMANNA

Mokka-kaffi á Skólavörðustíg 3a er miklu meira en venjulegt kaffihús í Reykjavík. Staðurinn er menningarstofnun í sjálfri sér enda hafa þar ávallt verið settar upp myndlistarsýningar. Hjónin Guðmundur Baldvinsson og Guðný Guðjónsdóttir stofnuðu Mokka fyrir rúmum sextíu árum, árið 1958. Áður var í húsnæðinu veitingastaðurinn Vega. Guðný er enn þá eigandi og dóttir þeirra Oddný rekur staðinn í dag. Hún segir staðinn hafa lítið breyst í gegnum árin:

„Pabbi fór út til að læra óperusöng á

Ítalíu. Þar umgekkst hann marga listamenn sem urðu vinir hans. Þegar hann opnaði Mokka við heimkomuna sóttu þeir í veggina og þannig byrjaði þessi hefð. Það hafa alltaf verið sýningar hérna.“

Oddný segir að staðurinn hafi alltaf haft fastagesti úr listaheiminum.

„Margir sem eru orðnir nöfn í dag byrjuðu að sýna hjá okkur. Við höfum alltaf haft dyrnar opnar fyrir þekktu sem óþekktu listamenn.“



Athvarf listamanna Stofnandinn  
kynntist listafólki í óperunámi.

Vitinn Ein af síðustu sjoppunum í miðbænum.



## FRÆG FYRIR PULSURNAR



Söluturn í 42 ár Eldra fólkid í hverfinu leitir gamla tímans.

Söluturninn Vitinn við Laugaveg 62 er ein af síðustu sjoppunum í miðbæ Reykjavíkur. Við búðarborðið standa Hrafnhildur Egilsdóttir og maður hennar, Halldór Bergdal Baldursson, og hafa gert undanfarin átta ár. Vitinn var stofnaður á þessum stað fyrir 42 árum.

Halldór segir að Vitinn sé þekktastur fyrir góða þjónustu, rúnnstykki og samlokur á góðu verði og svo auðvitað pulsurnar.

„Þetta er eina sjoþpan hérna á stóru svæði, fyrir utan Vikivaka sem er á Barónsstíg. Svo er reyndar önnur í Bankastræti en hún hefur verið stíluð inn á túristana.“

Þannig að fólk kemur til ykkar til að komast í þessa gömlu stemningu?

„Já, fólk gerir það. Sérstaklega eldra fólkid úr hverfinu sem kemur á morgnana, les blöðin, spjallar og fær sér kaffi.“



# LU REYKJAVÍK

## UPPRUNALEGIR STÓLAR OG INNRETTING

Rakarastofa feðganna Ragnars og Harðar stendur við Vesturgötu 48 í húsi sem er orðið meira en aldar gamalt. Stofan var stofnuð árið 1957 og hét þá Rakarastofa Harðar og Trausta. Ragnar Heiðar Harðarson tók við rekstrinum fyrir tólf árum.

„Stofan hefur ekki tekið miklum breytingum en hún sneri öðruvísi þá. Stólarnir eru upprunalegir og innréttingin, en vitaskuld hefur verið skipt um spegla og aðra smáhluti.“

Faðir hans, Hörður Þórarinnsson, var þekktur rakari og hafði marga fastakúnna, ráðherra og fleiri.

„Hann byrjaði sextán ára og stóð við stólinn í sextíu ár,“ segir Ragnar.

*Hvað var hér áður?*

„Hér var eitt sinn saumastofa, búð Silla og Valda var hérna líka. Á stríðsárunum var hérna kaffihús eða sjoppa. Þessi hluti af húsinu er byggður 1915 eða 1916 og það hefur alltaf verið rekstur hérna.“



Rakarastofa Ragnars og Harðar Ráðamenn og fleiri hafa verið fastagestir.



Upprunalegt Innréttingarnar frá 1957.



75 ár við Laugaveg 76 Stofnuð af Þórarni Kjartanssyni.

## AFI BYGGÐI HÚSIÐ

Við Laugaveg 76 stendur ein af langlífustu verslunum landsins, Vinnufatabúðin. Hún var stofnuð af Þórarni Kjartanssyni fyrir 75 árum og hefur haldist í fjölskyldunni síðan. Síðan 1997 hefur Þorgeir Daníelsson, barnabarn Þórarins, rekið verslunina.

„Hann byggði húsið sjálfur, með tíu börn og allt saman,“ segir Þorgeir. Í upphafi seldi verslunin fatnað fyrir vinnu en hefur síðan fært sig yfir í fatnað af ýmsum toga. Sjálfur hefur Þorgeir staðið við búðarborðið í meira en hálfa öld. Margt hefur þó breyst innan búðarinnar, svo sem innréttingarnar.

„Þetta er með eldri búðunum hérna. Guðsteinn er aðeins eldri og Brynja.“

*Það eru einhverjar ástæður fyrir því að verslun getur lifað svo lengi?*

„Já, sjálfsagt margar,“ segir Þorgeir.

Áður en Þórarinn stofnaði Vinnufatabúðina rak hann gúmmívinnustofu og um tíma voru Liverpool og Höfði með rekstur á jarðhæðinni.



Vinnufata búðin Selja nú alls kyns fatnað.

EIGUM MARGA LITI Á LAGER

ÁLKLÆÐNINGAR & UNDIRKERFI

HANNAÐ FYRIR ÍSLENSKT VEÐURFAR

**MÁLMTÆKNI**  
ÁL • STÁL • PLAST

Nánari upplýsingar á [mt.is](http://mt.is) og í s: 580 4500



# SAKAMÁL



**27.** september, 2002, lýsti Ástralinn Robert Joe Wagner sig sekan um þrjú morð. Hann var ákærður fyrir tíu morð sem óstjórnlegt hatur í garð samkynhneigðra hafði fengið hann til að fremja. Þegar upp var staðið var hann einnig sakfelldur fyrir hin sjö morðin. Upp komst um morðin 20. maí, 1999, þegar líkamsleifar átta fórnarlamba fundust í sýrubaði í tunnum í leiguhúsnæði, í Snowtown, sem fyrr meir hafði hýst banka. Wagner hafði ekki verið einn að verki og þrír vitorðsmenn hans voru ákærðir og fengu einnig dóma fyrir morð, eða aðstoð við slíkt. Wagner fékk tífdalán lífstíðardóm án möguleika á reynslu-lausn þann 8. september 2003.

# FIMM MANNNA MAKI

■ Fimm eiginmenn ■ Fimm dauðsföll ■ Var Betty óheppin eða klók?

**B**andaríska amman Betty Neumar var annaðhvort forhert „svört ekkja“ eða einstaklega óheppin hvað eiginmenn áhræði. Ólíklegt er að nokkurn tímann verði hægt að fullyrða um hvort var að ræða. Betty, sem fæddist árið 1931 í Ohio, giftist sínum fyrsta manni árið 1950 og átti eftir að eiga fimm eiginmenn þaðan í frá. Sjálf dó Betty árið 2011 úr krabbameini, 79 ára að aldri, og þegar þar var komið sögu biðu hennar réttarhöld vegna dauða fjórða eiginmanns hennar, Thomasar Harolds Gentry.

## Skotinn eftir að hjónabandi lauk

Fyrsti eiginmaður Betty hér Clarence Malone. Þau gengu í hjónaband árið 1952, þau eignuðust einn son, Gary, og skildu árið 1952. Clarence gekk tvisvar sinnum í hjónaband eftir að hann og Betty skildu. Löngu síðar, í nóvember 1970, var hann skotinn til bana fyrir utan bifreiðaverkstæði sitt í Cleveland. Um morð var talið að ræða, en ekki hvað, en Betty var, kannski eðlilega, ekki talin tengjast því. Morðinginn fannst aldrei.

## Skotinn eða fraus í hel

Ekki er ljóst hvenær Betty giftist öðrum eiginmanni sínum, James Flynn, en hann gekk Gary í fæðingurstað og ættleiddi hann. Litlum sögum fer af því hjónabandi, en þó liggur fyrir að þau eignuðust dóttur, Peggy. Hjónabandinu lauk þegar Flynn var skotinn til bana á ónefndri bryggju í New York árið 1955.

Reyndar segir sagan að síðar meir hafi Betty haft nokkrar útgáfur á takteinum um dauða

Flynn; hann hafi einfaldlega dáðið á bryggju, hann hafi dáðið í bifreið á óljósum stað og að hann hafi frosið í hel.

## Rifrildi og sjálfsvíg

Þá var röðin komin að þriðja eiginmanninum, Richard Sills. Betty kynntist honum einhvern tímann upp úr 1960 þegar hún vann á snyrtistofu í Jacksonville í Flórída. Sills var sjóliði í bandaríska sjóhernum. Í apríl, 1967, var lögreglan kölluð að heimili hjónanna í Big Coppitt Key. Þá var Sills liðið lík í svefnherbergi heimilisins, skotinn til bana. Betty sagði að þau hefðu verið ein heima, rifist og hún hefði ekki vitað fyrir en hann greip byssu og skaut sjálfan sig. Dauði hans var úrskurðaður sjálfsvíg.

## Væn líftrygging

Eiginmaður númer fjögur var Thomas Harold Gentry. Betty giftist honum árið 1968 og þegar Gentry, sem var í bandaríska hernum, settist í helgan stein, undir lok áttunda áratugarins, fluttu þau til Norður-Karólínu.

Að sögn Als, bróður Gentry, einkenndist hjónabandið af stöðugu rifrildi. Gentry fannst skotinn til bana á heimili þeirra hjóna árið 1986. Hann hafði verið skotinn mörgum sinnum.

Al sagði að áður en bróðir hans var myrtur hefði Betty beðið hann að flytja af heimilinu, en hvað sem því líður þá fékk hún greidda út líftryggingu hans, 20.000 dali. Morðinginn fannst aldrei.

## Brenndur þrátt fyrir önnur plön

Talandi um líftryggingu; fimmti og síðasti eiginmaður Betty, John Neumar, var einnig líftryggður.



**Harold Gentry** Betty entist ekki líf til að standa skil á dauða hans.

Þau giftust árið 1991 en Betty hafði kynnst honum eftir að hún flutti til Augusta í Georgíu-fylki.

Að sögn fjölskyldu Neumar þá einangraði hún John frá öllum hans ættingjum. Svo hart gekk Betty fram í því, að ættingjar Neumar lásu um andlát hans í blöðunum.

Talið var að banamein Neumar hefði mátt rekja til blóðeitrunar, blóðþurrðar í görnum og stíflu í þörmum, en við nánari skoðun þá gátu einkennin einnig bent til arsenikeitrunar. Þegar sá grunur vaknaði var ekki hægt að ganga úr skugga um það, því þrátt fyrir að Neumar hefði gert ráðstafanir til að verða grafinn, og meira að segja tryggt sér legstað, þá var lík hans brennt.

## Leitaði til leigumordingja

Al, bróðir Thomasar Harolds Gentry, og John Neumar yngri, sonur síðasta eiginmanns Betty, grunuðu báðir Betty um græsku varðandi dauðdaga annars vegar bróður síns og hins vegar föður. Þeir höfðu víðað þær grunsemdir sínar við lögreglu. Slíkt hið sama



**Betty Neumar** „Svört ekkja“ eða einstaklega óheppin.

## Hjónabandinu lauk þegar Flynn var skotinn til bana á ónefndri bryggju í New York árið 1955

hafði Michael Sills, sonur þriðja eiginmanns Betty gert.

Það eina sem kom út úr því öllu saman var að Betty var ákærð fyrir að hafa í þriggung reynt að ráða einhvern til að bana Harold. Í júlí, 2008, var Betty einnig ákærð fyrir að hafa reynt að ráða leigumordingja til að koma Neumar

fyrir kattarnef. Betty hafði meðal annars sett sig í samband við fyrrverandi lögreglumann og einnig nágranna sinn með það fyrir augum.


Sem fyrr segir þá var aldrei rétt að yfir Betty og ólíklegt að sannleikurinn komi nokkurn tímann í ljós. ■

# ÓSAL

## Varahlutaverslun og þjónusta

ÓSAL VARAHLUTAVERSLUN

TANGARHÖFÐA 4 | www.osal.is  
110 REYKJAVÍK | osal@osal.is  
SÍMI 515 7200 | FAX 515 720



Ósal sérhæfir sig í þjónustu og varahlutasölu í aftanivagna af öllum gerðum. Allt frá ljósaperum upp í vagnöxla.

Ásetning á bremsuborðum. Bilanagreining í bremsukerfum vagna. Stilling á loftventlum. Sérpantanir á varahlutum.



*JS Watch co.*  
REYKJAVIK

# KLASSÍSK ÍSLENSK ÚR

FYRIR ÖLL TÆKIFÆRI



## Úrsmíðameistari okkar missir aldrei einbeitinguna

Vegna annálaðrar einbeitingar, nákvæmni og 45 ára reynslu, tryggir úrsmíðameistarinn gæði íslensku úranna. Gilbert Ó. Guðjónsson úrsmíðameistari og alþekktur fagmaður grandskoðar hvert einstakt úr áður en það yfirgefur verkstæði okkar.

JS úrin eru íslensk hönnun og framleiðsla, sett saman á úrsmíðaverkstæði Gilberts, þar sem viðskiptavinir geta komið og hitt úrsmiðina sem setja saman úrin þeirra.

Úrvalið af JS úrum hefur aldrei verið meira og ættu flestir að geta fundið íslenskt úr við sitt hæfi en úrvalið má skoða á vefsíðu [www.gilbert.is](http://www.gilbert.is) eða [www.jswatch.com](http://www.jswatch.com).

**GILBERT**  
ÚRSMÍÐUR  
Laugavegi 62 - sími: 551-4100



# HÉR BÚA TÍSKUDROT

Ragna Gestsdóttir  
ragna@dv.is



**DV** heldur áfram að skoða hvernig fulltrúar hinna ýmsu stétta hafa komið sér fyrir á fasteignamarkaði. Áður hefur DV skoðað hvernig stjórnendur bankanna búa, sem og fulltrúar launþega, stjórnendur lífeyrissjóðanna og forstjórar hinna ýmsu stórfyrirtækja.

Í þetta sinn er komið að þeim sem skapað hafa tísku landsmanna, margir til fjölda ára, hönnuðum og/eða eigendum hinna ýmsa tískuverzlana landsins.

DV fletti upp á heimilum tíu einstaklinga og kaupverði eignanna. Kennir þar ýmissa grasa. Athygli vekur að flestir þeirra velja að búa í miðbæ Reykjavíkur, enda eru nokkrar verslananna staðsettar þar, og/eða hófu starfsemi sína þar.

Hæsta kaupverðið á tískuheimili var 105 milljónir króna en lægsta kaupverðið var tæplega 23 milljónir króna. Hafa verður í huga að hæsta verðið var greitt 2013, en hið lægsta 2004. Nokkur stærðarmunur er á eignunum, stærsta tískuhúsið er heilir 617 fermetrar og það minnsta er 87 fermetrar að stærð.



**Lindargata 25** Kormákur Geirharðsson, annar eigenda Kormáks & Skjaldar, og kona hans, Dýrleif Ýr Örlygsdóttir, búa í fallegu 236 fermetra húsi sem

byggt var árið 1906. Kormákur keypti fyrsta hluta hússins árið 1993, og síðan hafa þau eignast allt húsið sem er á þremur hæðum. Falleg eign á frábærum stað í hjarta miðbæjarins.

## HAGBLIKK



Brotna ekki

Ryðga ekki

## Álpakrennur & niðurföll

Litir á lager:  
Svart, hvítt, ólitað, rautt, silvurgrátt og dökkgrátt

Smiðjuvegur 4C - 202 Kópavogur - S 587 2202



**Lindargata 37** Marta Árnadóttir, önnur systuranna sem eiga og kenndar eru við Vero Moda/Best Seller-veldið, býr á áttundu hæð í Skuggahverfinu, en blokkin var byggð árið 2010. Íbúðin er 198 fermetrar, keypt í desember 2013 og var kaupverðið 105 milljónir króna. Glæsileg eign með frábæru útsýni yfir miðborgina, sjóinn og Esjuna.



**Kvistaland 1** Svava Johansen, sem ávallt er kennd við 17, býr ásamt manni sínum, Birni K. Sveinbjörnssyni, í 441 fermetra húsi sem byggt var árið 1973. Húsið keyptu þau í ágúst 2008 og var kaupverðið 110 milljónir króna. Falleg eign í náttúrufergurðinni í Fossvogsdal.



**Rauðagerði 51** Hjónin Kristín Birgisdóttir og Heiðar Sigurðsson, eigendur Felds, búa í 305 fermetra húsi sem byggt var árið 1981. Húsið keyptu þau af Eimskipafélaginu árið 1992 með makaskiptum. Glæsileg eign í Gerðunum.



# TNINGAR OG KÓNGAR



**Njálsgata 15A** Jón Davíð Davíðsson, annar eigenda Húrra Reykjavíkur, keypti sér 87 fermetra íbúð í mars 2018 í fallegu húsi í miðbænum. Kaupverðið var 48 milljónir króna. Skemmtileg staðsetning á nýlega uppgerðu húsi.



**Haukanes 13** Lilja Hrönn Hauksdóttir, sem ávallt er kennd við Cosmo, býr ásamt manni sínum, Jakobi Frey Jakobssyni, í glæsilegu 517 fermetra húsi

sem byggt var árið 1980. Húsið keyptu þau í júlí árið 1995 og var kaupverðið 28,7 milljónir króna. Glæsileg eign á Arnarnesinu.



**Grenimelur 10** Jóhann Guðlaugsson, eigandi Geysis, býr ásamt konu sinni, Rákel Þórhallsdóttur, í 278 fermetra húsi, sem byggt var árið 1945. Húsið keyptu þau í mars 2016 og kaupverðið var 100 milljónir. Frábær staðsetning í vesturbænum, stutt á KR-völlinn, í Melabúðina og í miðbæinn.



**Guðrúnargata 9** Heba Björg Hallgrímsdóttir, eigandi Absence of Colour, leigir íbúð að Guðrúnargötu 9. Góð staðsetning, með Klambratún hinum megin við götuna og miðbæinn innan seilingar.



**Grundarstígur 3** Skjöldur Sigurjónsson, annar eigenda Kormáks og Skjalda, býr ásamt konu sinni, Ísold Grétarsdóttur, í 161 fermetra húsi, sem byggt var árið 1913. Húsið keyptu þau í september 2014 og var kaupverðið 22,9 milljónir króna. Skemmtileg eign í Þingholtunum.



**Fjölnisvegur 10** Helga Árnadóttir, önnur systranna, sem eiga og kenndar eru við Vero Moda/Best Seller-veldið, býr í glæsilegu 617 fermetra húsi, sem byggt var árið 1935. Húsið keypti hún með fyrrverandi manni sínum, Grími Alfreð Garðarssyni, í apríl 2005. Einstök eign stutt frá Landspítalanum og Hallgrímskirkju.




**VEISLUR**  
**ÁRSHÁTÍÐIR**  
**RÁÐSTEFNUR**  
**SKEMMTISTAÐUR**  
**MATSÖLUSTAÐUR**

Ráin er alhliða veitingahús í hjarta Reykjanesbæjar





# Helgarkrossgátan



	→									snugga	storm
										óvissu	
										fram	
										kemst	draslinu
										3 eins	
krossgátugerð: Bjarni sími: 8452510	↓	skýið	mjaka	hrun	Teikning: Halldór Andri eftirprentun bönnuð	eytt	fanga	dok			
áttin								2 eins	5		áttund
fugla											dauflega
freri			fugl frí								kyrr sterti
drukkin										fugl	1 9
kona											stéttina völu 2
nöldur		7									elska væl ánægjan
	↓	skjögra sakka									
varma			múli frjálsar								fjúk
fautanum											misgruna 3 eins
aginn											krydd strolla 3
			tvístiga 4								bein drykkur
	↘										
íðka											folald stýri
fisk											verkfærin garmur
		ídyfa		dugur							gnauða
hnuplar											tókst fugl 6
			2 eins	8							vagga lituð þegar
gluggi											úrkomu
þoka											áreitir til

1	2	3	4	5	6	7	8	9
---	---	---	---	---	---	---	---	---

# Sudoku

## Auðveld

1	8		2	3		6		
2	6	9	4			1		
		7	1		6		8	
8					2		7	
9		3		5		8		1
5				1	9	3		
6		4						
				7				9
	9				3	2		

## Erfið

	9		1		2		
		3	8		7		4
			7	9		5	
							3
	4		3				7
			9		8	1	
9				6	2		8
4	7					6	
6	1						

# Verðlaunagáta

**Helgarkrossgátan inniheldur lausnarorð.**  
Lausnarorð skal senda ásamt nafni og símanúmeri á netfangið [krossgata@dv.is](mailto:krossgata@dv.is)



## FORLAGIÐ

Vinningshafi krossgátu síðustu helgar er ...

**Þorfinnur Finnsson**  
**Ástúni 2**

**200 Kópavogi**  
Lausnarorðið var **JÓLAKÖTTUR**  
**Þorfinnur hlýtur að launum**  
**bókina Hundakæti – dag-**  
**bækur Ólafs Davíðssonar**

### Dag einn í desember

Höfundur: Josie Silver  
Laurie trúir ekki á ást við fyrstu sýn því lífið er ekki bíómynd. En dag einn í desember, þegar hún er á heimleið með strætisvagni, kemur hún auga á hann í gegnum móðuna á rúðunni; hinn eina rétta. Hann mætir augnaráði hennar, andartakið er þrungió töfum – en svo ekur vagninn af stað. Laurie eyðir heilu ári í að leita hans – og finnur hann um næstu jól, þegar besta vinkona hennar kynnir nýja kærastann sinn fyrir henni.  
Laurie reynir að láta lífið halda áfram og í tíu ár skarast leiðir þeirra Jacks gegnum vináttu og ástarsambönd, hjartasorgir og glötuð tækifæri, afneitun og erfiðleika. Saga þeirra er skemmtileg, hjartnæm og grípandi ástarsaga um örlög sem tvinnast



**Í verðlaun fyrir gátu helgar-**  
**blaðsins er bókin Dag einn í**  
**desember**

vegi hamingjunnar.  
Josie Silver skrifar um rómantik og ást og skammast sin ekkert fyrir það. Hún kynntist manningnum sínum þegar hún steig á fótinn á honum á afmælisdaginn hans og býr nú með honum í breskum smábæ ásamt tveimur ungum börnum þeirra og ketti. Dag einn í desember er fyrsta skáldsaga hennar og hefur þegar verið seld til margra landa.  
Herdis Hübner þýddi.



# Ertu að fara til New York í fyrsta sinn?



Þessir staðir eru ómissandi

Auður Ösp Guðmundsdóttir  
audur@dv.is



Óhætt er að fullyrða að New York sé borg sem allir verða að heimsækja að minnsta kosti einu sinni. New York hefur eitthvað fyrir alla, sama hver maður er, hvaðan maður kemur eða hverju maður hefur áhuga á. Hér má finna yfirlit yfir nokkra staði sem verða að teljast ómissandi fyrir þá sem eru að heimsækja Stóra eplið í fyrsta skipti. Rétt er þó að benda á að eingöngu er einblínt á Manhattaneyju og listinn er engan veginn tæmandi, enda dugir varla ævin til að uppgötva borgina. New York er ein af þeim borgum sem hægt er að heimsækja aftur og aftur.

Það liggur beinast við að fyrsti áfangastaðurinn sé Times Square, miðpunktur leikhúsa-, bíóhúsa- og skemmtanahverfisins og eitt helsta kennileiti borgarinnar. Upplifunin er einfaldlega ómissandi. Háhýsin, mannmergðin og risavaxin auglýsingaskiltin fá þig til að finnast sem maður sé staddur í nafla alheimsins, og eftir að rökka tekur breytist svæðið í einhvers konar neonlyósadraumheim. Í hliðargötunum má finna flest stærstu Broadway-leikhúsin og það er í raun sama hvað mann langar að gera gera, sjá, borða eða drekka. Allt er innan seilingar.

Búðaráp er ómissandi í hugum margra Íslendinga en í raun er ekki hægt að benda á eitt ákveðið svæði í New York, heldur á hvert

hverfi í borginni sitt eigið verslunarhverfi. Í kringum Times Square má finna flestar af þeim verslunarkedjum sem eru vinsælar á meðal Íslendinga. East Village, West Village, Midtown og Soho eru sömuleiðis vinsæl hverfi. Þar má finna vinsælar bandarískar verslanakedjur á borð við Target, Marshalls og JC Penney að ógleymdri Macy's-versluninni frægu. Stórverslanir á borð við Tiffany's, Barneys, Bloomingdale og Saks er síðan að finna á Fifth Avenue.

Heimsókn á 86. hæð Empire State skýjakljúfsins er einnig ómissandi, og þaðan er 360 gráðu útsýni yfir Manhattaneyju. Varla er hægt að finna betri bakgrunn fyrir myndatökur fyrir Instagram eða Snapchat, og nú er einnig hægt að taka lyftuna upp á 102. hæð byggingarinnar. Reynsluboltar mæla með að komið sé snemma að morgni til að fylgjast með sól- arupprás eða seint að kvöldi til að virða fyrir sér sólsetrið, og bóka miða á heimasíðu byggingarinnar, esbnyc.com.

Frelsisstytta á Liberty Island er að sjálfsögðu á listanum en heimsókn þangað getur tekið tvær til þrjár klukkustundir. Til að spara tíma og sleppa við að greiða aðgangseyri og standa í löngum biðröðum, þá er tilvalið að skella sér í ókeypís útsýnisferð með Staten Island-ferjunni.

Hægt er eyða heilu dögum í almenningargarðinum Central Park. Skreppa í lautarferð með nesti og liggja í sólbaði á góðviðrisdögum, fylgjast með götulistamönnum, skella sér í bátsferð á vatninu, leigja hjól eða bara fylgj-



Times Square er ótrúlegur áfangastaður

ast með mannlífínu.

Fjölmenningsarhverfin eru þónokkur í New York og heimsókn í Chinatown svíkur engan. Ljóskerin, kínversku merkingarnar, örtröðin og óskípulagið er óneitanlega framandi upplifun. Viltu kaupa lifandi skjaldböku eða fá þér ferskan ál í hádegismat? Á hverju horni er að finna undarlegar sérverslanir, lítil kínversk apótek og þá þarf vart að nefna veitingastaðina og kaffihúsin. Eftir heimsókn í Kínahverfið er síðan tilvalið að heimsækja Little Italy sem er í næsta nágrenni og fá sér alvöru „gelato“ eða pítsusneid og rauðvínsglas.

Það er enginn skortur á söfnum í New York og líklega verður að teljast óraunhæft að ætla að heimsækja þau í einni ferð. Þau listasöfn sem líklega teljast með þeim allra vinsælustu eru The Metropolitan



Það er ómissandi að heimsækja Chinatown í New York

Museum of Art, The Museum of ModernArt (Moma) og Guggenheim. Önnur vinsæl söfn eru American Museum of Natural History, sæðyrasafnið New York Aquarium að ógleymdu Minningarsafninu 9/11 Memorial & Museum sem byggt var í kringum rústir World Trade Center.

Íþróttadæðendur verða að sjálf-sögðu ekki sviknir af heimsókn á einn frægasta leikvang heims, Madison Square Garden. Varla er til betri leið til að upplifa sig eins og heimamann með því að fara á alvöru amerískan hafnaboltaleik með New York Knickerbockers eða „The Knicks.“ ■



Sjáðu úrvalið á [goddi.is](http://goddi.is)  
Sauna- og gistitunnur

**GODDI.IS**

AUÐBREKKU 19 - KÓPAVOGI - S. 544 5550



# GÓÐ ÞJÓNU



**SVO ALLT  
GANGI  
SMURT**



**KÍKTU Í KEMI OG SKOÐAÐU ÚRVALIÐ!**



# STA Í 20 ÁR



**kemi**

Tunguhálsi 10 • [www.kemi.is](http://www.kemi.is)



# Nýtt samstarf Bomarz og Svölu Björgvins

## Vítamínsþrauta í íslensku tónlistarsenuna

Tónlistarfólkið Bjarki Ómarsson (Bomarz) og Svala Björgvinsdóttir hafa átt gott samstarf í tónlistinni. Í vikunni gáfu þau út nýtt lag og myndband, Skin 2 Skin, þau eiga lag í Söngvakeppni Sjónvarpsins í ár og fleiri verkefni eru á döfni.

Guðni Einarsson  
gudnieinarsson@dv.is



Við Bjarki höfum þekkt í nokkur ár og byrjuðum að semja tónlist saman fyrir ári. Við sömdum lag saman fyrir bandið hans The Retro Mutants sem heitir Falling For You og kom út fyrir áramót, þar syng ég með Viktori, sem er söngvarinn í bandinu. Svo er Bjarki í minni hljómsveit, sem spilar undir hjá mér á flestöllum giggum. Ég er með fjögurra manna geggjað band og Bjarki er trommari og tónlistarstjóri í bandinu mínu. Okkur finnst gaman að vinna saman og eigum eftir að gera mikið meira af því í framtíðinni," segir Svala.

Verkaskiptingin hjá þeim er þannig að þau semja laglínur og texta saman. Síðan sér Bjarki um að pródúsera og taka upp raddir og að mixa lagið líka. Lagið Skin 2 Skin, Bomarz ft. Svala kom út núna í vikunni.

„Lagið fjallar um glænýja ást sem heltekur mann. Allar þær brjáluðu og skemmtilegu tilfinningar sem blossa upp þegar maður er ástfanginn," segir Svala og aðspurð segja þau að þau muni semja meira saman, en plata sé þó ekki á leiðinni.

Samstarfið leiddi einnig til þess að þau eiga lag í Söngvakeppni Sjónvarpsins, Nú og Hér, sem Þórdís Imsland syngur, hvernig kom það til?

„Ég var reyndar beðin um að semja lag fyrir Söngvakeppnina í ár og ég hringdi þá bara strax í Bjarka og bað hann að koma með í það verkefni. Það hefur gengið bara nokkuð vel að búa til lagið, við Bjarki erum samt bæði með sterkar skoðanir og rökræðum mikið um lagasmíðar og „production“. Erum stundum eins og systkini þegar kemur að því að semja tónlist saman. Förum stundum að rífast um tónlistina því við erum með mikla ástríðu fyrir lagasmíðum og tónlistarstefnum. En það er bara hollt og gott að lætur mann bara vinna harðar og betur," segir Svala.

„Nei, aldrei. Ég er búin að keppa sem flytjandi og ég vil að aðrir fái tækifæri til að spreyta sig," segir Svala aðspurð hvort að það hafi ekki komið til greina að hún flytti lagið sjálf. „Ég samdi til dæmis The Wiggle Wiggle Song fyrir Haffa Haff í Söngvakeppninni 2008 og ég gerði það bara vegna þess að það var hans draumur að keppa í þessari keppni. Það er svipað uppi á teningnum núna

því ég vissi að það var langþráður draumur hjá Þórdísi að keppa og þess vegna var fullkomið að láta hana fá lagið.“

Svala er öllu þekktari í tónlistarbransanum en Bjarki, en hún er búin að syngja síðan hún var barn að aldri, fyrst með föður sínum, Björgvini Halldórssyni, og síðan sóló og með hljómsveitinni Steed Lord og fleiri sveitum. En hver er Bjarki Ómarsson (Bomarz)?

„Ég ólst upp í Árbænum og áhuginn á tónlist vaknaði snemma, þar sem það var alltaf tónlist á heimilinu. Ég hef tónlistargenin klárlega frá pabba, Ómari Einarssyni gítarleikara," segir Bjarki, sem er stofnandi og meðlimur eitts hljómsveitarinnar The Retro Mutants.

„Hljómsveitin er project sem er í miklu uppáhaldi hjá mér, enda alveg bullandi eitis. Við höfum verið að gera nýtt eitis í stað þess að reyna að finna upp hjólið. Mæli algjörlega með því að fólk kíkí á Spotify og kíkí á okkur.“

Þú ert mikill aðdáandi eitts sándsins. Hvað er það sem heillar þig mest við þann hljóðheim og filing?

„Ég er algjör eitis fíkill og innblásturinn kemur héðan og þaðan, aðallega þaðan, en samt stundum héðan líka," segir Bjarki og hlær. „Nei, ég segi svona, það eru klárlega tilfinningar, tónlist er bara tjáning eins og hvert annað listform.“

Bjarki hefur verið edru í þrjú ár og segir það hafa haft mjög góð áhrif á lífið. „Auðvitað er það ekkert alltaf eitthvað auðvelt, en lífið á ekkert endilega að vera það alltaf. Ég var mjög hömlulaus þegar kom að hugbreytandi efnum svo að ég er mjög þakklátur í dag fyrir að hafa tekið mig á. Ég áttaði mig ekki fyrr en löngu seinna á að ég var bara að flýja raunveruleikann.“

Þú gerðir nýlega lag, San Fransisco, með tónlistarkonunni Kinne Lane. Hvernig kom það samstarf til?

„Það var ótrúlega skemmtilegt og óvænt, umbodsmáðurinn hennar hafði samband við mig í gegnum Instagram og sagðist fíla hljómsveitina mína The Retro



Bjarki, Johann Stone, sem gerði remix við lagið, Svala og Pétur Eggerz, sem gerði myndbandið við lagið.



Mutants sem ég sem og pródúsera fyrir og hann vildi þá endilega að ég semdi einhver lög með Lane fyrir plötuna hennar. Ég auðvitað sló til og hef verið að stússast í alls konar með henni, þar á meðal í San Francisco.“

Bjarki hefur einnig unnið mikið með spænska upptökustjóranum Iago Pico og farið í nokkrar ferðir til Spánar í hljóðver. „Já, ég kynntist þeim Iago Pico, eiganda Poul- and Studios, og Michel Sult gítarleikara í gegnum netið. Það voru góð kynni, mikið stúss og góðar minningar. Hef bæði samið með þeim og spilað session trommur fyrir þá ásamt því að hafa unnið í öðru með þeim.“

Líkt og áður segir eiga þau lag í Söngvakeppninni í ár, en hvernig varð Þórdís Imsland fyrir valinu sem söngkona lagsins?

„Ég kynntist Þórdísi í The Voice 2016 þegar hún var í Team Svala þar. Við urðum bestu vin- konur bara alveg strax og ég varð ástfangin af hennar rödd um leið og hún byrjaði að syngja. Ótrúlega tær og sérstök rödd og svo er hún yndisleg persóna, falleg að innan sem að utan. Hún var bara alveg fullkomin fyrir lagið. Og ég vissi



að það var búinn að vera draumur hennar svo lengi að keppa í Söngvakeppninni. Þetta er hennar moment og ég er bara þarna til að styðja hana og vera hennar klappstýra. Þórdís var hluti af mínu umboðsteymi í gegnum allt Eurovision-ferlið mitt og hún fór í gegnum allt dæmið með mér og var mín stoð og stytta. Hún fór með okkur til Kiev og var ómetanlegur stuðningur fyrir mig þar. Rosagaman að vera hinum megin við borðið núna og sjá hana í mínum sporum í þetta skiptið. Það gefur mér mikið að sjá hana í essinu sínu," segir Svala.

Hún og Bjarki lofa flottu atriði í keppninni og íslenskur hönnuður er búinn að sérsauma kjól á Þórdísi. Mikið er lagt í atriðin, þau

vilja ekki gefa neitt upp en hvetja fólk til að horfa á keppnina 9. febrúar.

„Það er mikið af geggjuðum lögum og frábærum flytjendum. Mér finnst auðvitað lagið okkar mjög sterkt, Hatari er frábært, Elli Grill og hans teymi er mjög kúl og svo finnst mér lagið hans Friðriks Ómars sjúklega fallegt. Þetta verður rosaspennó og svaka show og allir eru að setja allt sitt í þetta og þá verður keppnin svo skemmtileg," segir Svala.

Það verður gaman að fylgjast með Bjarka og Svölu áfram, en bæði eru með fjölda verkefna framundan bæði saman, og hvort í sínu lagi í samstarfi við aðra. „Spennandi tímar framundan," segja þau. ■




# SUPERBOWL

3. Febrúar

# LEBOWSKI BAR

kl. 23:30



★  
5 Full HD  
Skjávörpar

★  
Sérstök tilboð  
á litlum réttum  
frá 23.00-02.00

  
Patriots

VS.

LOS ANGELES

  
Rams

Lebowski  
BAR

LAUGAVEGI 20A - INFO@LEBOWSKIBAR.IS - S:552-2300





## Lítt þekkt ættartengsl Þingkonan og leikstjórinn

**A**lþingiskonan Þórunn Egilsdóttir hefur setið á þingi fyrir Framsóknarflokkinn síðan árið 2012 og hefur verið formaður þingflokksins síðan 2016. Þórunn og flokksmenn hennar sigla nú lygnan sjó í meirihluta ríkisstjórnar á meðan allt logar stafna á milli hjá stjórnarandstöðunni.

Færri vita að bróðir Þórunnar er leikstjórinn og kvikmyndatökumaðurinn Egill Örn Egilsson. Egill Örn hefur getið sér gott orð í bandarískum sjónvarpsíðnaði þar sem hann gengur undir nafninu Eagle Egilsson. Hefur Egill Örn meðal annars leikstýrt þáttum í sjónvarpsþáttaröðunum CSI: Miami, Arrow, Gotham, Hawaii Five-O og Magnum P.I., svo einhverjar sérur séu nefndar. Undanfarið hefur hann leikstýrt sex þáttum í sjónvarpsþáttaröðinni Lucifer.



## Tvífarar Rokkstjarnan og borgarfulltrúinn

**H**ið nýja útlit Hjalmar Sveinssonar, borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, hefur vakið verðskuldaða athygli. Ekki er loku skotið fyrir að hann hafi sótt innblástur í kvikmyndina Bohemian Rhapsody sem fjallar um feril bresku rokkhljómshveitarinnar Queen.

Aðaláherslan í myndinni er lögð á söngvara og forsprakka sveitarinnar, Freddie Mercury, sem átti litríka og viðburðaríka ævi. Flestir eru sammála um að Mercury hafi verið einn besti söngvari rokksögunnar.

Það yfirvaraskegg sem Hjalmar nú skartar gerir að verkum að hann líkist Mercury eins og hann leit út á núnda áratug síðustu aldar.



# Flýta byggingu varmastöðvar

**M**ikið kuldakast hefur verið undanfarna daga á landinu og hefur það valdið því að notkun á heitu vatni hefur aukist gífurlega. Svo mikil er eftirspurnin að Veitur ohf. hefur hvatt notendur á heitu vatni til að reyna að draga úr notkun. Ástæða þess að fyrirtækið greip til þessara aðgerða er sú að varmastöðvar fyrirtækisins, sem sjá um að notendur fái heitt vatn inn á kerfið, ráða einfaldlega ekki við þessa gífurlegu notkun sem hefur verið undanfarna daga. Ekki var áætlað að byggja nýja varma-

stöð fyrir en árið 2023 en nú hefur verið tekin ákvörðun að flýta byggingu á henni og hefjast framkvæmdir í haust.

Fjöldi ferðamanna er sagður ein megin ástæðan fyrir því að notkun á heitu vatni hefur aukist til muna, en reiknilkön Veitna ohf. reikna ekki með ferðamönnum þegar kemur að útreikningum á mögulegri notkun á heitu vatni. Hefur fyrirtækið eingöngu notast við íbúðafjöldaspár og byggða fermetrafjölda. Árið 2000 notaði hver íbúi á höfuðborgarsvæðinu 368 þúsund lítra af heitu vatni á ári, en



árið 2018 var sú tala komin upp í um 400 þúsund líta á ári. Er því um rúmlega 10% aukningu að ræða. Verði kulddinn ríkjandi áfram hér á

landi mun þurfa að loka á stórnótendur eins og sundlaugar. ■



www.one.is · one@one.is  
sími: 660 8551 · fax: 588 1057



## OneRecords Mála- og skjalakerfi

OneRecords er öflug lausn sem auðveldar fyrirtækjum og sveitarfélögum halda utan um mál sem eru í gangi á hverjum tíma.

Stjórnendur hafa yfirsýn yfir gang mála innan fyrirtækisins og notendur geta á einfaldan máta sótt lista yfir þau mál sem þeir bera ábyrgð á.

## OneQuality



## OnePortal Self-Service

OnePortal er vefgátt sem gerir fyrirtækjum og sveitarfélögum kleift að veita íbúum þjónustu allan sólahringinn, allt árið um kring. Rafrænar innri ferlar eru tengdir við þjónustugátt fyrir íbúa eða viðskiptavinum, þar sem þeir geta afgreitt sig sjálfa á sjálfvirkum máta með innsendingu umsókna og erinda á vef.

Gæðastjórnun á stóran þátt í góðum árangri fyrirtækja. OneQuality er lausn sem auðveldar allt vinnferli við útgáfu og utanumhald gæðahandbókar og skjala.



Þróunarstefna OneSystems styður Moreq2, kröfur evrópulanda um gagnsæi, rekjaleika og öryggi.



Hagkvæmar lausnir með áherslu á rekjanleika, auðveldan aðgang og gagnsæi.



OneSystems bjóða heildarlausn í skjalamálum fyrirtækja og sveitarfélaga og þjónustu við viðskiptavinum og íbúa þeirra

